

skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
16. febrúar 2011
38. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




**Göfugt verkefni**
*Íslendingar eru staddir á Indlandi á vegum Rótarý í þeim tilgangi að útrýma lömunarveiki.*
**tímamót 20**

**Bragðmikil terta**
*Daníel Ágúst sendir frá sér sína aðra sólóplötu í mars.*
**fólk 24**



**Spurs í góðum málum**
*Peter Crouch tryggði Tottenham sigur á AC Milan í Meistaradeildinni.*
**sport 26**

**veðrið í dag**




**STREKKINGUR NV-TIL** af norðaustri og væta en annars hæg austanátt og úrkomulítið, en rigning eða slydda A-til síðdegis. Hiti 0-5 stig.
**VEÐUR 4**



**SNJÓRINN TROÐINN** Frábært veður var í Bláfjöllum í gær. Smá gola og frost um fjórar gráður. Að sögn starfsmanns í Bláfjöllum renndu um fimmtán hundruð manns sér á skíðum þar í gær. Skíðafærið var gott og nóg af snjó. Gert er ráð fyrir að opið verði í Bláfjöllum í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rannsókn meðal unglinga:

## Fylgni milli koffínneyslu og áfengisdrykkju

**HEILSA** Sterkt samband er á milli koffínneyslu íslenskra ungmenna og vímuefnanotkunar. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík gerðu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið í efstu bekkjum grunnskóla landsins árið 2009.

Niðurstöðurnar eru birtar í vísindatímaritinu Journal of Adolescence.

„Áhrif koffíns eru meiri en okkur grunaði,“ segir Álfgeir Logi Kristjánsson, prófessor við Columbia-háskóla í New York, sem var einn þeirra sem stóðu að rannsókninni.

Hann vísar þar í sláandi niðurstöður sem sýna meðal annars að 93 prósent þeirra sem nota koffín daglega reykja á hverjum degi eða hafa orðið ölvuð síðustu 30 daga.

- rve / allt í miðju blaðsins

# Gæti kosið gegn stjórninni

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra útilokar ekki að hann greiði atkvæði með þingsályktunartillögu um að umsókn um aðild að ESB verði dregin til baka. Minnir á orð formanns Vinstri grænna um fyrirvara.**

**EVRÓPUMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, útilokar ekki að hann muni greiða atkvæði með þingsályktunartillögu Unnar Brár Konráðsdóttur og fleiri þingmanna um að draga skuli umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu til baka. Þannig gengi hann þvert gegn stefnu ríkisstjórnarinnar.

Þetta kom fram í gærkvöldi á fundi Jóns með Ísafold, ungliðahreyfingu sem berst gegn aðild Íslands að ESB.

„Nú segi ég eins og pókermaður að við bíðum og sjáum þetta koma fram á Alþingi. En ég vil bara segja að ef þingið metur það svo að umsóknarvinnan sé



JÓN BJARNASON

komin út fyrir þann ramma sem þingályktunartillagan [um umsókn Íslands um aðild að ESB] kveður á um þá á málið að fara til þingsins og stöðvast,“ sagði Jón og vitnaði til fyrirvara sem Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, hélt á lofti í aðdraganda þess að Alþingi samþykkti umsóknina. Fyrirvara þess efnis að leggja megi til á hverju stigi málsins að samningaviðræðum verði hætt.

Jón minnti á að hann væri „eindreginn andstæðingur þessarar umsóknar“ og rifjaði einnig upp „hvernig við greiddum atkvæði á sínum tíma. Þetta er jú þannig mál innan ríkisstjórnarflokkanna þar sem hver og einn fylgir þeirri stefnu sem hann hefur.“

Ráðherra gerði að umræðuefni svör Íslands, sem nýlega voru lögð fram á rýnifundi um landbúnaðarmál, um að í engu yrði íslenska kerfið aðlagað kerfi ESB fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Við viljum ekki semja um undanþágur heldur að það verði ávallt íslensk lög sem ráða því hvernig við ráðum okkar landbúnaði.“

Spurður úr sal þvertók ráðherrann fyrir að utanríkisráðuneytið hefði á einhvern hátt „ritskoðað“ fyrrgreind svör.

Hann sagðist ekki hafa fengið formleg viðbrögð frá ESB við þessum svörum. Þess má geta að um síðustu helgi lýsti sendiherra ESB á Íslandi, Timo Summa, því í viðtali hér í blaðinu að Íslendingum væri frjálst að bíða með að laga sig að kerfi ESB þar til að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni.

Þá sagðist Jón ekki útiloka að Íslendingar gætu haft áhrif á sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB. „En við yrðum ósköp smá,“ sagði hann.

- kóp

Ísland sagt eftirbátur Norðurlanda hvað varðar neyðaraðstoð handa fyrirburum:

## Ísland er eitt án mjólkurbanka

**HEILSA** Af Norðurlöndunum er Ísland eina landið sem ekki hefur komið upp mjólkurbanka þar sem hægt væri að sækja brjóstamjólk handa fyrirburum í neyðartilfellum. Þetta segir Arnheiður Sigurðardóttir, lýðheilsufræðingur og brjóstagjafaráðgjafi. Hún bendir á að hér á landi séu bara 13 prósent ársgamalla barna enn á brjósti, samanborið við 40 prósent í Noregi.

„Brjóstagjöf er svo miklu meira

> Mjólkurbankar ytra hafa breytt viðhorfi til brjóstamjólkur og ýtt undir skilning fólks á mikilvægi hennar.
>
> ARNHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR LÝÐHEILSUFRÆÐINGUR

en bara næring. Brjóstabörn eru miklum mun heilsuhraustari og brjóstagjöf styður tengslamyndun og hreyfiþroska,“ segir Arnheiður og kallar eftir brjóstamjólkurbanka hér á landi.

„Mjólkurbankar ytra hafa breytt viðhorfi til brjóstamjólkur og ýtt undir skilning fólks á mikilvægi hennar. Nú er til dæmis farið að gefa krabbameinssjúklingum erlendis brjóstamjólk og íþróttamenn neyta hennar fyrir leiki, orkunnar vegna.“

- þlg / Allt í miðju blaðsins




Líklega árangursríkasta hárvítamínið á markaðnum í dag
Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1



Glæný og ljúffeng konudagsostakaka bíður þín í næstu verslun

## SPURNING DAGSINS



*Jón, er gaman að vera saman?*

„Já, Ísland brosir."

Jón Steindór Valdimarssson er formaður Sterkara Íslands sem sameinaðist öðrum Evrópusinnum í Já Ísland.

„Hefðu getað látið okkur hanga í verkfalli fram á haust," segir samningamaður í loðnubræðsludeilunni:

# Hættu við verkfall vegna samstöðubrests

**KJARAMÁL** Ekkert varð af verkfalli í loðnubræðslum sem hefjast átti í gærkvöldi. Ástæðurnar eru nokkrar, að sögn Sverris Mars Albertssonar, framkvæmdastjóra Afls á Austurlandi.

Í fyrsta lagi náðist ekki samstaða meðal starfsmanna í öllum loðnubræðslum landsins. Til stóð að halda áfram bræðslu í Þórshöfn og hefja bræðslu í Helguvík og það hefði svipt aðgerðirnar slagkraftinum. Þá var óvíst hvort Færeyingar myndu áfram vinna loðnu, þótt verkalýðsfélög þar hefðu lýst yfir stuðningi við verkfallsaðgerðirnar. Að auki hafi fyrirtæki verið að verða kvótalaus.



SVERRIR MAR ALBERTSSON

„Síðast en ekki síst mátum við það svo að Samtök atvinnulífsins (SA)væru tilbúin að láta okkur vera í verkfalli mánuðum saman," segir Sverrir. Ekkert eitt atriði hafi ráðið úrslitum en í sameiningu hafi þau gert samningsstöðuna mjög slæma.

> Mér finnst dapurlegt að menn hafi ekki staðið í lappirnar og fylgt þessu eftir.
>
> VILHJÁLMUR BIRGISSON
> FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGS AKRANESS

Sverrir segir ljóst að SA hafi ekki ætlað að gefa neitt eftir. „Og ef þeir hefðu ákveðið að fórna þessari loðnuvertíð þá hefðu þeir getað látið okkur hanga í verkfalli fram á haust."

Sverrir segir að áfram verði reynt að semja, án verkfallsvopnsins, en líklega verði ekki samið fyrr en við gerð aðalkjarasamninga. Næsti fundur verði líkast til í næstu viku.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir þetta svartan dag fyrir íslenska launþega. „Mér finnst dapurlegt að menn hafi ekki staðið í lappirnar og fylgt þessu eftir," segir hann. Alþýðusambandið og SA hafi meitlað í stein samræmda launastefnu sem setji alla Íslendinga í „sama láglaunavagninn". - sh

Ákærð fyrir árás á Alþingi:

## Dæmt í máli nímenninga í dag

**DÓMSMÁL Dómur verður kveðinn upp í dag í máli níu manns sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi í árslok 2008, auk annarra brota.**

**Fólkið lenti í ryskingum við lögreglu og þingverði í anddyri þingsins og á þingpöllum þegar það kom þangað til að mótmæla.**

**Nímenningarnir eru meðal annars ákærðir fyrir brot gegn 100. grein almennra hegningarlaga um árás á Alþingi. Lágmarksrefsing fyrir slíkt brot er eins árs fangelsisvist.**

**Nokkur fjöldi hefur til þessa verið viðstaddur þinghöld í málinu. Dómurinn verður kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur klukkan 8.30.** - sh

Hæstiréttur dæmir um lán:

## Fyrirtæki eiga sama rétt á endurreikningi

**DÓMSMÁL** Fyrirtæki eiga sama rétt á endurútreikningi eins og einstaklingar vegna ólögmætra gengistryggðra lána til fasteignakaupa samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar. Frjálsi fjárfestingarbankinn þarf að endurreikna höfuðstól 500 fyrirtækjalána til viðbótar, sem skipta milljörðum.

Félagið Tölvupósturinn tók lán hjá bankanum til húsnæðiskaupa 2007. Ágreiningur þeirra í millum um það hvort lánið hefði verið í íslenskri eða erlendri mynd endaði fyrir dómi, sem hefur nú komist að því að það sé ólögmætt gengistryggt fasteignalán.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir dóminn staðfesta að lög sem sett voru um endurútreikning lána fyrir jól hafi verið hárrétt ákvörðun. - ha

# Dellusafn á Flateyri fyrir áráttusafnara

**Ísfirðingur vill koma upp „Dellusafni" fyrir söfn af ýmsu tagi og vill fá inni þar sem bæjarstjórnarskrifstofur voru áður á Flateyri. Sjálfur er hann fyrrverandi lögreglumaður og á fjölþjóðlegt safn lögreglugripa með 120 einkennishúfum.**

**FÓLK** „Þetta er náttúrlega della," segir Jón Svanberg Hjartarson, safnari á Ísafirði, sem vill koma á fót „Dellusafni" á Flateyri.

Jón Svanberg óskar eftir því við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að fá efri hæðina á gömlu bæjarskrifstofunum á Flateyri undir safnið. Ætlun hans er að þar verði, auk hans eigin lögreglumunasafns, söfn annarra sem safna gripum af öðru tagi. Úr verði eitt allsherjar dellusafn.



JÓN SVANBERG HJARTARSON

„Ég hef áður velt því fyrir mér að koma mínum gripum í safn sem fólk hefði aðgang að en ekkert varð af því. Nú spyrja menn hvað sé til ráða til að bæta úr atvinnuástandinu á minni stöðum og þá datt mér í hug að taka þessa hugmynd fram aftur," útskýrir Jón Svanberg sem vonast til að Dellusafnið verði lyftistöng fyrir Flateyri.

„Það vantar meiri fjölbreytni í afþreyingu fyrir ferðamenn og með þessu væri hægt að búa til allt að einu starfi yfir sumartímann. Það munar um það," bendir Jón Svanberg á.

Áhugann á lögreglumunum segir Jón Svanberg tengjast því að hann hafi verið lögreglumaður í sextán ár þar til hann hætti fyrir um tveimur árum. Áhersla hans sé á einkennishúfur. Hann eigi um 120 slíkar húfur víðs vegar að úr heiminum, lengst að frá Kína. Þá segist hann eiga um eitt þúsund einkennismerki, nokkra búninga og „valdbeitingarbúnað" frá ýmsum tímum, meðal annars frá óeirðunum á Austurvelli 1949. „Hugmyndin þróaðist að lokum út í að koma upp safni um hinar ýmsu dellur, til dæmis fyrir þá sem safna bátalíkönum og ég hef heyrt um einn sem safnar sykurmolum," segir Jón Svanberg. Forsenda fyrir því að málið nái á næsta stig sé að tryggja húsnæði.



> Hugmyndin þróaðist að lokum út í að koma upp upp safni um hinar ýmsu dellur, til dæmis fyrir þá sem safna bátalíkönum og ég hef heyrt um einn sem safnar sykurmolum.
>
> JÓN SVANBERG HJARTARSON
> LÖGREGLUMUNASAFNARI

**FLATEYRI** Fyrrverandi lögreglumaður vill auka fjölbreytni afþreyingar fyrir ferðamenn og skapa umsvif á Flateyri með safni með ýmiss konar einkasöfnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ég veit ekki um neina fyrirséða notkun á húsnæðinu og það gæti hentað," segir Jón Svanberg um aðra hæðina á gömlu bæjarstjórnarskrifstofunni. Bæjarráðið vísaði ósk hans „inn í aðra vinnslu hvað varðar málefni Flateyrar" eins og segir í afgreiðslunni. Hann kveðst ekki átta sig á merkingu þess. „Það er góð spurning. Ég hef fengið jákvæð viðbrögð en ekki svar af eða á og er að bíða eftir frekari upplýsingum frá bæjarráðinu."

gar@frettabladid.is



**EINKENNISHÚFUR** Þessir lögreglumenn voru á útihátíðinni Rauðhettu sumarið 1978.

Komið að afgreiðslu Icesave:

## Greiða atkvæði á Alþingi í dag

**ALÞINGI** Allt útlit er fyrir að atkvæði verði greidd um Icesave-frumvarp fjármálaráðherra á Alþingi í dag.

Þriðja og síðasta umræða fór fram í gærkvöldi og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.



PÉTUR H. BLÖNDAL

Samþykkt var í gær, nær samhljóða, að taka breytingartillögu Péturs H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, um þjóðaratkvæðagreiðslu á dagskrá. Samflokksmaður hans, Sigurður Kári Kristjánsson, sagði hana sambærilega tillögu Hreyfingarinnar nema betrumbætta á ýmsum sviðum.

Guðlaugur Þór Þórðarson var inntur eftir afstöðu sinni til Icesave-málsins. Hann sagðist vilja það í þjóðaratkvæði en gaf ekki upp hvernig hann mundi greiða atkvæði um frumvarpið. - sh

Hærri flugfargjöld hafa áhrif:

## Verðbólga eykst við útsölulokin

**EFNAHAGSMÁL Vísitala neysluverðs hækkar um 0,8 prósent í febrúar að mati greiningardeildar Arion banka. Helstu áhrifaþættir eru útsölulok, sem hækka vísitölu um 0,45 prósent, og hækkun flugfargjalda, sem valda hækkun um 0,14 prósent.**

**Þá er því spáð að eldsneytisverð hækki, þar sem hækkun á bensíngjaldi muni loks koma til framkvæmda.**

**Þó að greiningardeildin spái hækkun næstu mánuði, segir í Markaðspunktum að ekki sé ástæða til svartsýni þar sem hækkanir séu meðal annars árstíðarbundnar.** - þj


## Garðyrkjunámskeið



**Leiðbeinendur**
Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson, garðyrkjufræðingar.



### Matjurtarækt

Tvö fimmtudagskvöld
17/2 og 24/2 kl. 19:00-21:30.

***Verð kr. 12.800.***

### Kryddjurtarækt

Fimmtudagskvöld 24/2
kl. 17:00-18:30.

***Verð kr. 3.900.-***

**Námskeiðin eru haldin í Laugatungu í Grasagarði Reykjavíkur.**

**Skráning og upplýsingar**
**í síma 578 4800**
**og á www.rit.is**
**Sumarhúsið og garðurinn**


Vindmælingar vegna hugsanlegrar nýtingar vindorku hefjast á næstu dögum:

# Mastur rís hjá Búrfellsvirkjun

**ORKUMÁL** Landsvirkjun er að reisa 50 metra hátt mastur fyrir vindmælingar í nágrenni Búrfellsvirkjunar. Framkvæmdirnar eru til að kanna möguleika á nýtingu vindorku á Suðurlandsundirlendinu.

Landsvirkjun er að reisa fjögur möstur til viðbótar á Suðurlandsundirlendinu. Þau eru 10 metra há, en venjulegir vindmælar hér á landi eru á milli 7 og 10 metrar á hæð.

Rán Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun, vonast til að mælingar geti hafist á næstu dögum.

„Mastrið hjá Búrfelli lítur vel út. Það er verið að setja upp mælana og vinnan við að reisa möstur og annað slíkt er í fullum gangi," segir Rán. „Þetta ætti að verða tilbúið á næstu dögum."

Rán segir að rannsóknirnar verði bundnar við Suðurlandsundirlendið til að byrja með. Búist er við því að vindmælingar verði skráðar í eitt ár til þess að ná öllum breytileika vindsins.

Gagnaöflun fer fram með símafjarskiptum og verður hún stanslaus næsta árið.

Rán segir að til að byrja með verði einungis mælt á Suðurlandi. Þó séu margir aðrir staðir sem koma til greina.



**VINDMYLLUR** Vonast er til þess að vindmælingar hér á landi skili þeim niðurstöðum að mögulegt verði að nýta vindorku til orkuvinnslu. MYND/IMAGE FORUM

„Það verður unnið úr þessum mælingum og á þeim grundvelli verða teknar ákvarðanir hvað verður gert," segir Rán. „En við erum bjartsýn á framhaldið." - sv




# við eigum samleið með Evrópu

Við Íslendingar eigum fullt erindi á sameiginlegan vettvang Evrópuþjóða til að taka þátt í að móta framtíð okkar.

Aðild að Evrópusambandinu hefur marga góða kosti í för með sér fyrir okkur á fjölmörgum sviðum.

Við lækkum vexti
Við fáum ódýrari og fjölbreyttari mat
Við fáum betri gjaldmiðil
Við eflum raunverulegt fullveldi
Við eigum auðlindirnar áfram
Við fáum sterkari byggðir og sveitir
Við styrkjum mannréttindi og frið
Við eflum umhverfis- og náttúruvernd
Við sköpum ný tækifæri á fjölmörgum sviðum

**Já við eigum erindi í Evrópusambandið**

Já! ÍSLAND

**Já Ísland** er sameiginlegur vettvangur einstaklinga og félagasamtaka sem eru hlynnt aðild Íslands að ESB enda verði framtíðarhagsmunir þjóðarinnar tryggðir. Auglýsingin er greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða.

Já Ísland - Skipholti 50a, 105 Reykjavík | sími 517 8874
jaisland@jaisland.is

www.jaisland.is | Facebook.com/JaIsland

## GENGIÐ 15.02.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,23 | 117,79 |
| Sterlingspund | 188,09 | 189,01 |
| Evra | 158,6 | 159,48 |
| Dönsk króna | 21,267 | 21,391 |
| Norsk króna | 20,16 | 20,278 |
| Sænsk króna | 18,105 | 18,211 |
| Japanskt jen | 1,403 | 1,4112 |
| SDR | 182,24 | 183,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,1426

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nefndarformaður umhverfisnefndar biðst opinberlega afsökunar á fundarstjórn:

# Vigdís féllst á afsökunarbeiðni Marðar

**ALÞINGI** Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, ætlar að fallast á opinbera afsökunarbeiðni Marðar Árnasonar, formanns umhverfisnefndar Alþingis, og sitja áfram í nefndinni.

Hún gekk af nefndarfundi í gærmorgun og sagði sig síðan úr nefndinni með opinberri yfirlýsingu: „Augljóst er að formaður nefndarinnar beitir mjög mismunandi vinnubrögðum eftir því hvort stjórnarþingmenn eða stjórnarandstöðuþingmenn eiga í hlut," segir þar.

Að sögn viðstaddra gekk það fram af fleiri nefndarmönnum að Mörður greip hvað eftir annað frammí fyrir henni með alls kyns athugasemdum þegar hún hafði orðið á fundi nefndarinnar.


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR


MÖRÐUR ÁRNASON

Við upphaf þingfundar í gær kvaddi Mörður sér síðan hljóðs og sagðist hafa sent Vigdísi tölvupóst þar sem hann bæði hana afsökunar á „harðneskjulegri fundarstjórn". Mörður bað Vigdísi að endurskoða þá ákvörðun að segja sig úr nefndinni.

Vigdís sagði Fréttablaðinu að eftir að hafa rætt málið í þingflokki framsóknarmanna hefði hún komist að þeirri niðurstöðu að sitja áfram í nefndinni undir formennsku Marðar; sú þjónaði hagsmunum Framsóknarflokksins. **- pg**

4.907 börn fæddust í fyrra:

## Aðeins tvisvar hafa fleiri fæðst

**HAGSTOFAN** Aðeins tvisvar sinnum hafa fleiri Íslendingar fæðst en í fyrra. Árið 2010 fæddust 4.907 börn á Íslandi, 2.523 drengir og 2.384 stúlkur, eða 1.058 drengir á móti hverjum 1.000 stúlkum.

Einungis tvisvar áður hafa fleiri lifandi fædd börn komið í heiminn á einu ári. Árið 2009 fæddust 5.026 börn og 4.916 árið 1960.

Meðalaldur mæðra hefur hækkað. Frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur frumbyrja undir 22 árum en er nú 26,6 ár að meðaltali. **- sh**


**VITINN** Nágranni næst vitanum er ósáttur við umferð óviðkomandi um garð sinn.

Misskilningur um Hafnarfjörð:

## Ekki á að gera nýja leið að vita

**SKIPULAGSMÁL** Ekki er rétt sem sagt var í Fréttablaðinu í gær að útbúa eigi nýja leið að vinsælum en umdeildum vita ofan við Hverfisgötu í Hafnarfirði.

Þvert á móti var fallið frá þeirri lausn við gerð nýs deiliskipulags fyrir reitinn sem liggur að vitanum, að sögn Sigríðar Bjarkar Jónsdóttur, formanns skipulagsráðs Hafnarfjarðar.

Sigríður segir bæinn hafa rétt til að fara um lóðina á Hverfisgötu 41 til að komast að vitanum vegna viðhalds og slíks. Hins vegar sé of dýrt miðað við núverandi aðstæður að útbúa gönguleið þar um fyrir almenning. Flestir íbúar í nágrenni vitans telji að auki að ekki eigi að gera aðgang að honum greiðari en hann sé í dag. **- gar**

### FLUGSTÖÐ TIL SÖLU

**Skal flutt af flugvellinum**

53 fermetra farþegaskýli og flugafgreiðsla við Breiðdalsflugvöll á Breiðdalsvík er til sölu. Óska Ríkiskaup tilboða í það. Skýlið er úr áli og tré og var reist 1982. Hægt er að setja það saman og koma fyrir á vörubílspalli.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í frétt í blaðinu í gær að Lilja Mósesdóttir alþingismaður væri í Hreyfingunni. Hún er í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Aukin framlög til að verja kennslustundir

**Borgaryfirvöld íhuga að hækka útsvar til að fjármagna 200 milljóna hækkun framlags til grunnskóla. Segjast verja kennslumagn. Foreldrar enn ósáttir við niðurskurð. Borgin eigi fé í sjóðum sínum og þurfi að forgangsraða fyrir skólabörn.**

**SKÓLAMÁL** Borgaryfirvöld hafa ákveðið að auka fjárheimildir til grunnskólastarfs í borginni um 200 milljónir króna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir yfirstandandi ár. Til greina kemur að fullnýta útsvarsheimildir til að mæta auknum kostnaði.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, segir að með þessu sé tryggt að ekki þurfi að skerða kennslu eða innra starf grunnskóla.

„Við skoðuðum stöðuna og sáum að uppsafnaður vandi síðustu tveggja ára á menntasviði var að birtast," segir Oddný.

„Skólarnir eiga erfitt með að hagræða í innra starfinu, þriðja árið í röð. Því ákváðum við að bregðast nú við og draga til baka að nær öllu leyti fyrirhugaða skerðingu kennslumagns, og bæta í varðandi gæslu og forföll. Í raun erum við því að bæta í, miðað við fjárhagsáætlun fyrir síðasta ár."

Oddný segir þetta þó ekki hafa áhrif á vinnu starfshóps um sameiningar innan skólakerfis borgarinnar, því að ástandið undirstriki enn frekar nauðsyn breytinga. „Nú er lag að þora að fara út í þær kjarkmiklu breytingar sem rætt hefur verið um, til að hægt verði að standa vörð um skólastarfið sjálft."

Aðspurð segir Oddný að til greina komi að hækka útsvarið upp í leyfilegt hámark til að standa straum af kostnaðinum.

„Að mínu mati er það réttlátasta leiðin til að verja skólastarfið að dreifa byrðum á sem sanngjarnastan hátt."

Guðrún Valdimarsdóttir, formaður SAMFOKS, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi viðbót dugi ekki til.

„Þó að við fögnum þeim litlu skrefum sem tekin eru í að leiðrétta þessa ákvörðun, að ráðast á réttindi barna, þá er það svo að ef borgin hefði ekki varið kennsluna væri um gróft lögbrot að ræða."

Guðrún segist ekki sjá hvernig 200 milljónir komi til með að vinna upp þá 250 milljóna kennsluskerðingu sem fyrirhuguð hafi verið.

„Þau eru enn 50 milljónir í mínus fyrir utan það sem þarf til að verja gæsluna. Svo er enn, þrátt fyrir allt, verið að tala um 800 milljóna heildarniðurskurð til menntasviðs, sem er of mikið."

Guðrún bætir því við að skólamál skuli ekki notuð sem afsökun fyrir hækkun útsvars, enda eigi borgin fé í sjóðum. Borgin verði að forgangsraða í þágu barna og unglinga.

**thorgils@frettabladid.is**


**MÓTMÆLI** Leikskólakennarar mótmæltu fyrirhuguðum sameiningaráformum í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Skólagangan:

Samtök foreldra hafa boðað til samstöðugöngu frá Skólavörðuholti niður að Ráðhúsinu fyrir opinn fund sem menntaráð hefur boðað til á morgun. Gangan fer af stað klukkan 16.30.

Tryggja á óhlutdrægni betur:

## Skipa á fagráð útlendingum

**STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun leggur til að fagráð Rannsóknasjóðs verði að hluta skipað erlendum sérfræðingum. Í nýju áliti Ríkisendurskoðunar er sagt að með því megi tryggja betur óhlutdrægni við úthlutun styrkja.**

**Ríkisendurskoðun bendir á að vegna smæðar íslensks vísindasamfélags og tengsla milli vísindamanna sé erfitt að tryggja óhlutdrægni við úthlutun.**

**Rannsóknasjóður starfar á vegum Rannsóknamiðstöðvar Íslands (RANNÍS) og veitir styrki til vísindarannsókna. Í fyrra námu opinber framlög til sjóðsins 815 milljónum króna. - óká**

Réttað yfir forsætisráðherra:

## Berlusconi þarf að svara til saka

**ÍTALÍA, AP** Réttarhöld yfir Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefjast 6. apríl. Það gætu orðið honum að falli, þótt honum hafi til þessa tekist að snúa sér út úr öllum vandræðum vegna hneykslismála og spillingarásakana.


SILVIO BERLUSCONI

Hann var ákærður í gær fyrir að hafa borgað fyrir kynlíf með sautján ára stúlku frá Marokkó. Einnig var hann ákærður fyrir að hafa misnotað stöðu sína til þess að koma í veg fyrir að þetta spyrðist út.

Berlusconi hefur sagt þessar ásakanir tilhæfulausar og kallað réttarhöldin skrípaleik. **- gb**




## VEÐURSPÁ


**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÚRKOMA EYSTRA**
Í vikunni verður úrkoma eystra en nokkuð bjart í öðrum landshlutum. Vindur verður áfram yfirleitt fremur hægur, sérstaklega á morgun, en á föstudag verður allhvasst úti fyrir suðurströndinni. Hiti verður áfram nokkuð svipaður eða í kringum frostmark.



Á MORGUN 3-8 m/s.

FÖSTUDAGUR 10-18 m/s syðst annars 5-10.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 9° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 9° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -6° |
| París | 10° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Hressari




## Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.

## Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu fyrir fólk sem vill njóta efri áranna. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 52973 01/11

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú, eða einhver sem þú þekkir, farið í fegrunaraðgerð?*

| | |
|---|---|
| Já | 48,6% |
| Nei | 51,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú mótfallin(n) frekari virkjunum í Þjórsá?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

## Níu þingmenn standa að þingsályktunartillögu um fyrirbyggjandi rannsóknarheimildir lögreglu:

# Telja lögreglu þurfa auknar rannsóknarheimildir

**LÖGGÆSLA** „Lögregla hér þarf að hafa sömu fyrirbyggjandi rannsóknarheimildir og starfsbræður hennar í nágrannalöndunum.“

Þetta segir Siv Friðleifsdóttir, fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um fyrirbyggjandi rannsóknarheimildir lögreglu. Auk Sivjar standa átta þingmenn úr þremur flokkum að tillögunni.

„Á síðustu árum hef ég fylgst með málefnum lögreglu, bæði fyrir hönd framsóknarmanna og í þinginu almennt,“ útskýrir Siv. „Jafnframt hef ég fylgst með því sem verið er að gera í stjórnkerfinu varðandi skipulagða glæpastarfsemi. Það er alveg ljóst að lengi hefur verið rætt um að það skorti auknar heimildir til handa lögreglu til að fara í þessar fyrirbyggjandi rannsóknir. Þessar heimildir hafa lögreglulið hinna Norðurlandaríkjanna og víðast hvar í Evrópu. Við Íslendingar höfum alltaf viljað trúa því að svona skipulagða glæpastarfsemi reki ekki á okkar fjörur því við séum vernduð hér úti í norðurhafi.“



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Siv segir, að þrátt fyrir þetta hafi sést hér á landi dæmi, sem hafi farið fjölgandi, um skipulagða glæpastarfsemi. Hún kveðst einkum leggja þar áherslu á mansal, sem menn hefðu ekki átt von á að kæmi upp hér þótt reyndin hefði orðið önnur, svo og skipulagðan innflutning á fíkniefnum.

„Almenn skipulögð glæpastarfsemi virðir engin landamæri,“ segir Siv enn fremur. „Við erum í miklu samstarfi við nágrannalöndin og þurfum að geta tekið vel á málum þegar brotamenn fara á milli landa.“ Siv undirstrikar að lokum að skýrt eftirlit þurfi að fylgja beitingu rannsóknarheimildanna. **- jss**



**LÖGREGLAN** Þarf auknar rannsóknarheimildir, segja níu þingmenn.



**TJARNAKLUKKA** Svandís Svavarsdóttir hefur friðlýst búsvæði tjarnaklukku á Hálsum við Djúpavog. MYND/ERLING ÓLAFSSON

Smádýralíf verndað:

## Búsvæði tjarnaklukku friðlýst

**UMHVERFISMÁL** **Búsvæði tjarnaklukku á Hálsum við Djúpavog hefur verið friðlýst. Tjarnaklukka er ein fárra tegunda vatnabjallna sem finnast á Íslandi og hefur hvergi orðið vart á landinu nema á Hálsum ofan við Djúpavog.**

**Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra undirritaði friðlýsinguna nýverið með samþykki sveitarstjórnar Djúpavogshrepps og eigenda jarðarinnar Strýtu við Berufjörð. Með friðlýsingunni varð Djúpavogshreppur fyrstur íslenskra sveitarfélaga til að samþykkja friðlýsingu svæðis til verndar smádýralífi.** **- th**

SKB styrkir Barnaspítalann:

## Þjónustan við börnin bætt

**HEILBRIGÐISMÁL** Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB) hefur ákveðið að styrkja faglegt starf innan Barnaspítala Hringsins. SKB á 20 ára afmæli á þessu ári.

Farið verður í gæðaþróun á þjónustu við krabbameinssjúk börn innan spítalans með það að markmiði að bæta þverfaglega verkferla, allt frá greiningu krabbameins til eftirmeðferðar. **- sv**



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Stefán Thordersen gegndi stöðu öryggisfulltrúa á Keflavíkurflugvelli þegar hann áreitti samstarfskonu kynferðislega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Formaður UMFN ætti að segja af sér

**Formaður UMFÍ segir formann Ungmennafélags Njarðvíkur skyldugan til að segja af sér eftir að dómur taldi sannað að hann hefði áreitt konu kynferðislega. Maðurinn er í leyfi frá starfi sínu hjá Isavia þar til annað verður ákveðið.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), segir að Stefán Thordersen, formaður Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFN), eigi að segja af sér formennsku.

Héraðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu í síðustu viku að Stefán hefði áreitt samstarfskonu sína kynferðislega í vinnutengdri sumarbústaðarferð með því að bera sig fyrir framan hana í heitum potti og reyna að ryðjast nakinn inn í svefnherbergi hennar. Stefán gegnir formennsku í stjórn UMFN.

Helga Guðrún segir að ef sambærilegt mál kæmi upp innan UMFÍ væri það litið afar alvarlegum augum og viðkomandi yrði að öllum líkindum látinn segja upp störfum sínum fyrir félagið.

„Það eru allir saklausir uns sekt er sönnuð, en í þessu tilviki er búið að dæma manninn sekan,“ segir Helga Guðrún.



HELGA GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR

Blátt áfram, samtök sem efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi, voru fyrst sett á fót fyrir alvöru innan UMFÍ. Félagið hélt þá utan um framkvæmd stofnunar Blátt áfram, réð starfsmann og hafði einnig umsjón með fjárframlögum.

Helga Guðrún telur að í ljósi þess að Stefán hafi verið dæmdur sekur í kynferðisbrotamáli sé óviðeigandi að hann gegni starfi sínu áfram innan UMFN. Helga Guðrún hefur sjálf reynt að ná sambandi við Stefán eftir að dómurinn féll, en hann hefur ekki látið ná í sig.

Stefán starfar sem yfirmaður öryggissviðs á Keflavíkurflugvelli. Þar er hann í leyfi frá störfum þar til stjórn Isavia hefur komist að niðurstöðu um framhaldið. Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að enn sé verið að skoða málið. Spurð hvort hún viti hvenær niðurstaða fáist svarar hún: „Finnst þér líklegt að ég fari að tjá mig um það?“

Þegar konan sem Stefán áreitti lét fyrst vita af því innan fyrirtækisins var málið ekki skilgreint sem kynferðisleg áreitni. Stefán var þó áminntur af yfirmönnum.

Hvorki náðist í Stefán, Þórunni Friðriksdóttur varaformann UMFN, né Brynju Vigdísi Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra í gær. **sunna@frettabladid.is**

NLFÍ frestar viðhaldi í eitt ár:

## Iðnaðarmönnum sagt upp

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjórum iðnaðarmönnum hefur verið sagt upp störfum hjá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Hafa þeir sinnt viðhaldi á fasteignum félagsins en því verður gefið frí í eitt ár, eins og Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri HNLFÍ, kemst að orði í samtali við Sunnlenska.

Telur hann að með uppsögnunum og frestun viðhalds spari félagið á milli 20 og 25 milljónir króna.

Uppsagnarfrestur mannanna; tveggja smiða, rafvirkja og málara, er þrír til fimm mánuðir, að sögn Sunnlenska. **- bþs**

Styttist í brúðkaup Vilhjálms:

## Harry verður svaramaðurinn

**BRETLAND** **Vilhjálmur Bretaprins hefur beðið litla bróður sinn Harry um að verða svaramaður í hinu konunglega brúðkaupi sem stendur fyrir dyrum þegar hann kvænist Kate Middleton.**



VILHJÁLMUR PRINS

**Hin verðandi drottning hefur leikið sama leikinn og bað hún systur sína Pippu um að verða brúðarmær. Þetta var tilkynnt í fyrradag, á Valentínusardaginn, en brúðkaupið fer fram 29. apríl næstkomandi.**

**Vilhjálmur fetar þar með í fótspor föður síns sem fékk litla bróður sinn, Andrés, til þess að vera svaramaður þegar Karl giftist Díönu prinsessu árið 1981.** **- mmg**



Tenerife | Almeria | Benidorm - Albir | Lloret de Mar | Barcelona | Orlando

*Heitasta nýjungin í ár!*

# Almería

## El Toyo & Retamar

ÓDÝRUSTU SÆTIN BÓKAST FYRST

SUMAR 2011

ÚRVAL·ÚTSÝN



**Frábært kynningaverð!**

### Hotel Cabogata Garden

★★★★ **7 nætur - ALLT INNIFALIÐ!**

VERÐ FRÁ AÐEINS: **124.148kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu. Verð á mann frá 143.799 kr. m.v. 2 fullorðna. Brottför: 17. júní.

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í viku með morgun-, hádegis- og kvöldverði, snarl milli mála og innlendir drykkir. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

Í Andalúsíuhéraði og skammt frá borginni Almería stendur strandbærinn El Toyo. Nálægt liggur bæjarkjarni sem heitir Retamar en þessir kjarnar liggja nánast saman. Bærinn El Toyo er staðsettur alveg við þjóðgarðinn Cabo de Gata og er allt umhverfi í kringum bæina einstaklega fallegt og snyrtilegt. Bærinn er staðsettur alveg við ströndina og þar eru margar hjóla- og gönguleiðir. Einnig eru þar einstaklega fallegir garðar og leiksvæði fyrir börn. Í miðjum bænum er staðsettur 18 holu golfvöllur. Við torgið Plaza del Mar er að finna fjölda veitingahúsa og fjölda bara. Á Almería svæðinu eru að meðaltali 320 sólskinsdagar á ári.

ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**







**ÞÚSUNDIR MÓTMÆLA Í BAREIN** Konungur landsins lofar að hraða umbótum og heitir rannsókn á dauðsföllum. NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert lát á mótmælum í arabaríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda:

# Konungur lofar bót og betrun

**BAREIN, AP** Þúsundir mótmælenda flykktust inn á aðaltorgið í höfuðborg Barein í gær, á þriðja degi mótmæla sem kostað höfðu tvo menn lífið.

Lögreglan hafði tekið harkalega á mótmælendum en í gær brá svo við að Hamid bin Isa al Khalifa, konungur landsins, ávarpaði þjóðina í sjónvarpi, lofaði því að dauðsföllin tvö yrðu rannsökuð og hét því að hraða umbótum í landinu, meðal annars að losa um hömlur á notkun internets og fjölmiðla.

Her og lögregla virtust halda aftur af sér í gær, þegar mannfjöldinn streymdi inn á Perlutorgið í höfuðborginni Manama.

Mótmælendurnir virðast flestir vera sjía-múslimar, öfugt við konungsfjölskylduna, sem er súnnítrúar. Mótmælendurnir krefjast þess meðal annars að súnní-múslimar, sem eru 70 prósent landsmanna, njóti ekki forréttinda og krefja konungsfjölskylduna um að gefa öðrum kost á að taka þátt í ákvörðunum um landshagi.

Spenna milli súnní-múslima og sjía hefur lengi verið mikil í landinu. Á síðasta ári brutust út nokkurra vikna átök eftir að andóf sjía-múslima var barið niður af hörku.

Ekkert lát er á mótmælaölgu víða í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum í kjölfar mótmælanna í Egyptalandi og Túnis, sem náðu þeim árangri að forsetar þessara tveggja landa hröktust frá völdum. **- gb**

## Íranskir þingmenn vilja aftökur

Hópur reiðra íranskra þingmanna krafðist þess á þingi landsins í gær að leiðtogar stjórnarandstöðunnar yrðu dregnir fyrir dóm og teknir af lífi.

Ahmad Reza Radan, yfirmaður lögreglunnar, hafði sagt að maður sem lét lífið í mótmælum í höfuðborginni Teheran á mánudag hefði verið stuðningsmaður stjórnarinnar. Hann hefði látist þegar einn stjórnarandstöðuhópanna, MEK, hefði hafið skothríð.

Talsmaður þeirra samtaka í Frakklandi sagði þessa ásökun fáránlega.

Mótmælin á mánudag eru fyrstu merkin í meira en ár um þann kraft sem enn virðist búa í stjórnarandstöðu landsins. Öflug mótmæli í kjölfar forsetakosninganna 2009 voru barin niður af stjórnvöldum af fullri hörku.

## Rússar hvetja til varúðar

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagði stjórnvöld Vesturlanda eiga að forðast að hvetja til eða æsa upp mótmæli í Mið-Austurlöndum.

„Við erum sannfærð um að byltingar skili þveröfugum árangri. Við höfum haft fleiri en eina byltingu í Rússlandi og teljum okkur ekki hafa þörf til að þröngva byltingum upp á aðra," sagði hann í Bretlandi eftir að hafa hitt ráðamenn þar.





Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands efna Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Þjóðminjasafn Íslands til fyrirlestraraðar um lýðheilsu fyrr og nú.

**Fimmtudaginn 17. febrúar, kl. 12:00–13:15 í sal Þjóðminjasafns Íslands**

**BARNIÐ Í SAMFÉLAGINU OG VELFERÐ ÞESS FYRR OG NÚ**

Þórólfur Þórlindsson:
Það þarf þorp til að ala upp barn. En hvað með unglinginn?

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir:
Saga bernskunnar í hagfræðilegu samhengi

**Allir velkomnir.**

**Næstu fyrirlestrar í röðinni:**

**24. mars:**
**Þróunarlöndin og þróunarhjálp fyrr og nú**
Maurizio Murru læknir og Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs

**28. apríl:**
**Vísindastarf Hjartaverndar í 40 ár**
Vilmundur Guðnason, prófessor og forstöðulæknir Hjartaverndar

**26. maí:**
**Efnahagsþrengingar og heilsa**
Arna Hauksdóttir rannsóknarsérfræðingur, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir lektor og Unnur A. Valdimarsdóttir dósent

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 110388

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

Tölvuskólinn heim til þín!



# Sérfræðinám
Vorönn 2011

## Cisco Námskeið - CCNA «

Cisco Certified Network Associate (CCNA) gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Námsbrautin er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá CISCO. Um er að ræða mjög gagnlegt og áhugavert nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda.

Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu í tölvu- og netkerfum og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönum sem vilja útvíkka þekkingu sína á netkerfum.

**Hefst 22. febrúar - Lengd: 85 std . Verð kr. 289.000,-**
Innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

## MCTS Kerfisstjórnun - grunnur «

Hér er um að ræða nýtt námskeið sem er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa en ekki síður sem grunnur fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna.

**Námið samanstendur af:**

- Innleiðing og stjórnun á Windows Small Business Server 2008 (50 stundir)
- Uppsetning og rekstur á Windows 7 stýrikerfinu (30 stundir)
- Nethögun, uppsetning,stilling og bilanagreining netkerfa (15 stundir)
- Hópaskipt raunverkefni í lok námskeiðs (15 stundir)

**Hefst 1. mars - Lengd: 110 std.**
**Verð kr. 149.000**

## .NET 3.5 Forritunarnám « – þegar þér hentar

Í samstarfi við nokkra erlenda aðila bjóðum við nú upp á námsleið til undirbúnings nokkurra helstu prófgráða í forritun í Microsoft umhverfi.

**Innifalið í verði er:**

- 3 Microsoft sérfræðipróf (ásamt endurupptöku ef tekið fyrir lok júní 2011)
- Rafrænt námsefni frá Microsoft, bæði staðlað og sérsniðið
- Heilræði varðandi prófaundirbúning (Tips, Tricks & Links)
- Aðgangur að æfingaprófum frá MeasureUp
- Aðgangur að kennurum sem svara samstundis gegnum fjarnámsvef allan tíma sólarhrings.
- Grunnnámskeið í C# og .NET forritun

**Hefst 4. apríl**

**Verð með viðurkenningarprófum – 299.000**
**Verð án grunnnámskeiðs en með prófum– 229.000**

## Önnur sérfræðinámskeið framundan «

- **Exchange Server 2010 -** Hefst 14. mars
- **Microsoft System Center Configuration Manager SCCM** - Hefst 4. apríl
- **Microsoft System Center Operation Manager SCOM** - Hefst 2. maí
- **SQL Server 2008 námsbraut** - hefst 7. mars
- **Hyper-V workshop** - hefst 12. apríl
- **Sharepoint 2010 Uppsetning og rekstur** - hefst 9. maí

**Sjá nánar á vefnum okkar www.tsk.is**



CompTIA. Cisco Systems Microsoft SQL Server 2008

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is



**AFTURENDI** Útlitið á þessari veru er harla torkennilegt, að minnsta kosti frá þessu sjónarhorni sem af einhverjum ástæðum vakti athygli ljósmyndara á hundasýningu í New York í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm samtök Evópusinna sameinast í Já-hreyfingunni:

# Vilja ræða staðreyndir um ESB

**EVRÓPUMÁL** Fimm samtök Evrópusinna hleyptu nýju samstarfsverkefni af stokkunum í gær, undir yfirskriftinni Já Ísland. Markmiðið er að vera „samnefnari fyrir málefnalega umfjöllun og upplýsingamiðlun um aðild Íslands að ESB,“ eins og segir á vef verkefnisins, og „stuðla að því að almenningur geti tekið upplýsta og yfirvegaða ákvörðun þegar að kjördegi kemur“.

Evrópusamtökin, Evrópuvakt Samfylkingarinnar, Sjálfstæðir Evrópumenn, Sterkara Ísland og Ungir Evrópusinnar standa að baki verkefninu.

Jón Steindór Valdimarsson, formaður Sterkara Íslands, sagði að góð stemning hefði verið á fundinum og mikill hugur í fólki.

Hann kvíðir ekki framhaldinu þó að kannanir sýni að meirihluti sé andvígur ESB-aðild.



**EVRÓPUSINNAR** Verkefninu Já Ísland var hleypt af stokkunum í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við trúum því að það þurfi að ræða málin og fara yfir staðreyndirnar til að fólk geti tekið meðvitaða ákvörðun. Ég er sannfærður um að fleiri munu segja já en nei, en hver gerir auðvitað upp sinn hug í kjörklefanum.“ - þj

Landssamtök landeigenda:

# Þjóðareign á auðlindunum

**AUÐLINDIR Efnt verður til málþings um þjóðareign á auðlindum í Harvardsal 2, Hótel Sögu, á morgun. Málþingið verður í kjölfar aðalfundar Landssamtaka landeigenda á Íslandi sem hefst klukkan 14.**

**Á málþinginu, sem hefst klukkan 15.30, ræðir Sigurður Líndal prófessor hvað hugtakið þjóðareign merki. „Þjóðareign og hvað svo?“ spyr Sigurður Tómas Magnússon prófessor í sínu erindi. Sigurður Jónsson hæstaréttarlögmaður fjallar að lokum um meðferð á þjóðareign.** - jss

Vilja auðvelda val á hollustu:

# Skráargatið verði tekið upp

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir Framsóknarflokki og þingmenn annarra flokka hvetja til þess að norræna hollustumerkið Skráargatið verði tekið upp og notað um innlenda matvöru.

Skráargatið er hollustumerki sem Svíar bjuggu til og tóku upp árið 1989. Markmið þess er að auðvelda fólki að velja holl matvæli án mikillar fyrirhafnar. Danir og Norðmenn hafa síðan tekið það upp og Finnar eru að íhuga málið.

Til að fá Skráargatið þarf matvara að uppfylla kröfur um magn tiltekinna hráefna.

Neytendasamtökin, Lýðheilsustöð, Manneldisráð, talsmaður neytenda og umboðsmaður barna hafa hvatt stjórnvöld til að taka merkið upp. - bþs

Barnaklám fannst í tölvu sem var í viðgerð:

# Ákærðir fyrir barnaklám

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært þrjá karlmenn fyrir vörslu á barnaklámi. Þeir eru allir ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Fyrsti maðurinn er ákærður fyrir að hafa um nokkurt skeið fram til miðvikudagsins 16. júní 2010, haft í sinni vörslu tvö myndbönd á hörðum diski í turntölvu á heimili sínu, sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.



**ENGIN TENGSL** Þrír hafa verið ákærðir fyrir barnaklám. Málin eru ótengd.

Annar þremenninganna er ákærður fyrir að hafa fram til fimmtudagsins 7. október 2010, haft í sinni vörslu á Lenovo-fartölvu, eitt myndband og fimm ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, en myndefnið fannst af tæknimönnum þjónustufyrirtækis eftir að ákærði fór með ofangreinda tölvu í viðgerð.

Þriðji maðurinn er ákærður fyrir að hafa um nokkurt skeið fram til miðvikudagsins 1. september 2010, haft í sinni vörslu á utanáliggjandi hörðum diski á heimili sínu, tvö myndbönd sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Þess er krafist að tölvubúnaður ásamt myndefni verði gerður upptækur. - jss



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Stjórnarandstæðingar sóttu hart að umhverfisráðherra eftir dóm Hæstaréttar en forveri Svandísar í embætti, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu, kom henni til varnar og sagði að grundvallarvandinn væri sá að langflest sveitarfélög í landinu væru of lítil og veikburða til þess að sinna skipulagsmálum, grundvelli umhverfisverndar í landinu.

# Svandís staðfestir skipulagið eftir dóm

**Hart var sótt að umhverfisráðherra á Alþingi í gær en Svandís Svavarsdóttir segist finna stuðning frá almenningi eftir dóm Hæstaréttar um skipulagsmál í Flóahreppi. Hneyksli, segir Sigurður Kári Kristjánsson.**

**ALÞINGI** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segist hafa fundið fyrir meiri stuðningi við sín störf frá almenningi í kjölfar dóms Hæstaréttar um skipulagsmál í Flóahreppi en nokkru sinni áður frá því í REI-málinu í borgarstjórn Reykjavíkur í lok árs 2007.

Þetta kom fram hjá ráðherranum við utandagskrárumræður á Alþingi í gær þar sem hún lá undir ámæli frá þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem kölluðu eftir að hún axlaði pólitíska ábyrgð í kjölfar dómsins.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, sagði að dómur Hæstaréttar staðfesti að Svandís hefði með einbeittum brotavilja komið í veg fyrir atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi. Hún vitnaði til orða Svandísar í fjölmiðlum eftir dóminn um að hún væri í pólitík og hefði hagsmuni umhverfis og náttúru til hliðsjónar þegar hún tæki ákvarðanir: „Fylgir það ekki pólitískum ákvörðunum að bera á þeim pólitíska ábyrgð?“ spurði Ragnheiður Elín og vildi vita hvernig sú ábyrgð yrði öxluð og hvort og þá hvenær ætlunin væri að ráðherrann staðfesti skipulag Flóahrepps.

Svandís kvaðst axla pólitíska ábyrgð á öllum þeim verkum sem sér væru falin og vísaði til þess að hún sæti í skjóli þingmeirihluta ríkisstjórnarinnar. Hún sagðist mundu staðfesta skipulag Flóahrepps nú að gengnum dómi Hæstaréttar og hitta sveitarstjórnarmenn í sveitarfélaginu „í dag eða á morgun“ til þess að ræða það.

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, sagði viðbrögð Svandísar ekkert annað en hneyksli, þar vottaði hvorki fyrir iðrun né afsökun.

Höskuldur Þórhallsson, Framsóknarflokki, og fleiri þingmenn nefndu að málið snerist ekki um umhverfismál því engin umhverfisrök hefðu verið nefnd í rökstuðningi þeirrar ákvörðunar sem nú hefur verið dæmd ólögmæt. Málið snerist um að ráðherrann hefði ekki farið að lögum landsins.

Mörður Árnason, Samfylkingu, og Atli Gíslason, VG, sögðu að eðlilegt hefði verið að ráðherrann léti reyna á túlkun laganna varðandi Urriðafosshluta aðalskipulags Flóahrepps. Atli sagði að nú hefði Hæstiréttur skorið úr. Réttarástandið væri óþolandi og kallaði á breytt lög varðandi möguleika framkvæmdaraðila að greiða sveitarfélögum fyrir skipulagsvinnu. peturg@frettabladid.is



# Nýir heilsuréttir sem bragð er að




**KJÚKLINGASALAT COUS COUS**

Kjúklingur, cous cous, mixsalat, brokkolí, fetaostur, kasjúhnetur, dressing með ab-mjólk, engifer, lime og krydd.

**BRÚN HRÍSGRJÓN OG KJÚKLINGUR**

Brún hrísgrjón, kjúklingur, brokkolí, blaðlaukur, gulrætur, steikt egg, chilli og svo fylgir sojasósa með.

Prófaðu bragðgóðu heilsuréttina frá Júmbó úti í næstu búð!




www.jumbo.is



10 STK.

590,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

OSRAM

**Perur Osram**
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.





Frábært verð á sparperum

599,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Sparpera**
8W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189466

**Sparpera**
11W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189468

**Sparpera**
15W E27 827
Dulux Value 6000 tímar.
6189470

# RAFMAGNAÐIR Í HÚSASMIÐJUNNI



Electrolux 5 ára ábyrgð

tilboð

89.900,-
~~116.900,-~~

**Ofn EOB63100X**
Burstað stál.
1830118



tilboð

3.490,-
~~6.290,-~~

**Loftljós**
Athena, gler.
6000696



1.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Útiljós**
Marika, einnig til í hvítu.
6000770



5 ára ábyrgð

orknýting A

39.900,-
~~59.900,-~~

**Frystiskápur FHF85**
88 ltr, 85x58x55 cm.
1805492

Frigor

20% AFSLÁTTUR af ljósum

aðeins þessa viku!



tilboð

2.790,-
~~3.990,-~~

**Kastari**
Thor, stál/gler.
6000920



tilboð

3.990,-
~~5.690,-~~

**Útiljós**
Julia, einnig til í hvítu.
6000775

Verð gilda til 20. febrúar

***Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


Electrolux 5 ára ábyrgð
Hljóðlát 47 dB
Þvotthæfni A
Orkunýting A
Þurkhæfni A
83.900,-
Uppþvottavél
ESF 65052W
82/88 x 59,6
x 57,5cm
1805331
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Electrolux 5 ára ábyrgð
Þvottavél
EWF 126410W
1200 sn, 6kg,
85x60x60 cm.
1805477
5 ára ábyrgð
tekur 6 kg
1200 snúninga
76.900,-
2 pakkar fylgja öllum þvotta-vélum
MILT FYRIR LITAÐAN ÞVOTT
MILT FYRIR ALLAN ÞVOTT
DAGAR
tilboð
99.900,-
116.900,-
Electrolux 5 ára ábyrgð
Uppþvottavél
ESF 65050X.
1805340
Electrolux 5 ára ábyrgð
Krumpuvörn
78.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Þurrkari
EDC 47100, 85x60x58 cm
1805461
5 ára ábyrgð
orknýting A
tilboð
42.900,-
49.900,-
Kælir/frystir
FHC 85
84.5x57.6x55.0 cm
Kælirými 103 ltr, frystirými 15 ltr.
1805500
Frigor
20% AFSLÁTTUR af smáraftækjum
aðeins þessa viku!
tilboð
3.590,-
4.590,-
Samlokujárn
Bomann, Estate.
1840843
1.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Brauðrist
Bomann.
1840852
Hraðsuðukanna
Bomann. 1,7 ltr.
1840856
2.980,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Látum verkin tala!
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Heimildir lögreglu til eftirlits með glæpum:

## Er meirihluti fyrir aðgerðaleysi?


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Alþingismenn úr þremur flokkum, undir forystu Sivjar Friðleifsdóttur þingmanns Framsóknarflokksins, hafa lagt til að Alþingi feli innanríkisráðherra að útbúa lagafrumvarp um svokallaðar forvirkar rannsóknarheimildir til handa lögreglunni.

Í forvirkum rannsóknarheimildum felst að lögreglan fær heimild til að safna upplýsingum um einstaklinga, samtök eða fyrirtæki þótt ekki liggi fyrir rökstuddur grunur um að tiltekið afbrot hafi verið framið, heldur er nóg að lögreglu gruni að menn hafi áform um afbrot. Flutningsmenn tillögunnar benda á að lögregluyfirvöld í öllum norrænu ríkjunum nema á Íslandi hafi heimildir af þessu tagi. Þær hafi nýlega sannað gildi sitt er danska og sænska lögreglan kom í veg fyrir fjöldamorð hryðjuverkamanna á starfsfólki Jyllandsposten í Danmörku.

Forvirkar rannsóknarheimildir nýtast í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi af margvíslegu tagi, mansali, fíkniefnasmygli og hryðjuverkum, eins og rakið er í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Við þann lista mætti bæta njósnastarfsemi á vegum erlendra ríkja og/eða fyrirtækja, en nýlega komu fram vísbendingar um að Kína stundaði iðnnjósnir hér á landi.

Íslenzkir lögreglumenn hafa ítrekað bent á að þeir búi við verri starfsaðstæður en önnur lögreglulið á Norðurlöndum vegna þess að þá skorti heimildir til rannsókna af þessu tagi. Sá nýi veruleiki harðsvíraðrar, skipulagðrar og alþjóðlegrar glæpastarfsemi sem nú blasir við á Íslandi varð meðal annars til þess að Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, skipti um skoðun á forvirku rannsóknarheimildunum og hugðist útbúa frumvarp um þær. Hún var þeirrar skoðunar, eins og þingmennirnir sem flytja málið nú, að slíkar heimildir yrðu að vera háðar ströngu eftirliti nefndar á vegum Alþingis, sérstakrar deildar í dómstóli eða hvors tveggja.

Eftir að Ögmundur Jónasson varð dómsmálaráðherra og síðar innanríkisráðherra hefur áhugi ráðuneytisins á þessum úrræðum fyrir lögregluna gufað upp. Það er kannski ekki að furða, því að þegar forvirkar rannsóknarheimildir bar á góma í tíð fyrri ríkisstjórnar var Ögmundur í hópi þeirra sem fundu þeim allt til foráttu og töluðu um „leyniþjónustu“ og „njósnastarfsemi“.

Þó er það svo, eins og flutningsmenn þingsályktunartillögunnar benda á, að öryggi almennings og friður fyrir afbrotamönnum er mikilvægt velferðarmál. Engin rök eru heldur fyrir að lögreglan á Íslandi hafi minni heimildir en lögregla annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna ætti þetta mál að vera áhugamál „norrænu velferðarstjórnarinnar“.

Fyrst innanríkisráðherrann ætlar ekki að gera neitt í málinu er nauðsynlegt að afgreiða þingsályktunartillöguna og láta þannig reyna á hvort meirihluti er á Alþingi fyrir því aðgerðaleysi.

Spyrja má hvernig þeir sem ekkert vilja gera í málinu muni bregðast við ef hér verður einn daginn framinn stórfelldur glæpur sem hefði mátt hindra með forvirku eftirliti lögreglunnar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mörður með dólg

Ef marka má viðbrögð Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, virðist sem svæsinn dólgur hafi hlaupið í Mörð Árnason, formann umhverfisnefndar Alþingis, á fundi hennar í gær. Vigdís spreðar stóru orðunum gjarnan sjálf, og þrátt fyrir að sjaldnast þurfi mikið til að hún stökkvi upp á nef sér hefur hún ekki fyrr orðið svo ofboðslega hneyksluð að viðbrögðin virðast aldrei þessu vant hafa átt rétt á sér. Mörður sá nefnilega ástæðu til að biðjast afsökunar á „harðneskjulegri fundarstjórn“ sem hefði verið „umfram tilefni“. Hann ætti sér ekkert til afbötunar í því efni.



### Ekki í fyrsta skipti

Þetta er raunar ekki í fyrsta skipti sem fólk kemur út af fundi umhverfisnefndar sármóðgað yfir hátterni Marðar. Það gerði hópur arkitekta síðast í haust eftir að Mörður hafði hraunað yfir stéttina og kennt henni um bágt ástand íslenskrar byggingarlistar. Þá sá Mörður enga ástæðu til að biðjast afsökunar.



### Framsókn lögð í einelti

Formaður Framsóknarflokksins var líka sár á þingi í gær. Hann taldi að þingforsetinn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir legði framsóknarmenn í einelti með því að leika statt og stöðugt á bjöllu sína þegar þeir væru í pontu. Því verður nú ekki trúað. Ásta starfaði jú innan Framsóknarflokksins í meira en áratug undir lok síðustu aldar og hlýtur að vera hlýtt til hans.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Stórfelld hækkun fráveitugjalda


Borgarmál



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins


Fjölmargir Reykvíkingar kvarta nú yfir mikilli hækkun á fráveitugjöldum (holræsaskatti) frá fyrra ári og óska eftir skýringum á því hvernig staðið var að þessum hækkunum.

Áður fyrr var rekstur fráveitu í Reykjavík fjármagnaður með hefðbundnum skatttekjum borgarinnar, þ.e. útsvari og fasteignaskatti. Eftir að vinstri menn náðu meirihluta í borgarstjórn 1994 var eitt fyrsta verk þeirra að leggja á sérstakan holræsaskatt fyrir rekstur og framkvæmdir í þágu fráveitunnar, sem áður höfðu verið fjármagnaðar af borgarsjóði. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust gegn holræsaskattinum á sínum tíma og bentu á að hann hefði tilhneigingu til að hækka með tímanum eins og aðrir skattar sem vinstri menn leggja á.

Nú um áramótin voru ýmsar breytingar gerðar á fyrirkomulagi fráveitugjalda; m.a. var innheimta þeirra flutt frá Reykjavíkurborg til Orkuveitunnar. Sú breyting hefur orðið að hluti kostnaðar við fráveitustarfsemi er ekki lengur greiddur úr borgarsjóði heldur er hann nú allur innheimtur með umræddu gjaldi. Þá er álagning gjaldsins ekki lengur miðuð við hlutfall af fasteignamati heldur við fast gjald og fjölda fermetra.

Flestir fasteignaeigendur fengu því á sig verulega hækkun fráveitugjalds um áramót til viðbótar við hækkun Samfylkingarinnar og Besta flokksins á útsvari og ýmsum öðrum álögum. Þetta sér fólk vel ef það ber saman greiðsluseðla á milli ára.

Í aðdraganda síðustu borgarstjórnarkosningar töluðu frambjóðendur Samfylkingarinnar um Reykjavík eins og sérstakt efnahagssvæði með eigin hagvöxt. Eitt meginmarkmið fjárhagsáætlunar Reykjavíkur fyrir árið 2011 virðist hins vegar hafa verið að koma í veg fyrir hagvöxt í borginni með miklum skatta- og gjaldahækkunum á borgarbúa.

Þá bera miklar hækkanir á fráveitugjöldum það með sér að meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins telji að verðbólga sé mun hærri í Reykjavík en annars staðar á landinu. Samkvæmt útreikningum OR hækka fráveitugjöld 28% borgarbúa nú um 10-20% á milli ára, 15% taka á sig 20-30% hækkun, 12% er gert að greiða 30-50% hærri gjöld og 4% þurfa að sætta sig við meira en 50% hækkun fráveitugjalds á milli ára. 19% gjaldenda greiða hins vegar lægra gjald en í fyrra og hjá um 23% er hækkunin undir 10%.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Goðsagnir þorskastríðanna

Sagnfræði

Guðni Th. Jóhannesson
sagnfræðingur og rithöfundur



Þorskastríðin eru mikilvægur þáttur í sameiginlegu minni Íslendinga. Þau eru sögð lýsandi dæmi um þann dug sem þjóðin geti sýnt þegar að henni er sótt, og sönnun þess að Íslendingar geti skipt sköpum á alþjóðavettvangi. Sitthvað er til í þessu en þó er sagan flóknari þegar vel er að gáð. Samstaðan er ýkt, lítið gert úr því að semja þurfti til sigurs og misskilningi um frumkvæði Íslendinga í hafréttarmálum hampað. Til verður goðsögn af einhuga hetjum og hin raunsanna mynd hverfur í skuggann.

Í síðustu átökum um Icesave hefur þetta sést vel. Í nýlegri ræðu í Valhöll minntist Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, þess að forveri hans í því embætti, Ólafur Thors, hefði verið fremstur í flokki þeirra ráðamanna sem sömdu við Breta um lok fyrsta þorskastríðsins árið 1961. Þremur árum fyrr hafði vinstri stjórn Hermanns Jónassonar fært fiskveiðilögsöguna út í 12 sjómílur og Bretar sent herskip til verndar togurum sínum. „Samningar eru svik," sögðu stjórnarandstæðingar í Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi og kröfðust þess að Íslendingar berðust til þrautar undir vígorðunum frægu sem Magnús Kjartansson lét falla við mikinn fögnuð í byrjun átakanna: „Við semjum ekki við Breta, við sigrum þá." Reyndar gætti einnig gremju meðal sjálfstæðismanna; einn þingmaður skellti hurð víst svo hart eftir þingflokksfund um málið að rúður brotnuðu. En „hroðalegustu svikin sem auðið er að fremja ... eru einmitt þau að svíkjast um að semja", sagði Ólafur Thors og hafði sitt fram.

Auðvitað eru sögulegum samanburði af þessu tagi takmörk sett. Hitt er þó ljóst að seinni þorskastríðunum tveimur lauk einnig með samningum og komu foringjar Sjálfstæðisflokksins þá líka við sögu. Árið 1972 færði vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar lögsöguna út í 50 mílur og aftur blossaði upp þorskastríð. Ári síðar fannst flestum sjálfstæðismönnum sjálfsagt að þeir styddu þá lausn 50 mílna deilunnar sem Ólafur Jóhannesson mælti með eftir viðræður við breska valdhafa. Alþýðubandalagsmenn í ríkisstjórn vildu alls ekki semja frekar en fyrri daginn og fordæmdu „makkið". En Ólafur hafði sitt fram og naut fulltingis forystumanna Sjálfstæðisflokksins þótt sitt sýndist hverjum í „grasrótinni".

> En goðsögnin um einhuga þjóð stenst samt ekki.

Árið 1975 var enn fært út, í þetta sinn í 200 mílur, og enn skarst í odda á miðunum. Geir Hallgrímsson var orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra í stjórn með framsóknarmönnum. „Semjum til sigurs eða berjumst til sigurs," sagði Geir og kaus greinilega fyrri kostinn. Glöggt sást það í ársbyrjun 1976 þegar hann hélt til viðræðna í London og vildi að stjórnarflokkarnir féllust á samningsdrög sem þá urðu til. En Ólafur Jóhannesson og aðrir framsóknarmenn sökuðu Geir um að hafa látið allt of mikið undan. Stjórnin riðaði til falls, óeiningin var alger. Geir varð að gefa eftir heima fyrir, þorskastríðið geisaði áfram og komst í algleyming. Um sumarið sáu Bretar þó loksins að sér enda löngu orðið ljóst að ríki heims höfðu náð sátt um 200 mílna lögsögu. Þótt uppgjöfin væri nær öll Breta megin lauk þessu síðasta þorskastríði einnig með samningum sem Alþýðubandalagið fordæmdi að venju. En fáir tóku undir í þetta sinn.

Staðreyndin er sú að öllum þorskastríðunum lyktaði með samkomulagi við Breta. Staðreyndin er líka sú að í öllum þorskastríðunum gætti mikils ágreinings innanlands. Vissulega náðist sátt á Alþingi þess á milli og almenningur fordæmdi einum rómi aðfarir breskra herskipa á miðunum. En goðsögnin um einhuga þjóð stenst samt ekki. Stjórnmálamenn tókust stöðugt á, liðsmönnum Landhelgisgæslunnar fannst ráðherrar stundum eintómar liðleskjur, til voru ráðherrar sem kvörtuðu yfir því að skipherrar varðskipanna vildu alltaf „leika þjóðhetjur", embættismenn rifust sín á milli og þar fram eftir götunum.

Loks má leiða hugann að því hvernig þorskastríðin unnust. Ekki má vanmeta dugnað varðskipsmanna en átökin voru háð bæði á sjó og landi. Hernaðarmikilvægi Íslands í kalda stríðinu bætti vígstöðuna til muna og þróun hafréttar ekki síður. Stundum voru Íslendingar þá framarlega í flokki en oftar voru þeir þó sporgöngumenn. Þannig urðu tímamót árið 1945 þegar Bandaríkin eignuðu sér auðævi á landgrunni sínu og tóku sér rétt til að stjórna fiskveiðum ofan þess. Ýmis ríki í Mið- og Suður-Ameríku gengu á lagið og kröfðust 200 mílna lögsögu, á sama tíma og Íslendingar voru að berjast fyrir að færa eigin landhelgi úr þremur mílum í fjórar og mörgum árum áður en 200 mílna lögsögu var lýst yfir hér við land. Saga þorskastríðanna er merk saga smáþjóðar í hörðum heimi, allt of merk til að hún sé gerð að væminni goðsögn um einhug og frumkvæði sem ekki var.

## AF NETINU

### Aukin verðmætasköpun

Verkalýðshreyfingin getur hvatt til aukinnar verðmætaframleiðslu víða í þjóðfélaginu – þannig verður meira til skiptanna – og lífskjör geta batnað aftur hér á landi.

En í dag er staðan sú – eins og flestir vita – að atvinnulífið hefur ekkert að bjóða – að meðaltali.

Sem dæmi mætti nefna það – að verkalýðshreyfingin gæti t.s. kynnt sér betur delluna sem hefur viðgengist í veiðiráðgjöf hérlendis undanfarin ár – og hvatt t.d. til að gerð verði áreiðanleikakönnun um stofnstærð botnlægra fiskistofna hérlendis – eins og gert var í Barentshafi 2005 og þá kom í ljós að þorskstofninn þar var 70% vanmetinn!! [...] Aukning aflaheimilda virðist einfaldasta og öruggasta leiðin til að stefna að bættum lífskjörum hérlendis á sem skemmstum tíma.

kristinnp.blog.is/ **Kristinn Pétursson**

### Skotið fyrst, skoðað svo

Skólabörn í Reykjavík unnu mikilvægan sigur þegar Bezti flokkurinn og bakhjarl hans í borgarstjórn ákváðu að gefa eftir og hætta við boðaðan niðurskurð í kennslu í grunnskólunum.

Fram kom hjá formanni menntaráðs að þegar Bezti og bakhjarl hans í borgarstjórn fóru að skoða málið þá hafði þeim brugðið yfir því að á undanförnum misserum hafi þegar verið skorið niður í kennslunni.

Því miður er þetta einkennandi fyrir Bezta og bakhjarl hans í borgarstjórn. Fyrst er skotið – svo er skoðað!

blog.eyjan.is/hallurm **Hallur Magnússon**

Af hverju fara svo miklu fleiri á örorku vegna geðraskana en nokkru sinni fyrr?

Whitaker rýnir í gölluð vísindi, græðgi og hreinar lygar til að leiða í ljós að lyfin, sem voru vegsömuð sem lækning við geðröskunum, geta gert þær verri þegar til lengri tíma er litið..

Málþing
19. Febrúar, kl. 14:00
Kennaraháskólinn við Stakkahlíð í sal Skriðu

Ókeypis aðgangur
Allir velkomnir!

Bein útsending á mindpower.this.is

Robert Whitaker



Rithöfundur og rannsóknablaðamaður
Tilnefndur til Pulitzer verðlauna

Hugarafl Í samstarfi við UngHugar Manía

SAF

Dagur menntunar í ferðaþjónustu

Samtök ferðaþjónustunnar halda fund 18. febrúar 2011 kl. 08:30-12:00 á Hilton Reykjavík Nordica og er markmið fundarins að ræða mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu.

Dagskrá

Kl. 08:30 **Setning fundarins**
Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Kl. 08:40 **BEST – Consultancy, Development, Strategies & Training**
*Empowering staff: increased satisfaction and profitability*
Helmut Kronika – framkvæmdastjóri

Kl. 09:25 **Það læra menn sem fyrir þeim er haft!**
*Um leiðir til að hjálpa fólki í ferðaþjónustu til að þróast í starfi*
Hróbjartur Árnason, lektor við Menntavísindasvið HÍ

Kl. 10:00 **Fræðslustarf SAF – stiklað á stóru**
María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF

Kl. 10:15 **Kaffi**

Kl. 10:45 **Fagráð ferðaþjónustunnar**
*Hver eru næstu skref?*
Guðmunda Kristinsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Kl. 11:00 **Starfsþjálfun í fyrirtækjum SAF**
Guðni Hrafn Grétarsson, Veitingahúsið Perlan
Sigurður Björgvin Helguson, nemi

Kl. 11:10 **Meistaranámið í MK**
*Hvernig gengur tilraunakennslan?*
Baldur Sæmundsson, áfangastjóri

Kl. 11:20 **Gerum betur.is**
*Sköpum ánægju í ferðaþjónustu: Íslensk þjónustumyndbönd*
Margrét Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Kl. 11:30 **Endurmenntun HÍ og Háskólinn á Hólum**
*Hvað er í boði fyrir ferðaþjónustuna?*
Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands og Kjartan Bollason, lektor

Kl. 11:40 **Afhending starfsmenntaviðurkenningar SAF**
Katrín Júlíusdóttir, ferðamálaráðherra

Fundarstjóri er Áslaug Alfreðsdóttir, Hótel Ísafjörður

Í kaffihléi munu helstu starfsmenntasjóðir og fræðsluaðilar í ferðaþjónustu vera með kynningu á starfsemi sinni. Ekkert þátttökugjald, þátttaka tilkynnist í síma 511-8000 eða með tölvupósti info@saf.is

SAF starfsafl Landsmennt SVS

**Aðalfundur** Landssamtaka landeigenda á Íslandi og **málþing** um þjóðareign á auðlindum

Landssamtök landeigenda á Íslandi (LLÍ) efna til málþings um þjóðareign á auðlindum að loknum aðalfundi samtakanna þann 17. febrúar næstkomandi.

Aðalfundurinn verður haldinn í Harvardsal 2, Hótel Sögu, og hefst kl. 14:00.

**Dagskrá aðalfundar:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Önnur mál.

Eftir aðalfundinn, kl. 15:30, fer fram málþing á sama stað um

**þjóðareign á auðlindum.**

**Dagskrá:**



1. **Hvað merkir hugtakið þjóðareign?** Sigurður Líndal prófessor.



2. **Þjóðareign og hvað svo?** Sigurður Tómas Magnússon prófessor.



3. **Meðferð á þjóðareign.** Sigurður Jónsson, hrl. og stjórnarmaður í LLÍ.

4. **Pallborðsumræður með framsögumönnum.**

Bæði aðalfundurinn og málþingið eru opin öllum áhugamönnum um málefnið.

*F.h. stjórnar LLÍ,*
Örn Bergsson


AF NETINU

### Auðræði og hnignun lýðræðis

Um daginn skrifaði ég pistil um efnahagslífið í heiminum eins og það hefur verið síðustu áratugina. Ég sagði að menn væru farnir að komast að því að þetta hefði ekki verið jafnmikið framfaraskeið og var haldið fram, þvert á móti – þetta hafi hugsanlega verið tími stöðnunar og hnignunar.

Staðreyndin er sú að velmegunin var byggð á lántökum og skuldsetningu. Annar þáttur í henni var að flutt inn var mikið af vinnuafli og þannig jukust umsvifin í hagkerfinu. Í þriðja lagi fór svo að streyma ódýr varningur frá Kína og öðrum Asíulöndum og þannig var kjörum og kaupmátturinn hækkaði. Í fjórða lagi var þetta tími mikilla umsvifa í fjármálalífinu – eins og til dæmis á Íslandi þar sem dautt fjármagn var tekið og virkjað (les: fiskurinn í sjónum varð veðhæfur).

Eftir stendur að fámenn auðstétt hefur allt sitt á þurru og gefur ekki eftir forréttindi sín. Við höfum lifað tíma auðræðis, þegar peningavaldið fer sínu fram – og fátt bendir til annars en að svo verði áfram, að kjörum almennings og innviðum samfélagsins hraki. Nú þegar ríkir kreppa og stöðnun á Vesturlöndum virðast fáir hafa hugmyndir um hvernig sé hægt að þjótast út úr þessu ástandi – þor eða getu til þess. Stjórnmálamennirnir, nánast sama í hvaða flokki þeir eru, kunna ekki annað en að spila innan þessa kerfis. [...] Fjármagnsöflin fengu að taka völdin hér eins og víðar, það var látið eins og ríkið gæti bara verið til óþurftar og þvælst fyrir – afleiðingin er hnignun lýðræðisins.

Silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**


„Opnaðu hjarta þitt“

GoRed fyrir konur

GoRed fyrir konur á Íslandi
Smáralind 17. febrúar
Hótel KEA 20. febrúar

**Fræðumst um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma.**

GoRed fyrir konur býður þér á konukvöld í Smáralind þann 17. febrúar frá 19:00-21:00. Tískusýning frá Debenhams, lifandi tónlist, tilboð, fræðsla, kynningar, blóðþrýstingsmælingar, sérfræðingar verða á staðnum - læknar og hjúkrunarfræðingar.

GoRed fyrir átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga má úr líkum á þessum sjúkdómum. Mikilvægt er að upplýsa konur um fyrstu einkenni hjarta- og heilaæðasjúkdóma til að geta brugðist skjótt við.

Víðtæk kynning, skemmtun og fræðsla verður í Smáralind í Kópavogi frá og með 12. febrúar næstkomandi og nær átakið hámarki þann 17. febrúar en þá verður haldið konukvöld í Smáralind með ýmsum skemmtilegum uppákomum.

Á Hótel KEA Akureyri verður einnig vegleg dagskrá á konudaginn þann 20. febrúar frá klukkan 13:30-16:00

actavis
Smáralind
HREYFING
BLUE LAGOON
LYSI
BYR
FRUMTÖK
vistor


# Orkan okkar - Nýjar leiðir opnast!

Orkumál




Oddný Eir Ævarsdóttir
rithöfundur


Fram undan eru tímamótaákvarðanir um orkustefnu, um eign og nýtingu orkuauðlindanna og eignarhald á orkufyrirtækjum landsins. En hver á að taka þessar ákvarðanir?

Stóra spurningin er um eign á orkufyrirtækjum; um einkarétt einkafyrirtækja eða opinberra á nýtingu og dreifingu orkuauðlinda. En þá spurningu þarf að mínu mati að setja fram á nýjan leik til að umræðan hafi einhverja merkingu á okkar tímum. Við þurfum í sameiningu að skilgreina hvað er þjóðar- eða almannaeign og leita leiða til að þróa nýtt form eignarhalds með tilliti til nýrrar tækni, nýrrar orkustefnu og öflugra lýðræðis.

Mér hefur fundist sem deilan um eignarhald á orkufyrirtækjunum staðnæmist gjarnan við tvo gamla kaldastríðs-valkosti sem í dag eru aðeins sýndarkostir. Einkavæðing í orkugeira er til dæmis rökstudd þannig að hún sé þó altént skárri en hinn kosturinn. En sem betur fer eru okkur að opnast nýjar leiðir.

> Um allan heim er leitað logandi ljósi að nýju formi almenningsrekstrar. Gætum við kannski orðið leiðandi í þeirri leit?

**Raun ber vitni**

Krafa samtímans er um vaxandi siðferðis- og samfélagslega ábyrgð einkarekinna fyrirtækja. En hversu ábyrgir sem rekstraraðilarnir vilja vera, virðist einkahlutafélagið því miður ekki vera vettvangur ábyrgðar. Í öllu falli hefur einstaklingum, ríkjum og ríkjasamböndum reynst erfitt að sækja hlutafélög til ábyrgðar og skaðabótaskyldu eða hafa áhrif á stefnu þeirra. Þótt virtir jarðfræðingar segi að orkuauðlindina verði að nýta mjög skynsamlega svo hún haldi áfram að endurnýja sig, þá getum við því miður ekki treyst því að nýtingarstefna einkahlutafélagsins muni lúta rökum.

Í skýrslunni Global experience with electricity liberalisation er skýrt frá afleiðingum einkavæðingar í raforkuiðnaði um allan heim: Einkavæðingin hefur hvergi leitt til raunverulegrar samkeppni á raforkumarkaði; rafmagnsverð til neytenda hefur alls staðar hækkað og þjónusta versnað; nýsköpun og tækniþróun hefur ekki skilað sér inn í orkugeirann; fjármagn hefur færst úr geiranum; ógagnsæi í viðskiptaumhverfi hefur aukist og lagarammar og eftirlitsstofnanir ekki náð að vernda neytendur.

Niðurstaða skýrslunnar er að þróun og uppbygging orkufyrirtækja, sérstaklega á sviði endurnýjanlegrar orku, sé langtímaverkefni sem krefjist annars vegar framsýni og nýsköpunar, hins vegar stöðugleika. Reynsla síðustu tíu til tuttugu ára hafi sýnt að einkavæðing meginorkufyrirtækja sé ekki áreiðanlegur kostur vilji almenningur njóta góðs af nýtingunni (sjá orkuaudlindir.is).

Reynsla okkar af opinberu eignarhaldi á orkufyrirtækjum er ekki mikið betri en af einkarekstri. Á sínum tíma var þó uppbygging orkufyrirtækjanna samfélagslegt langtímaverkefni sem gaf stöðugleika og góðan árangur. Hvers vegna var ákveðið að byrja að selja þegar menn vissu að uppbyggingin lofaði góðu?

Í orkuiðnaði tekur þróunarstarf langan tíma og er kostnaðarsamt en gróðinn getur líka orðið mjög mikill. Þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins, HS Orka, sem var lengst af byggt upp af hugsjón og heiðarleika hefur alla burði til að skila miklum arði til frambúðar ef farið er fram af skynsemi. Það er því óskiljanlegt að selja fyrirtækið á svo glæpsamlega góðu verði fyrir kaupandann, því salan skilar okkur sama og engu inn í hringrás hagkerfisins. Eva Joly benti á að nauðsynlega þyrfti að rannsaka söluferlið sem bæri merki spillingar og lögbrots. Eins þarf að bæta lögin og skrá orkuauðlindir í stjórnarskrá.

Orkustefna hér á landi hefur hingað til ekki verið mótuð fyrir opnum tjöldum né almennilega til umræðu, m.a. vegna leyndar- og forræðishyggju til hægri og vinstri. Hér á landi hefur ríkt svokölluð stóriðjustefna, en réttmæti hennar hefur ekki verið hægt að ræða ofan í kjölinn vegna vöntunar á upplýsingum. En raun ber vitni, skýrslan um Kárahnjúka er til dæmis um óafturkræf og neikvæð hagræn, umhverfis- og samfélagsleg ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar.

**Rödd þjóðar og réttlæti**

Það liggja fyrir drög að fyrstu opinberu orkustefnu Íslands. Þau marka tímamót og lofa góðu en eru líka gagnrýniverð. Nú þurfum við að opna umræðuna í fyrsta sinn alveg upp á gátt og ræða um stefnuna frá öllum sjónarhornum; skapa vettvang þar sem rödd þjóðarinnar heyrist. Því það er þörf á rödd og sýn allra í viðleitni til að skapa nýja framtíðarsýn. Við þurfum að leggja mismunandi reynslu okkar, ímyndunarafl og visku í púkk og skapa okkur splunkunýja valkosti. Um allan heim er leitað logandi ljósi að nýju formi almenningsrekstrar. Gætum við kannski orðið leiðandi í þeirri leit?

Endurnýjuð hugsun í orkunýtingu jarðarinnar helst í hendur við nýja lýðræðissýn. Og við ættum að fá að kjósa á þessum örlagaríku tímamótum. Við getum til dæmis kosið að endurheimta orkufyrirtækin frá sveitarstjórnum, ríki, einkafyrirtækjum og hluthöfum, frá spillingu, forræðis- og leyndarhyggju. Ég hef þá trú að orkunýting geti vel verið á ábyrgð og í þágu almennings í framtíðinni. Við getum valið að byggja upp framsækinn og ábyrgan orkuiðnað þar sem nýstárlegur opinber rekstur í samvinnu við fjölbreyttan erlendan og innlendan einkarekstur, sprotafyrirtæki og þekkingarfyrirtæki, stuðlar að nýsköpun og framsækinni atvinnuþróun í sjálfbæru, arðbæru, vistvænu og lýðræðislegu ferli sem endurnýjar orku okkar og réttlæti.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

...við prentum!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 16. febrúar 2011 – 3. tölublað – 7. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 VÍSIR

**Breyttar skattareglur**
Gagnaverin láta vita af sér
2



**Sparisjóðirnir**
Endurskipulagning á lokaspretti
4-5



**Indriði H. Þorláksson**
Svarar skrifum Viðskiptaráðs um skatta
7



# Þorvaldur hættur

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Fjárfestingarbanka, hefur sagt starfi sínu lausu. Dr. Hersir Sigurgeirsson, stærðfræðingur og framkvæmdastjóri áhættustýringar bankans, hefur tekið hans stað.



ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON

Þorvaldur Lúðvík vildi ekki tjá sig opinberlega um málið þegar eftir því var leitað í gær.

Hann var forstöðumaður eigin viðskipta hjá Kaupþingi en hætti þar árið 2006 til að stofna Saga Capital Fjárfestingarbanka. Hann hefur haft réttarstöðu sakbornings í tveimur rannsóknum á vegum embættis sérstaks saksóknara. Önnur lýtur að Kaupþingi í aðdraganda falls bankans, hin rannsóknin á kaupum Glitnis á skuldabréfi Stíms af Saga Capital.

# Betri afkoma en spáð var

Hagnaður Icelandair Group eftir skatta á síðasta ári nam 4,6 milljörðum króna.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir var hins vegar 12,6 milljarðar króna. Greiningardeild Arion banka bendir á í umfjöllun sinni um uppgjörið að það sé 1,1 milljarði meira en síðasta afkomuspá félagsins hafi hljóðað upp á.

Heildartekjur félagsins námu um 88 milljörðum króna sem er um 9,5 prósenta aukning frá 2009.

## HELST Í ÚTLÖNDUM



**VERÐBÓLGA Í KÍNA**
Kínverska efnahagsundrið virðist komið út að þanmörkum, í bili að minnsta kosti. Verðbólga þar vex hratt og mældist 4,9 prósent í janúar, og hafði þá hækkað úr 4,6 prósentum síðan í desember. Mestu munar þar um 10,3 prósenta hækkun matvælaverðs. Sérfræðingar búast við áframhaldandi verðbólguvanda, því Kínverjar glíma nú við hratt vaxandi eftirspurn sem ekki er hægt að fullnægja með ódýrum innflutningi.

**METHALLI VESTRA**
Barack Obama kynnti fjárlög ársins 2012 og hljóða þau upp á 3,73 billjónir dala, eða 3.730 milljarða dala, en það samsvarar um það bil 440.000 milljörðum króna. Fjárlagahallinn verður 1,65 billjónir dala, og hefur aldrei verið hærri. Hann á að lækka niður í 1,1 billjón árið eftir og síðan minnka smám saman. Heildarskuldir ríkisins verða komnar upp í 16,7 billjónir dala í september árið 2012, og hafa þá hækkað úr 14 billjónum, sem er skuldastaðan núna.

**HÆGUR VÖXTUR Í ESB**
Hagvöxtur í Evrópusambandsríkjunum mældist ekki nema 0,3 prósent síðustu þrjá mánuði ársins 2010, sem er sama tala og mældist á þriðja fjórðungi þess árs. Hagvöxturinn varð minni í Frakklandi og Þýskalandi en búist var við, en samdráttur mældist bæði á Grikklandi og í Portúgal.

# Stefna á skráningu á hlutabréfamarkað

## Teymi var skipt upp í tvo hluta um áramótin. Skýrr er orðið eitt af tíu stærstu upplýsingatæknifyrirtækjunum á Norðurlöndum, segir forstjórinn Gestur G. Gestsson.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við stefnum að því að fyrirtækið verði skráningarhæft í lok árs 2012 og horfum til tvíhliða skráningar á hlutabréfamarkað árið 2013, hér og annaðhvort í Ósló í Noregi eða í Stokkhólmi í Svíþjóð,“ segir Gestur G. Gestsson, forstjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Skýrr. Hann segir nóg að gera í upplýsingatækni, uppsveifla sé á hinum Norðurlöndunum, ekki síst í Svíþjóð og Noregi þar sem staða dótturfélaga Skýrr sé sterk á sama tíma og varnarbarátta sé háð hér.

Skýrr hefur síðastliðin ár heyrt undir Teymi-samstæðuna með Vodafone. Samstæðan var með fyrstu fyrirtækjunum sem lenti í vandræðum í kreppunni 2008 og fór í nauðasamninga um mitt ár 2009. Gestur segir það hafa verið hárrétt skref og uppstokkun gengið fumlaust fyrir sig.

„Teymi var nánast með allar sínar tekjur í íslenskum krónum en lán í erlendri mynt. Þegar best lét var Teymi metið á 43 milljarða króna og skuldaði 21 milljarð á móti. Þegar félagið var sett í nauðasamninga hafði dæmið snúist við, skuldir orðnar tvöfalt hærri en virði eigna rúmlega helmingi lægri. Á sama tíma voru félögin í fínu lagi með gott sjóðsstreymi,“ segir hann og bendir á að hluthafar Teymis hafi skilið hvert stefndi og því gengið til samninga við kröfuhafa, banka og lífeyrissjóði, sem tóku við félaginu. Þeir afskrifuðu ekkert, stilltu hluta skulda af svo félagið bæti borið þær og breyttu afganginum í hlutafé.



GESTUR G. GESTSSON

Í kjölfar nauðasamninga var fyrirtækjasamstæða Teymis stokkuð upp og einblínt á samlegðaráhrif fyrirtækja sem þar voru. Byrjað var á að sameina Skýrr, Landsteina-Streng, Eskil og Kögun í nóvember 2009 og Þórólfi Árnasyni, þáverandi forstjóra Skýrr sagt upp. Í kjölfarið tók Gestur við forstjórastólnum. Sameiningar héldu áfram í fyrrahaust með samruna við EJS. Um áramótin var skrefið stigið til fulls þegar Vodafone og Skýrr voru skilin að og Teymis-nafninu kastað fyrir róða.

Við upphaf árs voru starfsmenn 1.070, áætluð velta á árinu er 24 milljarðar króna og búist við að að rekstrarhagnaður eftir skatta og gjöld (EBIDTA) verði 1,4 milljarðar.

Gestur segir um sóknaraðgerð að ræða sem muni skila því að Skýrr er áttunda stærsta upplýsingafyrirtækjum Norðurlanda. „Við vildum búa til félag með dýpri og breiðari þekkingu sem gæti þjónustað viðskiptavininn betur og skapað sér samkeppnisforskot,“ segir hann.

**Skýrr**

| | |
|---|---|
| Skýrr | 180 starfsmenn |
| Kögun | 80 starfsmenn |
| Landsteinar-Strengur | 40 starfsmenn |
| Eskill | 20 starfsmenn |
| Hugur/Ax | 100 starfsmenn |
| Kerfi (Svíþjóð) | 270 starfsmenn |
| Hands (Noregur) | 200 starfsmenn |



# Sjö látnir víkja í fyrra

## Fjármálaeftirlit Dana fékk auknar valdheimildir.

Fjármálaeftirlit Danmerkur krafðist þess sjö sinnum á síðasta ári að yfirmanni í fjármálageiranum yrði vikið úr starfi, að því er fram kemur í frétt Berlingske Tidende. Þrír í þessum hópi voru bankastjórar og hafa nú allir horfið til annarra starfa, eftir því sem Berlingske hefur eftir Fjármálaeftirlitinu ytra.

Eftirlitið fékk í júlíbyrjun í fyrra auknar heimildir til að knýja á um breytingar hjá fjármálafyrirtækjum í tilvikum þar sem vafi lék á hæfi stjórnenda.

Fram kemur í Berlingske að fyrir utan bankastjórana þrjá hafi verið fjallað um mál forstjóra tryggingafélags, stjórnarformanns í tryggingafélagi og tvo starfsmenn greiðslumiðlunarfyrirtækja. Berlingske greinir frá því að áður hafi komið fram í fréttum að brottvikni forstjóri tryggingafélagsins hafi farið fyrir félaginu Brandkassen. **- óká**

# Gefur vatn til Haítí fyrir milljónir

„Ég fer innan tíu daga,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður átöppunarfyrirtækisins Icelandic Water Holdings, um fyrirhugaða ferð sína til Haítí.



JÓN ÓLAFSSON

Fyrirtæki hans hefur sent 160 tonn af flöskuvatni undir merkjum Icelandic Glacial þar sem það er gefið nauðstöddum á Haítí. Þar hefur mikil neyð ríkt síðan jarðskjálfti upp á 7,0 á Richter-skalanum reið þar yfir og lagði höfuðborgina Port-au-Prince í rúst. Vatnið kom þangað um síðustu helgi.

Tala látinna er á reiki og hleypur hún á hundrað til þrjú hundruð þúsund manns. Allt að tvær milljónir eru taldar hafa misst heimili sín og milljón til viðbótar orðið fyrir áhrifum af völdum hamfaranna. Þá skemmdust grunnstoðir samfélagsins, hreint drykkjarvatn er af skornum skammti og sjúkdómar tíðir af þeim völdum.

Fyrirtæki Jóns, sem bandaríski drykkjavörurisinn Anheuser-Busch á fimmtungshlut í, hefur frá því fljótlega eftir að skjálftinn reið yfir sent nú fjórum sinnum á bilinu 400-500 tonn af drykkjarvatni til hamfarasvæðanna. Áætlað verðmæti gjafarinnar, vatnsins, sem tappað er á flöskur í landi Hlíðarenda í Ölfusi, nemur um einni milljón Bandaríkjadala, um 120 milljónum íslenskra króna. **- jab**

### BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | **Hæstu innlánsvextir** | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 0,90%[A] | 11,45% | 11,40% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,50% | 11,50% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,40%[B] | 11,45% | 11,45% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,30% | 11,40% | 9,50 til 11,40% |
| BYR | PM-reikningur 2,35% | 11,40% | 11,25 til 11,45% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,45% [C] | 11,45% | 11,45% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,45% | 10,20% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Telja tækifærin í orku og ferðaþjónustu

Tæp fjörutíu prósent forsvarsmanna í íslensku atvinnulífi telja mestu verðmætasköpun hér næsta áratuginn liggja í nýtingu orkuauðlinda og hækkun raforkuverðs, samkvæmt niðurstöðum könnunar Viðskiptaráðs.

Á eftir fylgir ferðamennska og ferðaþjónusta en þrjátíu prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni telja mestu tækifærin þar. Helmingi færri sjá mestu tækifærin í nýsköpun, fiskveiðum og iðnaði.

„Þótt svörin endurspegli að hluta hefðbundnar áherslur í auðlindanýtingu, þá er greinilegt að tækifæri til verðmætasköpunar á grunni þekkingar eru forsvarsmönnum atvinnulífs hugleikin. Þetta er jákvæð þróun,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. **- jab**

### MESTU TÆKIFÆRIN*

| Geiri | Hlutfall svarenda (í %) |
|---|---|
| Nýting orkuauðlinda | 37,9 |
| Ferðamennska/ferðaþjónusta | 30,3 |
| Nýsköpun/hugvit | 16,9 |
| Fiskveiðar/fiskvinnsla/fiskeldi | 16,2 |
| Iðnaður | 12,8 |
| Gagnaver/hátækni/hugbúnaður | 10,0 |
| Menntun/þekking | 6,6 |
| Útflutningur | 4,8 |
| Skattar/skattalækkanir | 4,1 |
| Áliðnaður/stóriðja | 4,1 |
| Virkjanir | 2,1 |
| Evra/nýr gjaldmiðill | 1,7 |
| Annað | 34,5 |

* Heimild: Viðskiptaráð

# Vafamál um kaup á hlutabréfum í Össuri

## FME skoðar mögulega yfirtökuskyldu.

„Ef það kemur upp vafamál þessu líku þá er það hlutverk okkar að komast til botns í því eða eyða vafanum,“ segir Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, FME.

Danski fjárfestingarsjóðurinn William Demant Holding keypti í síðustu viku 2,4 prósenta hlut í stoðtækjafyrirtækinu Össuri á hlutabréfamarkaði í Danmörku. Sjóðurinn er helsti hluthafi Össurar og á eftir viðskiptin 39,6 prósenta hlut.

Yfirtökuskylda miðast við 30 prósenta hlut í skráðu félagi. Alþingi breytti reglunum fyrir jól í fyrra á þann veg að þeir sem áttu yfir 30 prósent atkvæðisréttar í skráðum félögum fyrir 1. apríl í fyrra mega ekki auka við hlut.

Greiningarfyrirtækið IFS bendir á að kaupin veki upp spurningar um það hvort yfirtökuskylda hafi hugsanlega myndast af hálfu William Demant.

Eftirlit með yfirtökureglum er í höndum FME og hefur það túlkunar- og úrskurðarvald í málinu. Gunnar vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Stoðtækjafyrirtækið er skráð á markað hér og á hlutabréfamarkað í Kaupmannahöfn og eru dönsku yfirtökureglurnar rýmri en þær íslensku. Stefnt er að afskráningu félagsins og verður fjallað um hana á hluthafafundi Össurar í næsta mánuði. **- jab**

# Gagnaverin farin að láta vita af sér á ný

## Breytingar á skattareglum hafa ýtt við þeim sem vilja reisa gagnaver hér. Allt er tilbúið, segir framkvæmdastjóri Farice.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar



**ERUM VEL TENGD** Ísland er tengt við umheiminn um þrjá sæstrengi. Tveir liggja héðan til meginlands Evrópu en einn til Grænlands og þaðan til Kanada. Þegar einn strengur bilar tekur annar sjálfkrafa við.

Áhugi þeirra sem vildu reisa hér gagnaver hefur lifnað við á ný eftir doða í kreppunni. Undanþágur frá virðisaukaskatti og samræming skattareglna um starfsemi gagnavera innan aðildarríkja Evrópusambandsins hafa orðið til að glæða lífi í hann.

„Þetta frumvarp um breytingu á virðisaukaskattslögum sem samþykkt var fyrir jól réði úrslitum um það hvort þessi iðnaður fer af stað hér eða ekki,“ segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, sem rekur sæstrenginga tvo, Farice og Danice. „Ef það hefði ekki gerst hefðu þeir aðilar bara pakkað saman sem eitthvað voru að skoða hér.“

Guðmundur segir að allir þeir sem viðrað hafi áhuga á því að reisa hér gagnaver hafi beðið svo mánuðum skipti eftir niðurstöðum frumvarps um starfsumhverfi þeirra hér í fyrra. Þegar það náði í gegn hafi komið kippur í málið.

Töluverður áhugi var hér fyrir um þremur til fjórum árum á byggingu gagnavera og talið að það myndi valda sprengingu í eftirspurn eftir fólki með hátæknimenntun. Fyrstu niðurstöður athugunar á samkeppnishæfni Íslands fyrir netþjónaúbú voru kynntar um mitt ár 2007 og voru þær einkar jákvæðar. Í kjölfarið lýstu erlendir hátæknirisar á borð við Yahoo, Microsoft og Google yfir áhuga á að reisa hér gagnaver og var stefnt á að þau myndu rísa á næstu tveimur til þremur árum. Síðan þetta var hefur lítið þokast. Eina gagnaverið sem risið hefur til þessa er á vegum Thor Data Center í Hafnarfirði auk þess sem vinna stendur yfir við byggingu vers Verne Holding á gamla varnarliðssvæðinu í Reykjanesi.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Thor Data Center, tók í samtali við Fréttablaðið á dögunum í svipaðan streng og framkvæmdastjóri Farice; áhugi á vistun gagna hér hafi aukist mikið eftir að frumvarpið hafi komist í gegn. Tækifæri séu fyrir hendi fyrir gagnaver hér enda farið að þrengja um þau í öðrum löndum.

Helsti þröskuldurinn á sínum tíma sem talinn var geta staðið í vegi fyrir uppbyggingu gagnavera var ótryggt netsamband Íslands við umheiminn. Guðmundur hjá Farice segir öryggið hafa batnað stórum frá því þetta var. Sæstrengirnir eru nú orðnir tveir auk þess sem fyrirtækið hafi síðastliðin tvö ár einnig haft aðgang að Greenland Connect, sæstreng Tele Greenland sem liggur á milli Íslands, Grænlands og Kanada og kemur á land í Landeyjum eins og Danice-strengurinn. Detti niður tenging á einum streng taki annar við. „Ísland er nú mjög vel tengt við umheiminn og getur þjónað ýmiss konar starfsemi,“ segir hann.

### Farice var á barmi gjaldþrots

Eignarhaldsfélag Farice var með níu milljarða króna skuldir í vanskilum í árslok 2009. Það jafngilti rétt tæpum helmingi allra skulda fyrirtækisins. Eignarhaldsfélagið átti í viðræðum við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu nær allt síðasta ár og var fyrirtækið með kyrrstöðusamning nánast allan tímann. Uppstokkun lauk rétt fyrir lok síðasta árs þegar ríkið og Landsvirkjun lögðu Farice til ellefu milljónir evra, jafnvirði 1,7 milljarða króna. Á sama tíma samþykktu lánardrottnar að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hlutafé. Við það hurfu Skipti og Vodafone ásamt Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku út af hluthafalista Farice. Í þeirra stað komu kröfuhafarnir, Arion banki, Landsbankinn og skilanefnd Glitnis.

### HLUTHAFAR

| Fyrir endurskipulagningu (2009): | |
|---|---|
| Landsvirkjun | 30% |
| Fjármálaráðuneytið | 25% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 17% |
| Skipti | 13% |
| Og fjarskipti (Vodafone) | 11% |
| HS orka | 4% |
| **Eftir endurskipulagningu (lok árs 2010):** | |
| Arion banki | 43,47% |
| Fjármálaráðuneytið | 28,07% |
| Landsvirkjun | 26,69% |
| Landsbankinn (NBI) | 1,05% |
| Skilanefnd Glitnis | 0,71% |



**BIÐIN Á ENDA** Kippur komst í viðræður við þá sem vilja reisa hér gagnaver eftir að Alþingi samþykkti frumvarp um breytingar á skattareglum fyrir jól, að sögn Guðmundar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Farice.


víb
ÁRANGUR TEKUR
Sparnaðarþjónusta fyrir alla
VÍB veitir sparifjáreigendum og fagfjárfestum alhliða þjónustu
Eignastýring Íslandsbanka hefur fengið nafnið VÍB og veitir alhliða eignastýringar- og verðbréfaþjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu. VÍB er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta.
Eigna- og lífeyrisþjónusta
Þegar um er að ræða hefðbundna ávöxtun fjármuna, sparnað í áskrift, stakar fjárfestingar eða ráðstafanir vegna lífeyrissparnaðar annast sérfræðingar okkar ráðgjöf og þjónustu.
Einkabankaþjónusta
Viðskiptavinum sem gera ríkari kröfur til þjónustu býðst einkabankaþjónusta með eigin viðskiptastjóra sem annast stjórn eignasafnsins og margvíslega ráðgjöf. Einkabankaþjónusta hentar kröfuhörðum viðskiptavinum sem vilja mikla alhliða þjónustu.
Netbanki
Fyrir þá sem kjósa að stýra eignasafni sínu sjálfir veitir Netbankinn greiðan og hagkvæman aðgang að einu breiðasta sjóðaúrvali landsins og hlutabréfum skráðum í kauphöll.
Sérfræðingar VÍB veita upplýsingar um sparnað og fjárfestingar sem henta stöðu hvers og eins. Líttu við á www.vib.is eða hafðu samband í síma 440 4900 til að panta viðtal við ráðgjafa eða fá nánari upplýsingar.
Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

# Uppstokkun á sparisjóðunum *enn í pípunum*

**Um tvö ár eru síðan fyrstu sparisjóðir landsins óskuðu eftir aðstoð ríkisins. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og nokkrir þeirra fallið í millitíðinni. En nú hillir undir að fjárhagslegri endurskipulagningu ljúki á næstu vikum. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðaði gang björgunaraðgerðanna og velti upp hugsanlegum breytingum sem kunna að verða á sparisjóðakerfinu.**

Margir sparisjóðir eru mjög laskaðir. En það er mjög misjafnt hvernig þeim hefur reitt af í hruninu. Það er ekki skrýtið, enda enginn á Íslandi, sem hefur verið í svona starfsemi sem ekki hefur látið á sjá," segir Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða.

Guðjón segir óvíst hvað björgunaraðgerðir sparisjóðanna muni kosta. Þótt ljóst sé að útlánasöfn þeirra séu illa farin mun endanleg mynd ekki fást af stöðunni fyrr en ljóst verði hvernig viðskiptavinir sparisjóðanna standi.

„Það eru ekki síður áherslur og ákvarðanir stjórnvalda um skuldaaðlögun íbúðareigenda og fyrirtækja sem komið hefur niður á sparisjóðunum. Þar er enginn til að taka tjónið á sig aðrir en þeir sjálfir," segir hann. „Þrýstingur um afskriftir skulda niður að 110 prósenta markaðsverðmæti fasteigna vegur þungt." Hann segir erfitt að átta sig á stöðunni. Viðskiptavinir sparisjóðanna standi misvel eftir landsvæðum og nefnir sem dæmi að íbúar Þórshafnar hafi ekki fundið fyrir uppsveiflunni eins og á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu. Ekki sé útilokað að skuldavandamálin þar séu minni en gert hafi verið ráð fyrir og því gæti kostnaðurinn við skuldaaðlögunina orðið mun minni þar en á suðvesturhorni landsins.

**BJÖRGUNARLÍNAN SEND ÚT**

Við setningu neyðarlaganna í október 2008 var veitt heimild til að leggja sparisjóðunum til fjármagn til að fleyta þeim í gegnum þau skakkaföll sem þeir urðu fyrir í hruninu. Framlagið miðaðist við 20 prósent af eigin fé þess sparisjóðs sem eftir því óskaði í lok árs 2007. Þegar þetta var voru tuttugu sjálfstæðir sparisjóðir í landinu með heildareignir upp á tæpa 450 milljarða króna. Gert var ráð fyrir að björgunaraðgerðir gætu kostað ríkið í kringum 20 milljarða króna.

Átta sparisjóðir hugðust nýta sér líflínu hins opinbera og óskuðu eftir framlaginu skömmu eftir áramótin 2009. Fljótlega kom hins vegar í ljós að í flestum tilvikum þurfti meira til en aukið fjármagn. Í kjölfarið tók við vinna að útfærslu á fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna. Það fól meðal annars í sér viðræður við kröfuhafa, flesta erlenda. Í nokkrum tilvikum sigldu viðræður í strand með tilheyrandi afleiðingum. Sparisjóðabankinn féll fyrstur – í mars. Það var fyrsti dómínókubburinn í þéttriðnu sparisjóðaneti. Sparisjóðabankinn var heildsölubanki sparisjóðanna og samtímis því helsti kröfuhafi þeirra. Við fall hans fluttust kröfur á hendur sparisjóðunum yfir til Seðlabankans og hefur hann í samstarfi við fjármálaráðuneytið og breska ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman unnið að samkomulagi um endurreisn sparisjóðanna.

Endurskipulagningin til þessa hefur falið í sér að hluta skulda er breytt í eigið fé, víkjandi lán og almenn lán. Stofnfé er afskrifað í mismiklum mæli, stundum nær alveg. Það fer eftir eiginfjárstöðu hvers sparisjóðs og því að hvaða marki varasjóðir þeirra eru neikvæðir. Fram til þessa hafa fimm sparisjóðir sem ekki uppfylltu skilyrði Fjármálaeftirlitsins um lágmark eigin fjár farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á þessum nótum. Seðlabankinn, sem eignaðist kröfur á hendur þeim í kjölfar falls Sparisjóðabankans breytti skuldum og stofnfé í eigið fé og færði umsjón með eignarhlutnum til Bankasýslu ríkisins.

**MIKIL FÆKKUN SPARISJÓÐA**

Sparisjóðirnir voru tuttugu talsins þegar hrunið skall á fyrir rúmum tveimur árum. Þeir eru nú helmingi færri, þar af einungis þrír sem segja má að séu sjálfstæðir. Starfsmenn eru nú rúmlega 220 á rétt rúmlega 40 afgreiðslustöðum víða um land. Bankasýsla ríkisins á hlut í fimm sparisjóðum og tveir heyra undir Arion banka. Þá var Byr sparisjóði breytt í hlutafélag í apríl í fyrra. Óvíst er hvaða örlög bíða SpKef í Keflavík, sem FME tók yfir á sama tíma og Byr. Kröfuhafar stýra í




## Töpuðu 135 milljörð um á tveimur árum

Afkoma sparisjóðanna hefur verið gagnrýnd lengi.

Sparisjóðirnir töpuðu 135 milljörðum króna á árunum 2008 og 2009. Það er næstum þrefaldur hagnaður þeirra á árabilinu 2001 til 2007. Að meðaltali var hagnaðurinn 8,1 milljarður króna á ári. Inni í tölunum er tæplega 38 milljarða króna hagnaður í uppsveiflunni 2006 og 2007. Ef þessi frávik eru undanskilin nam meðalhagnaður sparisjóðanna tæpum fjórum milljörðum króna á ári.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, segir skýringuna liggja í því undarlega samkeppnisumhverfi í viðskiptabankastarfsemi sem verið hafi við lýði í mörg ár. „Með tilkomu umfangsmikillar fjárfestingabankastarfsemi viðskiptab
á Íslandi minnkaði vægi r
legrar starfsemi. Viðskiptal
arnir græddu svo mikið á eig
og fjárfestingabankastarfse
vaxtamunur eða aðrar tek
smásölu skiptu engu máli, v
munur lækkaði og margs k
þjónusta, svo sem kreditkort
gefin í stórum stíl. Tekjumy
varð mjög óeðlileg, spari
ir urðu að keppa við viðsk
bankana í verðum og neyc
því til að finna aðrar tekju
ir en felast í hefðbundnum
og útlánum," segi hann og le
áherslu á að þótt þetta sé ein
uð mynd verði fólk að ger
grein fyrir því að heildarmy
verði að vera skýr áður en d
séu felldir um það hvað eig
á sér og hvað ekki.




# AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

Föstudaginn 18. febrúar 2011, kl.16.00 í ráðstefnusal félagsins, Borgartúni 37.

**DAGSKRÁ FUNDARINS**

**1)** Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4.5. gr. í samþykktum félagsins.

**2)** Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins leggur fyrir fundinn nýjar samþykktir fyrir félagið. Þær byggja að grunni til á eldri samþykktum félagsins með viðbótum sem stafa af nýlegum breytingum á lögum um hlutafélög. Ekki er um verulegar efnisbreytingar frá fyrri samþykktum að ræða.

**Helstu breytingar:**

- Stjórnarmönnum fjölgar úr þremur í fimm og kjörinn er einn varamaður.
- Hluthafafundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara.
- Tekin eru upp í samþykktirnar ákvæði um rafræn samskipti og rafræna hluthafafundi og þátttöku í kosningum utan funda.

Aðrar breytingar á samþykktum eru orðalagsbreytingar og ákvæðum raðað í nýja númeraröð.

Við nýjar samþykktir bætist ný grein, 15.02: Tillaga um heimild stjórnar til aukningar hlutafjár um allt að kr.100.000.000. Forgangsréttur hluthafa fylgir ekki hlutafjáraukningu þessari.

**3)** Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. grein hlutafélagalaga.

**4)** Starfskjarastefna.

**5)** Önnur mál löglega upp borin.

**Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning**

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sem lögð verður fram viku fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 16.00 föstudaginn 11. febrúar 2011. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

**a)** veitt öðrum skriflegt umboð
**b)** greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

**Aðrar upplýsingar**

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins, nýjar samþykktir og tillögur, eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 28. janúar 2011, kl. 16.00.

Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 11. febrúar 2011, kl.16.00.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, **www.nyherji.is.**

Reykjavík, 27. janúar 2011.
Stjórn Nýherja hf.

NÝHERJI

www.nyherji.is BETRI LAUSNIR



**Reykjavík** hefur fjölda forvitnilegra staða að bjóða þeim sem vilja skreppa í stuttar ferðir innan höfuðborgarsvæðisins. Elliðaárdalur er sérstaklega fallegur nú um mundir og gaman að ganga þar, til að mynda um Indíánagil.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**Akureyrsku feðgarnir Jóhann Björgvinsson og Leonard Jóhannsson aka létt á sínum öldnu bílum**




FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Síðustu módelin sem smíðuð voru af Jeepster

Þeir standa hlið við hlið í innkeyrslu á Akureyri Jeepsterarnir A 1666 og A 1667. Eins og samrýmdir bræður. Annar blár og hvítur með stórum brettum, árgerð 1972, hinn hvítur, árgerð 1973. Þeir eru af síðustu módelunum sem framleidd voru af þessari tegund þannig að þetta eru sögulegir bílar. „Já, þetta voru endalokin,“ segir Jóhann Björgvinsson, eigandi þess bláhvíta og kveðst ánægður með að hafa náð í eintak.

„Ég er búinn að eiga minn bíl frá 1979 en er reyndar talsvert búinn að breyta honum í gegnum tíðina. Setti hann á 44 tommu dekk 1988, þá var ekki algengt að bílar væru á svo stórum hjólum. Þetta var svona í upphafi jeppabreytingarmenningar,“ segir hann brosandi.

Leonard, sonur Jóhanns, á hvíta Jeepsterinn. Fann hann á netinu og keypti hann þegar hann var sextán ára og keppti á honum í sandspyrnu á sautján ára afmælinu, þannig að hann var strax tekinn til kostanna.

Jeepster var framleiddur af Willys-verksmiðjunum. Jóhann segir þá fyrstu hafa verið smíðaða 1948 en þeir hafi tekið breytingum gegnum árin. „Þeir eru aðeins lengri og rennilegri en gömlu Willys-jepparnir. Eru líka á mýkri fjöðrum sem þótti gott á malarvegunum í gamla daga,“ segir Jóhann. „Mér finnst þeir hafa góða aksturseiginleika, þeir eru léttir og drífa mjög vel.“

Báðir eru bílarnir notaðir til ferðalaga af og til. Jóhann kveðst hafa verið meðal fyrstu manna sem óku upp á Bárðarbungu árið 1986.

„Það er búið að prófa ýmislegt,“ segir hann. En hafa þeir feðgar aldrei velt bílunum? „Nei, það hefur ekki komið fyrir enn, sem betur fer,“ segir Jóhann en telur soninn reyndar hafa verið mjög nærri því. *gun@frettabladid.is*

Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

praxis
... þegar þú vilt þægindi
Leðurskór. Svartir.
Verð á par 14.990 kr.
California, með hrágúmmísóla.
Til í svörtu og hvítu. Stærðir 35-46. Verð 12.990
Opið mán. – fim.
kl. 11–17
fös. og lau.
kl 11–16
Verona sportskór. Til í svörtu og hvítu.
Stærðir 36-42. Verð 7.900 kr.
Bonito ehf. Praxis,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is



ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?
Þarft þú að láta skoða bílinn þinn? Á meðan skoðunin fer fram getur þú látið fara vel um þig í biðstofunni, fengið þér kaffisopa og gluggað í blöðin eða tímarit.
Við hvetjum þig til að koma tímanlega með bílinn í skoðun
Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár
Aðalskoðun
www.adalskodun.is
Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930
Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900
Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935
Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970
Opið kl. 8–17
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-0157

**Færeyjar** eru spennandi áfangastaður að heimsækja. Ferðaskrifstofa Akureyrar stendur fyrir 3ja daga helgarferð til Færeyja 3.-6. mars og 10.-13. mars með beinu flugi frá Akureyri.








# Vilja menga sem minnst

**Reiknað er með að bílaleigur landsins kaupi um 2.000 nýja bíla á þessu ári fyrir sumarferðamennskuna. Það er 1.200 bílum meira en þær keyptu árið 2009. Áhersla er lögð á sparneytna og umhverfisvæna bíla.**

„Gera má ráð fyrir að heildarmarkaður fyrir nýja bílaleigubíla verði um 2.000 á árinu," segir Skúli K. Skúlason, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs B&L og Ingvars Helgasonar ehf. Í sama streng tekur Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri hjá Brimborg. Hann segir um lítils háttar fjölgun að ræða frá árinu í fyrra, en árið 2009 hafi bílaleigurnar einungis keypt 600 nýja bíla. Báðir segja þeir bílaleigurnar kappkosta að kaupa sem sparneytnastar bifreiðar og þar af leiðandi eins umhverfisvænar og kostur sé.

Hjálmar Pétursson, framkvæmdastjóri bílaleigunnar ALP, segir stefna í afbragðs bókanir hjá bílaleigum landsins. ALP undirritaði nýlega samning um kaup á 215 nýjum bílum frá B&L og Ingvari Helgasyni ehf. sem verða afhentir á tímabilinu maí til júní. „Hluti þessara bifreiða fellur undir skilgreiningu Reykjavíkurborgar um vistvæna bíla og fær þess vegna frítt í stæði," segir Hjálmar.

Brimborg rekur leigurnar Dollar, Thrifty og Saga Car Rental og er með 4-500 bíla á háannatíma. „Við ætlum að kaupa 300 bíla og þetta ár verður það stærsta hvað slík kaup varðar," segir Egill. „Reyndar endurnýjuðum við aðeins á síðasta ári en árið 2009 var ekkert keypt." Egill segir stefnuna að halda mengun frá bílunum í lágmarki. „Í fyrra keyptum við 17 bíla með tækni sem er sérstaklega gerð til að minnka koltvísýringsútblástur og ætlum að bæta fleiri slíkum í flotann núna. Það er að verða mikil framför á þessu sviði hjá framleiðendum."

„Við erum bjartsýn hér og búumst við góðu ferðasumri. Því munum við kaupa um 400 nýja bíla," segir Sigfús Sigfússon hjá Hertz. Hann segir flotann þar um 1.000 bíla yfir háannatímann en á haustin sé þeim fækkað niður í 300. „Við reynum alltaf að endurnýja á eins og hálfs árs fresti. Síðustu tvö ár keyptum við um 300 bíla hvort ár en árið 2008 voru þeir um 700. Við veljum bíla með fremur litlar vélar og uppistaðan í flotanum er dísilbílar. Ferðamennirnir koma hingað til að skoða náttúruna og vilja almennt umhverfisvæn farartæki."

*gun@frettabladid.is*



Búist er við góðu ferðasumri í ár og fjölda bílaleigubíla á vegum landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vaðið í vötnum

**Vaðnámskeið á vegum Ferðafélags Íslands.**

Ferðafélag Íslands býður til vað-námskeiðsferðar um Merkurvötnin með gistingu og grillveislu í Skagfjörðsskála dagana 5. til 6. mars. Kennt verður að leita vaðs í ám og menn æfa sig í að vaða straumvatn.

Námskeiðið hentar vel öllum þeim sem á ferðum sínum koma að vatnsfalli og þurfa að komast yfir, hvort sem þeir eru gangandi, hjólandi eða akandi. Verklegar æfingar á Þórsmerkurleið helgina 5.-6. mars. Umsjón hefur Gísli Ólafur Pétursson,

Nánari upplýsingar á www.fi.is.



Saga Kínverja nær lengra aftur en nokkurrar annarrar þjóðar en hún er um 5.000 ára gömul. Kínverjar fundu meðal annars upp byssupúðrið og áttavitann.

www.visindavefur.hi.is










# Markmiðið persónuleg þjónusta og lágt lyfjaverð

**Fámennt en góðmennt starfslið vinnur í Skipholtsapóteki og veitir persónulega þjónustu en þannig má halda vöruverði niðri. Auk þess er þar mikið úrval vítamína og fæðubótarefna.**


Starfsmenn Skipholtsapóteks: Sigríður Björnsdóttir í afgreiðslu, Eyja Líf Sævarsdóttir lyfjafræðingur og Margrét Friðgeirsdóttir lyfjatæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Okkar sérstaða er afar gott úrval af vítamínum og fæðubótarefnum en þar erum við með mörg góð vörumerki," segir Eyja Líf Sævarsdóttir, lyfjafræðingur hjá Skipholtsapóteki.

Hún segir helsta markmið Skipholtsapóteks vera að veita persónulega þjónustu auk þess að halda lyfjaverði niðri. Það sé gert með fámennum en góðmennum hópi starfsfólks.

„Við bjóðum upp á persónulega þjónustu og þótt við höfum ekki úr stórum flota starfsfólks að spila líður okkur eins og viðskiptavinir okkar séu mjög ánægðir. Fólk leitar mikið til okkar, bæði út af lágu lyfjaverði og svo vegna kvilla sem hrjá það, en það fær upplýsingar hjá okkur og virkilega persónulega þjónustu. Starfsfólkið býr yfir mikilli þekkingu og ef þekking okkar þrýtur höfum við aðgang að alls kyns uppflettiritum sem hjálpa okkur að aðstoða fólk."

Eyja Líf segir viðskiptavini mikið spá í vöruverð þessi misserin og hún bendir fólki á að láta starfsfólk Skipholtsapóteks vita ef það finnur sams konar lyf á ódýrara verði annars staðar. „Við keppumst við að vera með þeim lægstu og þar sem við stöndum ekki sjálf í verðkönnunum höfum við beðið fólk að hjálpa okkur og benda okkur á ef verðið er lægra annars staðar."

Hún segir fólk einnig meðvitaðra um bætiefni og vítamín og heilsufar sitt almennt. „Fólk áttar sig á því að hægt er að bæta heilsufarið með vítamínum í stað lyfjagjafar. Sem lítið dæmi má nefna sinadrátt, sem kemur oft fram vegna skorts á magnesíum í líkamanum.

Fólk er líka orðið vakandi fyrir d-vítamínþörf sinni en Íslendinga skortir gjarnan d-vítamín. Bæði byggir vítamínið upp bein og getur haft fyrirbyggjandi áhrif gagnvart sjúkdómum, til að mynda krabbameini."

Af þeim vörumerkjum sem fást í vítamínum hjá Skipholtsapóteki má nefna Now, Nature´s own, Windmill og Heilsu-vítamínin.

„Við bjóðum upp á lítið af snyrtivörum, en erum þess í stað með góð græðandi krem fyrir hendur, fætur og húð, andlitskrem og gott vöruúrval fyrir eldra fólk sem er til dæmis að kljást við þvagleka. Og auðvitað allar þessar hefðbundnu apóteksvörur, sápur, krem og annað slíkt."

## Afsláttur í febrúar



**15% AFSLÁTTUR AF NICOTINELL**
Taktu skrefið og hættu að reykja með hjálp Nicotinell. Skipholtsapótek býður upp á gott úrval af Nicotinell-vörum og starfsfólk apóteksins aðstoðar þig við valið. Í febrúarmánuði er 15% afsláttur af öllum Nicotinell-vörum í Skipholtsapóteki.



**20% AFSLÁTTUR AF VÍTAMÍNUM**
Hvort sem það er A, B, C, D eða E þá býður Skipholtsapótek upp á fjölbreytt úrval af vítamínum sem styrkja líkama og sál. Starfsfólkið aðstoðar þig við valið á vítamíninu sem hentar þér og þú færð 20% afslátt af öllum vítamínum út febrúarmánuð.

**20% AFSLÁTTUR AF JOHN FRIEDA-HÁRVÖRUM**
Hár er höfuðprýði segir á góðum stað og John Frieda býður upp á hárvörur sem henta öllum. Nú í febrúar bjóðum við 20% afslátt af þessum frábæru hárvörum. Gríptu tækifærið!





15% afsláttur
af Nicotinell í
Skipholtsapóteki
út febrúar

PIPAR\TBWA • SÍA • 110315

Skipholt 50b • 105 Reykjavík • 551 7234

SKIPHOLTS APÓTEK
– ódýr lyf


Lækningaminjasafn Þjóðminjasafns Íslands er nú til húsa í Nesstofu.

**● FYRSTI LYFJAFRÆÐINGURINN Á ÍSLANDI** Fyrsti lærði íslenski lyfjafræðingurinn var Björn Jónsson (1738-1798) lyfsali í Nesapóteki. Nesapótek eða landlæknisapótekið varð síðan að Reykjavíkurapóteki árið 1834 og var það lagt niður hinn 1. apríl 1999. Þetta elsta apótek á Íslandi hafði því verið á tveimur stöðum í 236 ár þegar því var lokað. Akureyrarapótek starfaði frá 1819 til 1823 og svo á ný eftir 1836 og lyfjabúð var sett á stofn í Stykkishólmi árið 1835. Uppbygging lyfjafræðináms á Íslandi og fjölgun apóteka gekk því hægt fyrir sig. *Heimild: laeknabladid.is*







**Austurríska tónskáldið Franz Joseph Haydn (1732-1809) samdi gamanóperu sem gerist í apóteki.**

**● ÓPERA UM ÁST OG AFBRÝÐISEMI** Apótekarinn eftir Franz Joseph Haydn er gamanópera um ást og afbrýðisemi. Grilletta er ung og efnuð stúlka, skjólstæðingur gamla apótekarans Sempronio. Hann hefur lítinn áhuga á apótekarastarfinu og kysi helst sjálfur að kvænast Grillettu, en hún á sér tvo vonbiðla. Þeir eru hinn ríki Volpino og ungi pilturinn Mengone, sem starfar í apótekinu til að vera nálægt sinni heittelskuðu þótt hann kunni lítt til verka. Eftir mikinn misskilning og fjaðrafok sigrar ástin að lokum og allt fellur í ljúfa löð.

**● SHAKESPEARE-ÞÝÐANDI OG LYFJAFRÆÐINGUR** Helgi Hálfdanarson (14. ágúst 1911-20. janúar 2009) var menntaður lyfjafræðingur og var lyfsali á



Húsavík og í Reykjavík. Hann var helsti þýðandi Íslendinga á 20. öld og þýddi meðfram vinnu sinni öll leikrit Williams Shakespeare, gríska harmleiki eftir Æskýlos, Sófókles og Evripídes, Pétur Gaut eftir Henrik Ibsen og mörg önnur þekkt leikrit í bundnu máli. Hann þýddi einnig Kóraninn og mörg ljóð frá Japan og Kína og töluvert frá Evrópu og víðar. Helgi skrifaði auk þess mikið um íslensk fræði og pistla í dagblöð og á mörg velheppnuð nýyrði í íslensku eins og til dæmis „heilkenni“ (syndrome).



**● BRANDARI**
Kona nokkur kemur inn í apótek og biður um arsenik.

*„Og hvað ætlarðu að gera við það?“ spyr apótekarinn.*

„Ég ætla að eitra fyrir manninum mínum því hann er byrjaður að halda framhjá mér.“

*„Ég get ekki selt þér arsenik til þess,“ segir apótekarinn, „jafnvel þó að hann sé farinn að halda framhjá þér.“*

Þá dregur konan upp mynd af manninum sínum í ástarleik við konu apótekarans.

*„Ó,“ segir apótekarinn, „ég gerði mér ekki grein fyrir því að þú værir með lyfseðil.“*



„Við leggjum okkur fram um að leysa hvers manns vanda," segir Axel Ólafur Smith, lyfsali í Lyfjum & heilsu í JL-húsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forvarnir og persónuleg þjónusta

**Lyf & heilsa í JL-húsinu við Hringbraut býður upp á alla almenna þjónustu apóteka, auk þess sem áhersla er lögð á forvarnaþjónustu og persónuleg samskipti við viðskiptavinina.**

„Markmið okkar er að bjóða lyf og aðrar heilsutengdar vörur sem auka lífsgæði viðskiptavina okkar," segir Axel Ólafur Smith, lyfsali í Lyfjum & heilsu í JL-húsinu. „Við vitum að viðskiptavinirnir koma til okkar með viðkvæm og persónuleg mál sem snúast um það sem skiptir okkur mestu máli – góða heilsu. Þess vegna leggjum við okkur fram um að veita persónulega, trausta og faglega þjónustu."

Axel tók við starfi lyfsöluleyfishafa í Lyfjum & heilsu í JL-húsinu árið 2007 og hefur síðan lagt sig fram við að bæta vöruframboð og þjónustu. „Lyf & heilsa í JL-húsinu hefur alltaf lagt áherslu á gott úrval af vítamínum og öðrum heilsuvörum. En þegar úrvalið er mikið er oft erfitt fyrir viðskiptavininn að átta sig á hvað hentar best og því erum við boðin og búin að aðstoða við rétta valið. Hjá okkur er líka gott úrval af hjúkrunarvörum, snyrtivörum og vönduðum barnavörum. Eldri borgurum og öryrkjum bjóðum við alltaf fimm prósenta afslátt af öllum vörum og bjóðum upp á lyfjaskömmtun fyrir þá sem þess óska."

Í Lyfjum og heilsu er líka boðið upp á forvarnaþjónustu í formi blóðþrýstingsmælinga, blóðsykursmælinga og blóðfitumælinga. „Við bjóðum upp á þrenns konar mælingar: blóðþrýstings-, blóðfitu- og blóðsykursmælingu," segir Axel. „Slíkar mælingar geta gefið vísbendingar um líkamsástand þitt til framtíðar.

Við bjóðum einnig upp á sérhæfða ráðgjöf fyrir reykingafólk sem vill hætta að reykja. Við leggjum metnað okkar í að veita ávallt áreiðanlega ráðgjöf um heilbrigði og heilsu. Fólk getur leitað til okkar þegar það vill fræðast nánar um lyfin sem það tekur eða þegar það vill fá ráðleggingar um lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld og aðrar heilsutengdar vörur. Við leggjum okkur fram um að leysa hvers manns vanda," segir Axel. „Við erum í góðu samstarfi við læknamiðstöðvarnar í hverfinu og lítum á okkur fyrst og fremst sem hverfisapótek, þótt við eigum líka stóran hóp viðskiptavina úr öðrum hverfum."



# Lengri opnunartími í Vesturbænum

Lyf & heilsa í JL-húsinu býður nú upp á lengri opnunartíma en önnur apótek í vesturhluta borgarinnar.

Nú er opið til klukkan 22 öll kvöld vikunnar og á virkum dögum opnum við klukkan 8 á morgnana, sem kemur sér vel fyrir þá sem eru að koma af heilsugæslustöðinni og vilja sækja sér lyf á leið til vinnu. Um helgar opnum við klukkan 10 og höfum opið til klukkan 22. Viðskiptavinir okkar kunna vel að meta lengri opnunartíma og hafa verið duglegir að nýta sér hann, jafnt snemma á morgnana og síðla kvölds.

## Þjónusta við eldri borgara

Eldri borgarar og öryrkjar fá fimm prósenta afslátt af öllum vörum í Lyfjum & heilsu í JL-húsinu. Auk lyfjaskömmtunar, sem er afar þægileg fyrir fólk sem tekur fleiri en eitt lyf að staðaldri, er einnig boðið upp á þá þjónustu að geyma fjölnota lyfseðla ef þess er óskað. Þá er engin hætta á að lyfseðillinn týnist og með einu símtali geta lyfin verið tilbúin þegar viðskiptavinurinn kemur í apótekið. Þessi þjónusta er í boði fyrir alla viðskiptavini.



Lyf & heilsa býður upp á lyfjaskömmtun fyrir þá sem þurfa að taka fleiri en eitt lyf að staðaldri.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462
og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is s. 512 5432.



# Konan segir skemmtilegast fyrir mig að vinna með fríðum flokki kvenna

**Garðs Apótek er afbragðsdæmi um að með nýjum mönnum koma nýir siðir og ný tækifæri sem eru einkar hagstæð almenningi.**



Haukur Ingason apótekari í Garðs Apóteki þar sem sífellt fleiri koma til að kaupa lyf á lægra verði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mig langaði að breyta til eftir mörg ár í starfi hjá lyfjaframleiðendum og keypti Garðs Apótek þegar það bauðst fyrir fimm árum. Ég er bjartsýnn að eðlisfari og þótti það spennandi áskorun, enda hefur gengið afar vel allar götur síðan,“ segir Haukur Ingason apótekari í Garðs Apóteki þar sem verslun og viðskipti hafa margfaldast síðan Haukur tók við lyfsöluleyfinu.

„Ég byrjaði á að lækka lyfjaverð allverulega og viðskiptavinir streymdu að. Síðan höfum við ávallt komið vel út úr verðkönnunum á lausasölulyfjum og lyfseðilsskyldum lyfjum og ótal sinnum verið með lægsta verð á landinu. Fljótlega tók ég svo húsnæði apóteksins í gegn, bæði að utan og innan, skipti um þak, glugga og setti upp ný skilti, ásamt því að stækka innra rýmið til mikilla muna með því að opna ónotuð herbergi. Garðs Apótek hefur því tekið miklum stakkaskiptum síðustu fimm ár og er nú orðið miklum mun opnara, rúmbetra og bjartara en áður,“ segir Haukur um apótekið sitt sem er sannkallað fjölskyldufyrirtæki.

„Frúin, sum barnanna okkar og fleiri í stórfjölskyldunni vinna hér með mér og í apótekinu ríkir heimilislegt andrúmsloft. Fólki líkar vel að koma því starfsfólkið tekur vel á móti því, og margir njóta þess að tylla sér niður á notalegum „kaffibarnum“ okkar með tímarit eða bara í slökun á meðan þeir bíða eftir lyfjunum sínum. Þá er viðtalsherbergi okkar fyrir viðkvæm mál viðskiptavinanna vel nýtt, og einnig til blóðþrýstingsmælinga,“ segir Haukur sem fundið hefur mikla velvild nágranna sinna í Bústaðahverfinu, en viðskiptavinir koma víða að.

„Hverfisbúar hafa tekið okkur opnum örmum og líkar vel við breytingarnar á þessu rótgróna apóteki, sem og hagstætt vöruverðið. Við erum líka alltaf að taka inn nýjar vörur og erum með sérsamninga í sölu næringardrykkja, þvagleggja og fleira sem fólk getur sótt beint til okkar. Þá erum við með úrval snyrtivara, ekki síst íslenskra húð- og heilsuvara og erum alltaf að bæta inn spennandi heilsuvöru,“ segir Haukur sem í Garðs Apóteki býður upp á lyfjaskömmtun fyrir þá sem óska og heimsendingar á öllu höfuðborgarsvæðinu ásamt póstsendingum um land allt.

„Eftir að lyfseðlar fengust sendir rafrænt í apótek hefur fólk á landsbyggðinni orðið meðvitaðra um tækifæri sín til að fá ódýrari lyf heimsend í póstkröfu, án þess að þurfa nokkurn tímann að fara sjálft í apótek um langan veg og á dýru bensínverði. Það er auðvitað miklu hagstæðari kostur, og æ fleiri sem nýta sér það,“ segir Haukur sem kann ákaflega vel við sig í apótekinu.

„Starfið er afskaplega ánægjulegt og gefandi samskiptin við almenning, þótt konan segi skemmtilegast fyrir mig að vinna með fríðum flokki starfskvenna apóteksins,“ segir Haukur hlæjandi. „Við erum akkúrat í nýtreiknaðri miðju höfuðborgarsvæðisins og því í alfaraleið úr öllum áttum, en margir koma úr nágrannabæjunum og austan að, því aðgengi er gott og verðið einstakt, en margir láta uppi að þeir vilji síður versla við stóru lyfjakeðjurnar eftir hrunið og aðild kaupahéðnanna frægu að þeim.“

Garðs Apótek er opið alla virka daga frá klukkan 9 til 18, en lokað um helgar. Sími 568 0990. Sjá www.gardsapotek.is.

# Einkarekið apótek í 55 ár

Garðs apótek er eitt af fáum einkareknum apótekum höfuðborgarsvæðisins og tengist hvorki lyfjakeðjum né eignarhaldsfélögum. Apótekið dregur nafn sitt af Hólmgarði 34, þar sem það var fyrst opnað í október fyrir 55 árum, en síðan flutti það að Sogavegi 108 þar sem það er nú til húsa.

Stofnandi og fyrsti lyfsali Garðs Apóteks var Mogens A. Mogensen. Hann rak apótekið til ársins 1984 en þá tók Örn Ævarr Markússon við apótekinu og var lyfsali þess til loka ársins 1997. Jón R. Sveinsson tók næstur við lyfsöluleyfinu og rak apótekið til 1. ágúst 2006 að núverandi apótekari, Haukur Ingason, keypti Garðs Apótek og tók við lyfsöluleyfi þess. Haukur er því fjórði apótekarinn í meira en hálfrar aldrar sögu Garðs Apóteks.

Haukur er Kópavogsbúi, ættaður úr austri og vestri, frá Reyðarfirði og Ísafirði, stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi og lyfjafræðingur frá Lyfjafræðiháskólanum í Kaupmannahöfn. Eiginkona Hauks er Katrín Þórarinsdóttir úr Reykjavík, ættuð undan Eyjafjöllunum og frá Snæfellsnesi. Saman eiga þau fjögur börn.



Garðs Apótek er á horni Sogavegar og Réttarholtsvegar, en dregur nafn sitt af fyrstu heimkynnum sínum sem voru við Hólmgarð 34. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg Opið kl. 9-18 • Sími 5680990 • www.gardsapotek



Aðalsteinn Loftsson, lyfsali í Lyfju í Lágmúla, segir ákveðin þáttaskil hafa orðið á íslenskum lyfjamarkaði með tilkomu fyrirtækisins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frumkvöðull á markaði

**Lyfja hefur um árabil staðið fyrir nútímavæðingu á íslenskum lyfjamarkaði.**

Lyfja hf. var stofnuð árið 1995 og hóf rekstur lyfjabúðar í Lágmúla 5 árið 1996. Aðalsteinn Loftsson, lyfsali í Lágmúla, segir ákveðin þáttaskil hafa orðið á íslenskum lyfjamarkaði með tilkomu fyrirtækisins.

„Búðin var opnuð eftir að lög sem heimiluðu frjálsa sölu á lyfjum tóku gildi. Fram að því fengu menn úthlutað leyfi frá yfirvöldum og hálfgert lénsskipulag var við lýði, þar sem gamaldags apótek réðu ríkjum. Verðið var alls staðar það sama og því engin samkeppni í gangi.Lyfja breytti þessu öllu saman, var frumkvöðull í nútímavæðingu meðal annars með lækkun á lyfjaverði og í aukinni þjónustu.“ Aðalsteinn segir fyrirtækið enn vera leiðandi á sviði nýjunga. „Þar sem Lyfja er má nálgast lyf í skömmtun eða í pósti fyrir þá sem búa langt í burtu frá viðkomandi apóteki,“ tekur hann sem dæmi, en Lyfja á og rekur fjórtán apótek og útibú í eigin nafni víðs vegar um landið. Þá býður Lyfja upp á bólusetningu við inflúensu á haustin á sambærilegu verði og heilsugæslustöðvar bjóða einstaklingum og í Lyfju í Lágmúla býðst ein fjölbreyttasta hjúkrunarþjónusta landsins.

„Hátt þjónustustig sést líka af tímariti sem við gefum út árfjórðungslega, Lifið heil, þar sem tekið er á ýmsum málefnum og er nýjasta tölublaðið tileinkað nýbökuðum mæðrum,“ bendir Aðalsteinn á og bætir við Lyfja haldi líka úti vefsíðu, lyfja.is, sem geymir ýmsan fróðleik, þar á meðal fullkomna lyfjabók. „Fólki gefst þar kostur á að senda inn fyrirspurnir og fá svör, en það getur auðvitað líka haft samband símleiðis í Lágmúla þar sem lyfjafræðingur situr fyrir svörum alla daga frá klukkan sjö á morgnana til eitt á nóttunni.“

Langur opnunartími er að hans sögn einn liður í aukinni þjónustu við viðskiptavini Lyfju. „Í Lágmúla er opið frá klukkan sjö til eitt og á Smáratorgi frá átta á morgnana til miðnættis alla daga, en það nýta sér margir sem sækja Læknavaktina,“ bendir hann á og segir vel tekið á móti öllum viðskiptavinum.

„Hjá fyrirtækinu starfa í kringum 300 manns, sem eru boðnir og búnir til að aðstoða fólk eftir bestu getu.“

# Fjölbreytt og góð þjónusta

- Lyfja hefur í mörg ár boðið upp á ýmsa þjónustu svo sem mælingar, ráðgjöf um heilsu og hjúkrunarvörur. Þar sem biðin getur oft verið löng á sjúkrastofnunum getum við aðstoðað við að taka sauma, léttar sáraskiptingar auk þess sem við bjóðum upp á sprautun í Lágmúla milli kl. 10-12 virka daga.
- Í Lyfju Lágmúla veitum aðstoð og kennslu við sérhæfðar hjúkrunarvörur svo sem stómavörur og fylgihluti, barkastómavörur og fylgihluti, þvagleggi og fylgihluti, sykursýkisvörur, næringardrykki, sjúkrasokka, stuðnings- og þrýstisokka, einnig höfum við gott úrval af stoðvörum.
- Heimsendingarþjónusta er á vörum sem eru niðurgreiddar af Tryggingastofnun hjá Lyfju í Lágmúla. Á höfuðborgarsvæðinu er sent heim þrjá daga vikunnar auk þess sem við sendum þessar vörur um land allt.



Sigrún Gísladóttir, Sigríður Kristín Gunnarsdóttir og Hrönn Bernharðsdóttir. Guðbjörgu Sigurz vantar á myndina.

## Í LÁGMÚLA OG SMÁRATORGI MÆLUM VIÐ:

- Blóðþrýsting (boðið er upp á mælingu í öllum verslunum Lyfju)
- Blóðfitu (HDL, LDL og þríglyseríðar)
- Blóðsykur
- Blóðrauða (hemóglóbín)
- Beinþéttni
- Öndun og kolmónoxíð í útöndun
- Súrefnismettun í blóði

Í Lyfju í Lágmúla er opið frá klukkan 8 til 17 alla virka daga, laugardaga frá klukkan 11 til 15 og á Smáratorgi frá klukkan 8 til 12 mánudaga til fimmtudaga. Panta þarf tíma í Lyfju á Smáratorgi í síma 564-5600.

LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is

Þú færð lyfjaskömmtun í þinni heimabyggð

**Gott skipulag er mikilvægt** - ekki síst þegar taka þarf inn mörg lyf. Tölvustýrð lyfjaskömmtun er öruggasta leiðin við að skammta lyf. Með því að pakka lyfjunum í sérstaka litla poka kemst betri regla á lyfjainntöku og öryggi eykst til muna.

- **Aukin þægindi**
- **Handhægar pakkningar**
- **Meira öryggi**
- **Árangursríkari lyfjameðferð**
- **Lyfin gleymast síður**
- **Lyfin tekin í réttum skömmtum**
- **Lyfin tekin á réttum tíma**
- **Rétt lyf tekin inn**

**Kynntu þér málin í næstu verslun Lyfju.**
Við erum þér ávallt innan handar.



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 53599 02/11

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi
Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík
Blönduósi - Hvammstang - Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði
Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík



Árbæjarapótek er opið virka daga frá kl. 9-18.30 og laugardaga frá kl. 10-14





Árbæjarapótek

Hraunbæ 115
110 Reykjavík
Sími: 567 4200
www.arbaejarapotek.is


# Allt er fertugum fært

Árbæjarapótek stendur á fertugu í ár en þar ríkir hlýlegur andi og afbragðs þjónusta sömu fjölskyldu lyfsala frá upphafi.

„Ég var nú mest úti í fótbolta á æskuárunum í Árbænum en kíkti við í apótekinu hjá pabba öðru hvoru og fékk áhuga á starfinu þegar ég komst til vits og ára,“ segir lyfjafræðingurinn Kristján Steingrímsson, sem tók við rekstri Árbæjarapóteks af föður sínum Steingrími Kristjánssyni um áramótin 1998.

„Pabbi opnaði apótekið 1971 í Hraunbæ 102a, en 2008 fluttum við í glæsilegt húsnæði að Hraunbæ 115, þar sem aðstaðan stækkaði til muna,“ segir Kristján, sem spilaði knattspyrnu með Fylki til margra ára og hefur unnið mestan sinn starfsaldur í Árbæ.

„Árbærinn er eins og bær í borginni og hér þekkjast flestir, sem mér þykir vinalegt. Árbæingar hafa frá upphafi haldið tryggð við sitt hverfisapótek, enda vita þeir fyrir hvað við stöndum,“ segir Kristján um fertugt fjölskyldufyrirtækið.

„Lyfsala er helsta verkefni apóteksins og fá öryrkjar og ellilífeyrisþegar tíu prósenta afslátt af lausasölulyfjum og vítamínum. Þá leggjum við áherslu á lágt verð nikótínlyfja, sem er okkar framlag til að hjálpa fólki að hætta að reykja,“ segir Kristján. „Svo eru alltaf spennandi tilboð á heimasíðunni, eins og í aðdraganda Konudags þegar við bjóðum 20% afslátt af konuilmum,“ segir Kristján, strax farinn að hlakka til 40 ára afmælis Árbæjarapóteks í desember.

„Þá munum við gera sitthvað til hátíðabrigða og halda áfram okkar striki. Að vísu er pabbi hættur störfum en er alltaf hér með annan fótinn að fylgjast með stráknum og gamla apótekinu.“

Sjá www.arbaejarapotek.is



**Kristján með starfsfólki sínu í Árbæjarapóteki, sem verður fjörutíu ára í desember, en þá verður sitthvað gert til hátíðabrigða í apótekinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sjálfstætt í Hafnarfirði

Fyrir tæpu ári var Apótek Hafnarfjarðar opnað á Völlunum og var vel tekið af íbúum þar sem og í nærliggjandi hverfum.

„Okkar sérstaða hér í Hafnarfirði er að við erum eina sjálfstætt rekna apótekið, það er að segja, við tengjumst ekki neinum öðrum apótekum eða stærri keðjum,“ segir Magnús Sigurðsson, lyfsali í Apóteki Hafnarfjarðar á Tjarnarvöllum 11. Hann segir fólk spá meira í eignarhald á verslunum en áður. Mörgum líki betur að versla við minni sjálfstætt starfandi aðila en stórar keðjur.

Apótek Hafnarfjarðar var opnað í mars á síðasta ári og var vel tekið af íbúum á Völlunum sem og annars staðar í Hafnarfirði. Bæði er apótekið opið lengur en önnur apótek í bænum, til klukkan hálfsjö alla virka daga, og svo höfðu íbúar á Völlunum ekki haft aðgang að apóteki í sínu nánasta umhverfi.

„Apótek er hluti af heilbrigðiskerfinu og því nokkuð sem allir íbúar þurfa að hafa greiðan aðgang að. Við erum ánægð með móttökurnar sem við höfum fengið en viðskiptavinahópur okkar hefur stækkað jafnt og þétt. Þar hjálpar eflaust til að við tökum öllum með bros á vör og persónulegri þjónustu. Við erum að fá sama fólkið til okkar aftur og aftur. Við teljum okkur vera ódýran og góðan valkost fyrir alla á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi.“

Vöruúrvalið er mjög breitt. Fyrir utan öll lyf er gott úrval af vítamínum, hjúkrunarvörum, snyrtivörum, hárvörum og öllum þeim hefðbundnu vörum sem fást í apótekum. Apótek Hafnarfjarðar er opið frá klukkan 9-18.30 á virkum dögum og frá 10-16 um helgar.



**Magnús Sigurðsson, lyfsali í Apóteki Hafnarfjarðar, segir mörgum líka betur að versla við minni sjálfstætt starfandi aðila.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Apótek Hafnarfjarðar

Opið
kl. 9-18.30
alla virka daga
kl. 10-16
á laugardögum

Tjarnarvellir 11, Hafnarfirði.




**Apótekari er örlagavaldur í leikriti Williams Shakespeare um Rómeó og Júlíu.**

# Ástardrykkir og önnur töfralyf

**Apótekari er grískt orð sem var í upphafi starfsheiti heilbrigðisstéttar sem blandaði og dreifði lyfjum og öðrum lækningavörum til lækna, skurðlækna og sjúklinga, svipað og lyfsalar gera í dag, en þeir sinntu einnig ýmsum lækningum.**



**Fólk hefur leitað bótar meina sinna hjá apótekurum frá örófi alda.**

Fyrsta skráða heimildin um apótekara er í annarri Mósebók Biblíunnar, þar sem Guð gefur Móses uppskrift að hinni heilögu olíu sem hann átti að nota til að smyrja steintöflurnar með boðorðunum og tekur fram að hún verði að vera gerð samkvæmt reglum apótekara.

Salómon konungur vitnar einnig til apótekara og sömuleiðis koma þeir við sögu í Kantaraborgarsögum Chaucers og leikriti Shakespeares um Rómeó og Júlíu.

Skráðar heimildir um verslanir apótekara, apótek, er þó ekki að finna fyrr en árið 754 þegar fyrsta apótekið var opnað í Bagdad. Þaðan dreifðist verslunarrekstur-inn um allan hinn íslamska heim; mörg dæmi eru um skráð apótek í íslamska hluta Spánar á elleftu öld og um svipað leyti fara apótek að skjóta upp kollinum annars staðar í Evrópu. Þangað sótti fólk sér bót minniháttar meina og það var ekki fyrr en læknisstéttinni óx fiskur um hrygg á átjándu öldinni sem apótekarar hættu að stunda lækningar jafnframt lyfjagerðinni og færðust nær því hlutverki sem þeir hafa í dag.

Apótekarar notuðu sitt eigið mælikerfi til að tryggja nákvæma mælingu á þeim innihaldsefnum sem hvert lyf átti að innihalda og gátu menn átt von á sektum og jafnvel lögsókn ef efnin voru ekki í réttum hlutföllum í lyfjunum. Hins vegar blómstraði ýmiss konar undirheimabrask í stéttinni og voru ástarlyf og aðrir töfradrykkir vinsæl söluvara apóteka lengi fram eftir öldum.

*Heimild: wikipedia.org*

● **DÝR** Erlendis eru víða sérstök apótek fyrir dýr, þótt slíkt þekkist ekki enn á Íslandi. Eru þau þá ýmist tengd dýraspítölum, sjálfstæð eða stunda netsölu. Dýraapótek hafa á boðstólum öll þau lyf sem notuð eru við algengustu kvillum dýra, í mismunandi styrkleikum og pakkningastærðum. Þar sem þarfir dýra og reglugerðir um lyf fyrir þau eru mjög ólík þörfum manna hefur víða þótt fara betur á því að halda dýraapótekum aðskildum frá venjulegum apótekum sem einbeita sér að lyfjum fyrir mannfólkið.



# Eitt tæknivæddasta apótek Evrópu

**Tölvustýrð lyfjaskömmtun er örugg, fljótleg og hagkvæm að sögn Ragnheiðar Gunnarsdóttur, lyfjafræðings og lyfsala í Lyfjaveri við Suðurlandsbraut 22 í Reykjavík.**

„Við notum ávallt nýjustu og bestu mögulega tækni við lagerhald og afgreiðslu lyfja.“ segir Ragnheiður Gunnarsdóttir, lyfsali í Lyfjaveri Suðurlandsbraut 22. Hún telur slíka afgreiðslu bæði örugga og hagkvæma. „Við erum eitt tæknivæddasta apótek Evrópu og höfum verið leiðandi í lágu lyfjaverði,“ lýsir hún.

Tölvustýrð lyfjaskömmtun hentar að sögn Ragnheiðar vel fyrir einstaklinga á öllum aldri og sérstaklega fyrir þá sem taka inn að staðaldri þrjú eða fleiri lyf á ólíkum tímum dagsins. „Lyfjaskömmtunin gengur þannig fyrir sig að lyfjunum er pakkað í skammta fyrir hverja inntöku. Notandinn fær þau afhent í rúllu þar sem hver dagskammtur er í litlum merktum poka,“ lýsir hún og segir rúlluna endast í 14 eða 28 daga. Á pokanum komi fram nafn lyfjanna, hvenær eigi að taka þau inn, hvaða læknir ávísi þeim, dagsetning og inntökutími þeirra. „Þetta fyrirkomulag auðveldar notandanum að taka inn réttu lyfin á réttum tíma og eykur þannig öryggi hans,“ bendir hún á.



Lyfjaskömmtunarrúlla eins og Lyfjaver afgreiðir.

Lyfjaver hf. var stofnað 1998 og er brautryðjandi tölvustýrðrar lyfjaskömmtunar, sem hófst árið 1999. Ragnheiður segir starfsemina hafa vaxið hratt. „Fyrirtækið byrjaði með lyfjaskömmtun í litlu rými en hefur þróast yfir í glæsilegt apótek og stóra heilsuverslun. Það er í dag sennilega með fleiri viðskiptavini en nokkurt annað apótek, enda þekkt fyrir lágt verð og góða þjónustu,“ segir hún og telur að með innflutningi lyfja samhliða því að nota ávallt nýjustu og bestu tækni hafi Lyfjaveri tekist að standa vörð um lágt lyfjaverð til neytenda.

Lyfjaver býður upp á heimsendingu lyfja. „Ef lyfseðlar berast okkur fyrir hádegi er hægt að senda lyfin heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu alla virka daga. Póstsendingar út á land afhendast næsta virka dag fyrir utan örfáa staði á landinu en þá tekur tvo sólarhringa að afhenda lyfin,“ segir Ragnheiður. Hún segir einnig almenna upplýsingaþjónustu á staðnum og tekur dæmi. „Neytandinn getur hringt og fengið upplýsingar frá lyfjafræðingi um lyf og inntöku þeirra.“



„Við reynum að nota okkur nýjustu og bestu tæknina til að standa vörð um lágt lyfjaverð til neytandans,“ segir Ragnheiður Gunnarsdóttir, lyfsöluleyfishafi Lyfjavers. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Mikil prýði þótti að gömlu innréttingunum í Reykjavíkurapóteki en þær eru nú í geymslu.



Guðjón Samúelsson teiknaði húsið sem Reykjavíkurapótek var starfrækt í á árunum 1930-1999. 365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR




Séð inn um glugga gamla Reykjavíkurapóteks.

# Apótekið í Austurstræti

**Í nærri 70 ár var Reykjavíkurapótek starfrækt á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis.**

Ekki voru Reykvíkingar á eitt sáttir þegar Reykjavíkurapótekinu gamla, á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis, var lokað 1. apríl árið 1999.

Sér í lagi voru það gömlu innréttingar apóteksins, sem voru friðaðar, sem fólk vildi síður sjá hverfa en þær voru settar í geymslu í samráði við húsafriðunarnefnd.

Guðjón Samúelsson teiknaði árið 1915 húsið sem Reykjavíkurapótek stóð í en apótekið hóf ekki starfsemi í húsinu fyrr en árið 1930. Rætur Reykjavíkurapóteks má rekja allt aftur til ársins 1760, til fyrstu lyfjabúðarinnar á Íslandi, sem var í Nesi við Seltjörn. Apótekið komst í einkaeign árið 1833 og var starfrækt í húsi á horni Thorvaldsenstrætis og Kirkjustrætis. *-jma*



Starfsfólk Reykjavíkurapóteks á síðasta starfsári þess. Marólína Arnheiður Magnúsdóttir, Jóhannes Finnur Skaftason lyfjafræðingur, Ólöf Ólafsdóttir afgreiðslustúlka og Kristjana Aðalsteinsdóttir lyfjatæknir.

# Úrval lífrænna afurða



Apótek Vesturlands hefur haslað sér völl í lífrænum vörum að sögn Ólafs Adolfssonar lyfsala.

„Apótek Vesturlands er með mikið vöruúrval en auk þess að bjóða allar almennar apóteksvörur höfum við haslað okkur völl í lífrænum vörum,“ segir Ólafur Adolfsson lyfsali og bætir við að slíka þjónustu hafi vantað á Akranesi.

„Þetta er þjónusta við viðskiptavini okkar sem til dæmis eru með ýmiss konar fæðuóþol eða sérþarfir. Við höfum verið með lífrænar vörur frá GMÓ Bíóvörum, Heilsu, Yggdrasil og fleirum. Einnig er boðið upp á breiða línu af lífrænum hreinlætis- og snyrtivörum eins og til dæmis háraliti, krem og smyrsl. Almennt má segja að úrval af lífrænum vörum sé að aukast hjá apótekum í takt við auknar kröfur og vitund viðskiptavina um heilnæmt líferni.

Apótek eru í mörgum tilfellum orðin fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Því fylgir mikil ábyrgð og þess vegna er mjög mikilvægt að öll ráðgjöf sem starfsfólk apóteka veitir sé fagleg, vönduð og örugg.“




Ólafur Adolfsson, lyfsali hjá Apóteki Vesturlands, segir sérhæft starfsfólk reyna að veita góða og trausta þjónustu og bjóða samkeppnishæft verð á hverjum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Fólk gerir meiri kröfur

**Apótek Vesturlands var opnað á Akranesi fyrir tæpum fjórum árum. Ólafur Adolfsson lyfsali segir viðtökurnar hafa verið góðar og að samkeppnisumhverfi apóteka fari batnandi.**

„Baráttan er í fullum gangi,“ segir Ólafur Adolfsson lyfsali í Apóteki Vesturlands. „Við erum himinlifandi með þær viðtökur sem við höfum fengið hér á Skaganum,“ bætir hann við og fagnar breyttu samkeppnisumhverfi apóteka.

„Í dag eru lyfjafræðingar að opna ný apótek en það hafði ekki sést um langa hríð. Við opnuðum á Akranesi 30. júní 2007 og innleiddum með því samkeppni í lyfsölu á Akranesi.“ Ólafur segir kröfur neytenda og breytt hugarfar almennings eiga stóran þátt í að fleiri sjálfstæð apótek komi nú inn á markaðinn. „Þó að þjónusta apóteka sé í sjálfu sér nokkuð einsleit er hún í eðli sínu mjög persónuleg. Svigrúm til verðtilboða er ekki mikið þar sem smásöluálagning á lyfjum er lág og verðmunur milli apóteka því gjarnan lítill. Eignarhaldið skiptir hinn almenna neytanda miklu máli. Nú dugar ekki lengur að breyta um nafn á apótekum eða kalla sig Emil til að blekkja neytendur.

Fólk gerir sér far um að sneiða hjá ákveðnum eigendum og leggur það jafnvel á sig að sækja apóteksþjónustu um langan veg. Við sem rekum annaðhvort hverfisapótek eða apótek úti á landi þekkjum það að þjónustan er mjög persónuleg og við leggjum áherslu á þann þátt. Oft er það líka svo að þeir sem eiga mikið undir því að hlutirnir gangi eru tilbúnir að leggja meira á sig fyrir viðskiptavininn.“

Ólafur segir ríkið hins vegar hafa verið að færa þjónustu út úr apótekunum yfir til heildsölunnar. „Þar nefni ég atriði eins og þjónustu við stómasjúklinga, þjónustu í sambandi við sérhæfða næringu og fleira. En ef smásölustiginu er sleppt hverfur ákveðin nærþjónusta, sem er að mínu mati miður. Erindi fólks í apótek eru persónuleg og gott er að geta sest niður með lyfjafræðingnum sínum og rætt málin frekar en að þurfa að gera það í síma eða í tölvupósti. Hér í Apóteki Vesturlands er sjö manna vösk sveit sem telur tvo lyfjafræðinga, lyfjatækni og sérhæft afgreiðslufólk. Við reynum að veita góða og trausta þjónustu og bjóða samkeppnishæft verð á hverjum tíma.“

Sjáfstætt og óháð apótek sem þorir að taka þátt í óheftri samkeppni.

Afgreiðslutímar:
Virka daga 9–18
Laugardaga 10–14
Sunnudaga 12–14

APÓTEK VESTURLANDS
– til betra lífs

Smiðjuvellir 32 - 300 Akranes - Sími 431 5090 - Fax 431 5091 - www.apvest.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



„Starfsfólk okkar býr yfir áratuga reynslu," segir Margrét Vigfúsdóttir í miðið ásamt starfsfólki Reykjavíkur Apóteks við Seljaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Föstum viðskiptavinum fer stöðugt fjölgandi

**Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt apótek við Seljaveg í Reykjavík. Þar leggur starfsfólk áherslu á persónulega þjónustu og gott vöruúrval.**

„Viðtökurnar hafa verið gríðarlega góðar en við opnuðum Reykjavíkur Apótek hinn 21. mars árið 2009. Þessi tvö ár hafa verið viðburðarík og sannarlega hafa Vesturbæingar, Seltirningar og aðrir borgarbúar tekið okkur opnum örmum," segir Margrét Birgisdóttir, lyfsali og eigandi Reykjavíkur Apóteks á Seljavegi.

Hún segir að apótekið sé nú komið með stóran hóp fastra viðskiptavina sem stækki óðum. „Við erum sjálfstætt apótek og það er ákveðinn meðbyr með sjálfstæðum apótekum í þessu árferði og við finnum fyrir því. Bæði má segja að þjónustan sé persónulegri og fólki finnst þetta skipta verulegu máli."

Margrét segir að samkeppni í smásölu lyfja hafi vantað í þennan bæjarhluta. Því hafi hún ásamt félögum sínum ákveðið að opna apótek í Vesturbænum. „Við erum vel staðsett. Reykjavíkur Apótek liggur vel við umferð viðskiptavina á leið til og frá vinnu. Einnig sækja margir þjónustu í verslanir á Grandanum og koma þá við hjá okkur í leiðinni. Aðkoma að apótekinu er góð og hér eru næg bílastæði. Við bjóðum upp á alla almenna apóteksþjónustu og reynum að uppfylla væntingar viðskiptavina varðandi vöruúrval. Við leggjum okkur fram um að veita persónulega og góða þjónustu og hagstætt verð."



Reykjavíkur Apótek býður heimsendingarþjónustu á lyfjum fyrir eldri borgara og öryrkja um allan bæ.

Reykjavíkur Apótek býður einnig upp á heimsendingu á lyfjum fyrir eldri borgara og öryrkja, þjónustu sem Margrét segir fólk í hverfinu nýta sér töluvert. „Þetta er mikilvæg þjónusta fyrir þá viðskiptavini sem ekki eiga heimangengt. Fólk nýtir sér þetta mest hér í hverfinu en við sendum um allan bæ. Í Reykjavíkur Apóteki starfa alls sjö manns, tveir lyfjafræðingar og starfsstúlkur sem búa yfir áratuga starfsreynslu úr apóteki. Við viljum leggja okkur fram um að veita framúrskarandi þjónustu."

# Íslenskar vörur vinsælar

„Hér í Reykjavíkur Apóteki bjóðum við upp á mikið úrval af íslenskum vörum, meðal annars frá Purity Herbs, Villimey og einnig vörur frá Önnu Rósu grasalækni sem hún kallar tinktúrur. Vörur frá SagaMedica eru einnig gríðarlega vinsælar, sem og húðdroparnir frá Sif Cosmetics," segir Margrét Birgisdóttir, en íslenskar vörur hafa verið stór hluti af vöruúrvali Reykjavíkur Apóteks frá opnun.

„Þetta eru mikið til húðvörur, krem og olíur en einnig sólhattur og hvönn til inntöku. Einnig erum við með hefðbundnar apóteksvörur frá Pharmarctica, íslensku framleiðslufyrirtæki á Grenivík.

Við höfum smám saman aukið úrvalið af því að það er almennur áhugi fyrir því að kaupa íslenskar gæðavörur og eru þessar vörur því mjög vinsælar. Margar af erlendu snyrtivörunum hafa hækkað töluvert í verði, sem gerir íslensku vörurnar mjög vel samkeppnishæfar."



101 Apótek hefur aukið jafnt og þétt við úrval sitt af íslenskum vörum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í hjarta Reykjavíkur!



**Apótekið þitt**
í gamla Héðinshúsinu
við Seljaveg 2.

*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

*Við þökkum góðar viðtökur á þeim tæplega 2 árum sem apótekið hefur starfað.*

**Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur.**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340
Fax: 511-3341 | www.reyap.is



Verið velkomin í
**Urðarapótek**
- nýtt einkarekið apótek í Grafarholti

Við bjóðum upp á alla hefðbundna lyfjafræðilega þjónustu s.s. lyfjaskömmtun, blóð- þrýstingsmælingar og heimsendingar lyfja. Vekjum athygli á að allir rafrænir lyfseðlar gilda hjá okkur.

**Hlökkum til að sjá þig!**

Vínlandsleið 16, Grafarholti
113 Reykjavík - Sími 577 1770
urdarapotek@urdarapotek.is
www.urdarapotek.is

URÐARAPÓTEK




Guðrún, lengst til hægri, ásamt starfsfólki sínu í Urðarapóteki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Draumur Guðrúnar rættist í apótekinu

Guðrún Pálsdóttir lyfsali lét drauminn rætast þegar hún opnaði apótek, Urðarapótek, í huggulegu húsnæði við Vínlandsveg 16 í Reykjavík á síðasta ári.

„Ég fékk hugmyndina eftir að hafa ráðið mig í vinnu hjá litlu apóteki í Laugarnesi og draumurinn fór að hreiðra um sig. Hafði fram að því starfað um árabil við markaðssetningu á lyfjum og hélt að þessi vettvangur ætti ekki við mig. Annað kom heldur betur á daginn, ég ákvað að láta drauminn rætast og sagði þáverandi starfi mínu lausu og opnaði mitt eigið apótek þann 10.10. í fyrra," rifjar Guðrún upp og segir hrunið hafa orðið til þess að fleiri litlir einkaaðilar gerðu slíkt hið sama.

Urðarapótek býður upp á alla hefðbundna apóteksvöru og gott úrval af vítamínum, barnavörum og snyrtivörum.

„Við bjóðum upp á lyfjaskömmtun, blóðþrýstingsmælingar, heimsendingar og svo auðvitað góða og persónulega þjónustu," bendir Guðrún á.

Viðtökurnar segir hún hafa farið langt fram úr væntingum, viðskiptavinir og þá sérstaklega íbúar í hverfinu hafi tekið apótekinu fegins hendi. „Fólk er afar jákvætt, vill versla hér og hafi það óskir eða tillögur leggjum við okkur fram við að laga okkur eftir þeim."

Allar nánari upplýsingar á www.urdarapotek.is.

# Apótekari eitt ástsælasta skáld Breta



John Keats

John Keats (1795-1821) var enskt skáld sem orti í anda rómantísku stefnunnar og er ásamt Byron og Shelley talinn eitt áhrifamesta skáld annarar kynslóðar skálda sem aðhylltust stefnuna. Færri vita hins vegar að frá fjórtán ára aldri var Keats lærlingur hjá Thomas Hammond, skurðlækni og apótekara, og að loknu því námi, haustið 1815, innritaðist hann í læknisog lyfjafræði við Guy's Hospital, sem nú er hluti af King's College í London, og útskrifaðist sem apótekari árið 1816.

Keats vann þó aldrei fyrir sér sem apótekari því ljóðlistin átti hug hans allan auk þess sem heilsu hans hrakaði hratt þau ár sem hann átti ólifuð.

Fyrstu ljóð hans komu út fjórum árum fyrir dauða hans og var vel tekið af gagnrýnendum. Það var þó ekki fyrr en eftir dauða hans sem frægðarsólin fór að rísa fyrir alvöru og í lok nítjándu aldar var hann orðið eitt dáðasta enska skáld allra tíma.

Áhrif hans á seinni tíma skáld eru óumdeilanleg, meðal annars lét Jorge Luis Borges hafa það eftir sér að fyrstu kynnin af ljóðum Keats hefðu verið merkilegasta bókmenntareynsla lífs síns.



● **BIBLÍA BÓNDANS** Elsta handbók sem fundist hefur um lyfjagerð í Kína er Shennong Bencao Jing, sem þýða má gróflega sem biblía bóndans um rætur og jurtir, en hún er frá fyrstu öld eftir Krists burð. Hún var skrifuð á tímum Hanveldisins og talið er að hinn goðsagnakenndi Shennong hafi skrifað hana. Áður höfðu meðal annars fundist listar með uppskriftum af lyfjum við ýmsum algengum kvillum, kallaðir Uppskriftir gegn 52 kvillum, sem fundust í Mawangdui-grafhýsinu sem innsiglað var árið 168 fyrir Krist.





Við bjóðum upp á fría skömmtun lyfja og fría heimsendingu!

Ódýr lyf

Laugarnesapótek
- Sjálfstætt apótek!

OPIÐ 9-18
alla virka daga

Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík
Sími 553-8331
www.apotek.is




Laugarnesapótek á sér langa og farsæla sögu að sögn Hönnu Maríu Siggeirsdóttur sem er hér ásamt samstarfskonum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dekrum við kúnnana

Laugarnesapótek er rótgróið sjálfstætt apótek sem býður upp á skömmtun lyfja, persónulega þjónustu og bestu verð hverju sinni.

„Laugarnesapótek á sér langa sögu, stofnað árið 1964 af Christian Ziemsen" segir Hanna María Siggeirsdóttir apótekari og eigandi Laugarnesapóteks í dag. „Í þá daga voru hverfisapótek mjög algeng, þóttu sjálfsögð þjónusta við íbúa borgarinnar og voru hluti af kjarna hverfisins. Fjölda og staðsetningu apóteka var stýrt frá heilbrigðisráðuneytinu" útskýrir Hanna. Hún keypti apótekið ásamt eiginmanni sínum árið 1997. „Ég hef þó aðeins verið apótekari hér frá 2006," upplýsir hún. Hún hefur langa reynslu af apótekarastarfinu enda hefur hún unnið við það í tæp 30 ár, fyrst í Stykkishólms Apóteki og síðan í Apóteki Vestmannaeyja.

En hver eru sérkenni Laugarnesapóteks? „Við bjóðum upp á persónulega þjónustu og dekrum við hvern einasta kúnna," segir Hanna glaðlega. Hún nefnir sem dæmi að þau skammti fyrir fólk í skammtaöskjur endurgjaldslaust, en fyrir slíka þjónustu sé greitt víða annars staðar. „Þá sendum við líka ókeypis heim til fólks," segir Hanna og tekur fram að í Laugarnesapóteki sé reynt að halda verðinu í lágmarki bæði á lyfjum og öðrum vörum.

Vegna hinnar góðu þjónustu sem fólk fær hjá Hönnu Maríu og samstarfskonum hennar á Laugarnesapótek marga fasta viðskiptavini sem jafnvel koma langt að og hafa verslað í apótekinu í fjöldamörg ár. „Fólk kann einnig að meta að við erum einkarekið apótek," segir Hanna glöð í bragði og býður alla velkomna í Laugarnesapótek að Kirkjuteigi 21 á horninu á Kirkjuteigi og Gullteigi, gegnt Laugarnesskólanum.



● **KÚREKINN Í LYFJABÚÐINNI** Kvikmyndin Drugstore Cowboy, sem þýða má sem Kúrekinn í lyfjabúðinni, var frumsýnd árið 1989 og hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda. Leikstjóri var Gus Van Sant, sem einnig skrifaði handritið ásamt Daniel Yost, upp úr skáldsögu eftir James Fogle. Tónlistina samdi Elliot Goldenthal. Matt Dillon leikur aðalhlutverkið og Kelly Lynch, Heather Graham og William S. Burroughs koma einnig við sögu. Myndin var að mestu tekin upp í Portland í Oregon.

Drugstore Cowboy kom Van Sant á kort kvikmyndaáhugamanna og var valin á topp tíu lista Gene Siskel og Rogers Ebert yfir bestu myndir ársins 1989.



● **SAGA PENSILÍNS** Franskur læknanemi, Ernest Duchesne að nafni, uppgötvaði bakteríudrepandi eiginleika pensilíns fyrstur manna þegar hann skoðaði mygluna Penicillum glaucum sem notuð er til að búa til gorgonzolaost. Þetta var árið 1896 en uppgötvun hans vakti enga sérstaka athygli. Heiðurinn af uppgötvun pensilíns er venjulega eignaður skoska vísindamanninum Alexander Fleming (1881-1955) sem enduruppgötvaði það árið 1928.

# Hröð og góð afgreiðsla án mikillar fyrirhafnar

**Bílaapótek Lyfjavals býður upp á ýmsa möguleika sem henta í nútímaþjóðfélagi.**

„Alveg óhætt er að segja að viðtökurnar hafi verið og séu enn glimrandi góðar, enda erum við enn að þessu sex árum eftir að farið var af stað,“ segir Þorvaldur Árnason, framkvæmdastjóri Lyfjavals, sem opnaði bílaapótek á Íslandi árið 2005.

Bílaapótekið sinnir almennri lyfjasölu, sem má bæði nálgast í hefðbundnu apóteki í rúmgóðu húsnæði að Hæðarsmára 4 eða í bílalúgu hinum megin á húsnæðinu. Fyrirtækið er hið eina sinnar tegundar hérlendis og á sér fáa líka á Norðurlöndunum að sögn Þorvaldar. „Þetta var algjör nýlunda hér á sínum tíma og er enn einstakt, en við fórum út í þennan rekstur til að svara brýnni þörf á meiri sveigjanleika í þjónustu við viðskiptavini og sáum brátt að ekki var vanþörf á.“

Kostina segir hann enda marga. „Lúgan gefur ýmsa möguleika sem henta vel í nútímaþjóðfélagi. Þetta fyrirkomulag hentar til dæmis vel hreyfihömluðum, öldruðum eða fötluðum og öðrum sem eiga af einhverjum ástæðum erfitt um vik með að nálgast sín lyf með hefðbundnum hætti. Þeir þurfa ekki að leita að bílastæði og jafnvel ganga langt heldur geta fengið sín lyf afgreitt beint í bílinn,“ tekur hann sem dæmi og segir þjónustuna einnig hafa nýst vel fjölskyldufólki sem kemur með börn sín af læknavaktinni eða þeim sem eru í tímaþröng.

„Hafi viðkomandi verið svo forsjáll að láta senda rafrænan lyfseðil á okkur er heldur engin bið þegar á staðinn er kominn þar sem búið er að taka allt saman, hvort sem fólk fer inn í apótek eða beint í bílalúguna. Þannig að þetta ætti að spara fólki heilmikla fyrirhöfn og óþarfa tímasóun,“ bendir Þorvaldur á og bættir við á báðum stöðum gefist viðskiptavinunum síðan sá kostur að fá ráðgjöf lyfjafræðings.

En hvenær er Bílaapótekið opið? „Apótekið, það er verslunin sjálf, er opið frá klukkan 10 til 18 alla virka daga,“ segir Þorvaldur en opnunartími bílalúgunnar er mun rýmri. „Já, hún er höfð opin alla daga vikunnar frá klukkan 10 til 23, sem ætti að nýtast vel þeim sem komast til dæmis ekki á hefðbundnum vinnutíma á virkum dögum.“

Hann getur þess að Lyfjaval reki að auki tvær verslanir í eigin nafni, eina í Álftamýri og aðra í Mjóddinni. „Þar er allt til alls, lyf, snyrtivörur og annað sem prýða má hefðbundin apótek,“ lýsir hann, en Lyfjaval í Álftamýri er haft opið frá 9 til 18.30 virka daga og Lyfjaval í Mjóddinni frá 9 til 18.30 virka daga og frá 12 til 16 á laugardögum.



Hjá Bílaapóteki Lyfjavals fá viðskiptavinir skjóta og góða þjónustu að sögn Þorvaldar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Lyfjaval er einkarekið fyrirtæki sem rekur þrjú apótek, Lyfjaval Mjódd, Lyfjaval Álftamýri og Lyfjaval Hæðarsmára.**


Lyfjaval býður fólki að geyma fyrir það lyfseðlana og er hægt að sækja lyfin þegar því hentar best.

## Öryggi og lipurð í fyrirrúmi

**■ GEYMSLA LYFSEÐLA**
Oft finnst fólki þægilegt að hafa lyfseðlana sína á öruggum stað. Lyfjaval býður fólki að geyma fyrir það lyfseðlana og finnst mörgum þægilegt að hringja í apótekið og biðja um að tiltekin lyf séu tilbúin þegar þeim hentar.

**■ HEIMSENDING**
Lyfjaval býður viðskiptavinum sínum heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Fastar heimsendingar eru kl. 17-18 virka daga en í neyðartilfellum er möguleiki að fá heimsendingu á öðrum tímum.


EKKI FLÆKJA MÁLIÐ!

við afgreiðum lyfin beint í bílinn

Fáðu lyfseðilinn sendann rafrænt í Bílaapótekið og styttu biðina eftir lyfjunum

Lyfjaval BÍLAAPÓTEK

Opið 10–23 alla daga vikunnar



Bílaapótekið er við Reykjanesbraut (við hliðina á Smáralind)

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Hæðasmári 4 | 201 Kópavogi | Sími 577 1160 lyfjaval.is

## Vatnslosandi og hreinsandi Birkisafi
## 20% afsláttur í febrúar

Birkisafinn frá Salus (birch juice) er afar vatnslosandi, þetta er mild jurt sem ertir ekki nýrun og er einstaklega virk gegn bjúg. Birkisafinn hefur verið sérstaklega vinsæll hjá þeim sem vilja léttast enda örvar hann vatnslosun og styður við náttúrulega úthreinsun líkamans, en eins og flestir vita er úthreinsun líkamans mikilvæg fyrir líkamlega og andlega vellíðan. Eitt staup er drukkið að morgni, og virknin kemur í ljós mjög fljótlega. Léttari líkami léttari lund.




## BIO-CULT CANDÉA
## 15% afsláttur í febrúar




Bio-Kult Candéa hylki innihalda vinveitta gerla, hvítlauk og grape seed extract.

Candida sveppasýking getur orsakað fæðuóþol, útbrot á húð, kláða á kynfærasvæði sár í munni, brjóstsviða og skapsveiflur. Tvö hylki á dag er góð vörn gegn candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara, örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.

## THERA TEARS
## 15% afsláttur í febrúar

AUGNÞREYTA OG ÞURRKUR?
Thera Tears gervitár og gel

-loksins á Íslandi!

- Engin rotvarnarefni
- Haldast lengur í augunum
- Handhægar dagsumbúðir með tappa




## VITEYES
## 15% afsláttur í febrúar

Augnvítamín með zinki og luteini.

- Aðeins tvö hylki á dag
- Sérþróað af læknum með tilliti til augnbotnahrörnunar




Apótekið
– einfalt og ódýrt





Kristjana Samúelsdóttir ásamt starfsfólki Apótekarans í Spönginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fagmennska í fyrirrúmi

**Apótekið leggur ríka áherslu á hagstætt verð og góða þjónustu.**

Í Spönginni í Grafarvogi er apótek sem ekki ber mikið á en státar af góðu vöruúrvali og afbragðs þjónustu. Kristjana Samúelsdóttir lyfsali hefur töglin og hagldirnar í stjórn Apóteksins og segir stefnuna skýra, að bjóða vörur á sem hagkvæmustu verði. Apótekið hefur boðið lyf á lægra verði í tæp fimmtán ár og er með apótek á fjórum stöðum, í Spönginni, Skeifunni, Hólagarði og á Akureyri.

„Já, við leggjum áherslu á hagstæð verð, einfalt og gott vöruúrval og aðgengi,“ segir Kristjana og bætir faglegri þjónustu á listann. „Til dæmis erum við með ný tilboð á lausasölulyfjum og annarri vöru í hverjum mánuði en þau er hægt að kynna sér á heimasíðunni www.apotek.is. Samhliða því gefum við út tilboðsbækling, sem er dreift í hús í Reykjavík og á Akureyri. Viðskiptavinir sem mæta með hann fá aukaafslátt af völdum vörum, núna fæst til dæmis fimm prósenta afsláttur í fyrstu komu og tíu í annarri.“

Kristjana tekur fram að vöruúrvalið sé ívið fjölbreyttara í rúmgóðu húsnæði í Spönginni en í öðrum útibúum Apóteksins þótt þar sé líka margt í boði. „Og vilji viðskiptavinir okkar annars staðar festa kaup á vöru sem aðeins fæst í Spönginni er lítið mál að senda hana með pósti,“ útskýrir hún og getur þess að eins sé boðið upp á heimsendingarþjónustu gegn vægu gjaldi sem nýtist til dæmis þeim sem eiga af einhverjum ástæðum erfitt með að nálgast vöruna. Gott sé þá að leggja inn pöntun snemma dags og varan sé svo yfirleitt keyrð út seinni partinn.

„Við leggjum mikið upp úr því að auðvelda viðskiptavinum okkar lífið. Til marks um það bjóðum við upp á vélstýrða skömmtunarþjónustu í gegnum Lyfjalausnir, en þá er kennitölu viðkomandi slegið inn í vél sem skammtar honum sín lyf, starfsmaður gengur úr skugga um að allt sé rétt og lyfið síðan afhent viðskiptavini í handhægum umbúðum hjá okkur. Þessi vélstýrða skömmtun og mikla eftirlit dregur talsvert úr hættu á mistökum.“

Loks segir Kristjana boðið upp á blóðþrýstingsmælingar í Apótekinu gegn vægu gjaldi, ekki þurfi þá að panta tíma með fyrirvara heldur sé nóg að mæta á svæðið.

# Lyfjaskömmtun í Apótekinu

Í öllum fjórum Apótekunum geta viðskiptavinir fengið lyfjaskammta afhenta auk þess sem boðið er upp á heimsendingu.

Lyfjaskömmtun er þjónusta sem hentar þeim sem þurfa að taka inn mörg lyf. Lyfjum er vélskammtað í sérstaka poka sem eru mjög handhægir og tryggja að rétt lyf, í réttum skammti séu tekin á réttum tíma. Einnig er þá yfirfarið hvort öll lyf viðkomandi passi saman gagnvart til dæmis milliverkunum.

Betri regla kemst á lyfjainntöku og öryggi eykst til muna. Með lyfjaskömmtun má einnig koma í veg fyrir að lyfjabirgðir safnist upp á heimilinu og minna af lyfjum fer til spillis ef gera þarf breytingar á lyfjagjöfinni.




Viðskiptavinir geta fengið lyfjaskammta afhenta auk þess sem boðið er upp á heimsendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LYFJASKÖMMTUN:**

- Hentar vel þeim sem taka lyf að staðaldri.
- Lyfin eru skömmtuð í poka. Einn fyrir hvern inntökutíma.
- Hver poki er merktur með:
  - Nafni og kennitölu notanda
  - Heiti lyfjanna og magni
  - Inntökutíma lyfjanna
  - Hvaða læknir ávísaði lyfjunum og pökkunarnúmeri
- Skammtað er fyrir 1-4 vikur í senn.
- Tryggir árangursríkari lyfjameðferð.
- Eykur öryggi við lyfjainntöku.
- Eykur hagræðingu og nýtingu lyfjanna.

Til þess að fá lyfin sín skömmtuð þarf að fá skömmtunarseðla hjá lækni fyrir öllum þeim lyfjum sem á að skammta. Síðan þarf að koma með lyfseðlana í Apótekið og ganga frá þjónustusamningi. Fyrsti skammturinn er tilbúinn 1-3 dögum seinna og hann má sækja í Apótekið eða fá sendan heim.

Komdu í Apótekið eða hringdu í okkur til að fá nánari upplýsingar.

# Horfum meira til austurs

**Ölvaðir hnefaleikar, ljónadans, svipuleikni og spjótaskylmingar sjást á glæsilegri kung-fu sýningu í Háskólabíói á föstudag í tilefni kínverska nýársins og 40 ára afmælis stjórnmálasambands Íslands og Kína.**

„Þetta verður mikið sjónarspil, sannkölluð fjölskylduskemmtun og frábær leið til að hefja helgina," segir Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands og forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós, um sýningu 25 manna sýningarflokks frá íþróttaháskólanum í Peking í Háskólabíói klukkan 19.30 á föstudagskvöld.



Geir Sigurðsson forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós.

„Þetta er einstakt tækifæri fyrir Íslendinga að sjá alvöru kung-fu eða wu shu, eins og þessi sýning kallast líka og einnig samkvæmisdansi sem verður forvitnileg upplifun í meðförum þessara miklu listamanna," segir Geir, en einnig mun hópur frá Heilsudrekanum leika listir sínar og sendiherra Kína á Íslandi, Dr. Su Ge, flytja ávarp.

„Kínverska listafólkið hefur stundað stranga og mikla þjálfun frá blautu barnsbeini, en wu shu er afar stór þáttur í menningarhefð Kínverja og hægt að alhæfa heimspeki wu shu yfir á svo miklu meira en bara bardagaíþróttir þeirrar þjóðar. Hún rekur sig að miklu leyti til daoismans sem ávallt hefur verið ríkjandi í hugsun Kínverja. Allflest kínversk börn kynnast wu shu og nú er mikill vöxtur í gömlum hefðum meðal Kínverja, eins og ástundun wu shu, en um tíma var mikið dregið úr öllu hefðbundnu í kínversku samfélagi," segir Geir.

Kínverska listafólkið hefur stundað stranga og mikla þjálfun frá blautu barnsbeini, en wu shu er afar stór þáttur í menningarhefð Kínverja.

Wu shu er víðtækara orð yfir fjölmörg stílbrigði kínverskra bardagaíþrótta. Sýningin verður með eindæmum fjölbreytt, með sverðadansi, ljónadansi, svipuleikni, ölvuðum hnefaleikum, shaolin-hnefaleikum, spjóts- og sverðaskylmingum, tai jiquan og hefðbundnu kung-fu, en

Sýningin á föstudagskvöld er stærsti viðburður Konfúsíusarstofnunarinnar frá upphafi, en alla fimmtudaga stendur hún fyrir kvikmyndasýningum, ásamt fleiri uppákomum og erindum.

„Kína er Íslendingum alltof framandi og við óskaplega aftarlega á merinni samanborið við það sem nú á sér stað á Norðurlöndunum og í Evrópu. Í vikunni var tilkynnt að Kína hefði tekið fram úr Japan sem annað stærsta hagkerfi heims og fer því að verða gríðarlega brýnt að yngri kynslóðir Íslendinga fari að skilja út á hvað Kína gengur. Liður í því er að kynnast menningu þess frá öllum hliðum og sjónarhornum. Danir hafa þegar sett upp háskóla í Peking því þeir sjá fram á að Kína er framtíðin og ef við ætlum að taka þátt í samstarfi við bestu vísindamenn heims verður það í Kína. Við verðum því að horfa miklu meira til austurs." Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

thordis@frettabladid.is



Margir munu eflaust grípa andann á lofti yfir kúnstum kínversku listamannanna.

Í TOPPFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI
GUNNLEIFUR



„Til að halda mér í fremstu röð í minni grein á Íslandi þarf ég að æfa mjög vel, vera í góðu andlegu jafnvægi og huga vel að næringu.

Ég hef vanið komur mínar á SAFFRAN frá því að staðurinn opnaði á Dalvegi. Maturinn er mjög bragðgóður og að auki er hann virkilega næringaríkur sem hjálpar mér við það sem ég tek mér fyrir hendur."

Gunnleifur Gunnleifsson er landsliðsmarkmaður okkar í fótbolta og markmaður hjá FH-ingum. Hann er klettur í markinu!

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP



**Þórólfur Þórlindsson** prófessor og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir lektor fjalla um stöðu barna og velferð þeirra í íslensku samfélagi fyrr og nú í fyrirlestrum í Þjóðminjasafninu á morgun klukkan 12. Er hann hluti hádegisfyrirlestraraðar sem kallast Lýðheilsa fyrr og nú.

# Samband milli koffíns og ölvunar ungmenna

**Ný rannsókn sýnir að koffínneysla unglinga í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi er umtalsverð. Rannsóknin leiðir líka í ljós að sterkt samband er á milli koffínneyslu unglinga og reykinga og áfengisneyslu.**

Koffínneysla unglinga í efstu bekkjum grunnskóla hér á landi er töluverð. Þannig segjast yfir 75 prósent unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla neyta koffíns á degi hverjum, yfirleitt í formi orkudrykkja en líka kóladrykkja á borð við Pepsi og Coca Cola sem innihalda koffín.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri rannsókn sem Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík gerðu í grunnskólum landsins í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið á vormánuðum 2009. Yfir 7.000 unglingar tóku þátt í könnuninni og eru niðurstöðurnar birtar í vísindatímaritinu Journal of Adolescence.

Rannsóknin leiðir í ljós að mjög sterkt samband er á milli koffínneyslu og reykinga og áfengisneyslu íslenskra unglinga, segir Álfgeir Logi Kristjánsson, doktor í félagslækningum við Columbia-háskóla í New York, sem hafði umsjón með rannsókninni ásamt Ingu Dóru Sigfúsdóttur, prófessor við Columbia-háskóla, og Jack E. James, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

„Áhrif koffínneyslu eru meiri en okkur grunaði og mjög og óvenju sterk tengsl eru á milli koffínneyslu og neyslu vímuefna, svo sem tóbaks og áfengis,“ segir Álfgeir, en niðurstöður rannsóknarinnar sýna meðal annars að 93 prósent þeirra sem nota koffín daglega bæði reykja daglega og hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga. „Á síðustu árum hefur neysla koffíndrykkja í bland við áfengi aukist mjög. Við vitum að vinsælt er í skemmtanahaldi ungs fólks að nota saman orkudrykki eins og Magic og Red Bull og sterkt áfengi en vitum minna um áhrifin þótt áhrif áfengis séu þekkt.”

Þá kemur fram að unglingar sem nota mikið koffín eru líklegri til að eiga við svefn- og námsörðugleika að stríða, segir hann. „Krakkar á þessum aldri eru hvorki með fullþroskaðan líkama né heila og kóla- eða orkudrykkirnir sem þeir neyta hafa örvandi áhrif þannig að þau geta átt erfitt með að sofna á kvöldin, eru þar af leiðandi þreytt og hafa meiri tilhneigingu til að sofna á daginn. Saman hafa þessir þættir, koffínneysla, reykingar og áfengisdrykkja, neikvæð áhrif á námsframmistöðu. Mikil koffínneysla hefur enn fremur neikvæð áhrif á frammistöðuna umfram vímuefnanotkun.“

Álfgeir segir þetta fyrstu velferðarrannsóknina gerða hérlendis sem taki sérstakt tillit til koffínneyslu unglinga. „Hingað til hafa líkamleg áhrif koffínneyslu á fullorðna yfirleitt verið skoðuð. Mjög fáar rannsóknir hafa tekið tillit til hegðunar, líðanar eða frammistöðuþátta af völdum koffíns. Engin hefur tekið fyrir koffínneyslu ungmenna. Þessi rannsókn sýnir svo ekki verður um villst hversu nauðsynlegt er að taka koffín með í reikninginn, sérstaklega þar sem enn er margt á huldu.“

*roald@frettabladid.is*




74% þeirra sem hafa ekki orðið ölvaðir sl. 30 daga nota koffín daglega, en 87% þeirra sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.




73% þeirra sem hvorki reykja daglega né hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga nota koffín daglega, 86% þeirra sem annaðhvort reykja daglega eða hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga, en 93% þeirra sem bæði reykja daglega og hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.




Sé námsárangri í kjarnafögum skipt gróflega í þriðjunga kemur fram að 87% nemenda í neðsta þriðjungi nota koffín daglega, 77% í öðrum þriðjungi en 64% í efsta þriðjungi.


NÝTT NÝTT NÝTT



**Teg. 105341** - létt fylltur, blúndulaus og mjúkur í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1990,-



**Teg. 21254** - létt fylltur og æðislegur í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur

vera

NÝ sending frá sandwich_

olsen sandwich_

vera • Laugavegi 49

Sími 552 2020

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

vísir.is



**Ungbarnanuddnámskeið fyrir foreldra 1-10 mánaða**

**Nýtt námskeið hefst fimmtudaginn 17. febrúar.**

Skoðaðu Heilsusetur.is eða hringdu í síma 552 1850 eða 896 9653

BURT MEÐ BUMBUNA

Burrito partýplatti

4.360



Tilboð á hópamatseðli fyrir 10 og fleiri.

1.290 á mann.



Culiacan MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

RÝMINGARSALA

Síðustu dagar útsölu.

Allt á að seljast!

60-80% afsláttur

Frábært úrval af nýrri vetrarvöru:

Kjólar - Buxur - Peysur - Úlpur - Blússur - Skyrtur - Jakkar - Skór - Stígvél.

Stærðir 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

kringum 95 prósenta hlut í Byr í gegnum eignarhaldsfélag þrotabúsins og svo gæti farið að fimm prósenta hlutur í honum renni jafnframt til Bankasýslunnar.

Ríkið hefur fram til þessa lagt 900 milljónir króna til Spkef. Jafnhá upphæð rann til Byrs, sem ekki var endurreistur í formi sparisjóðs. Minni sparisjóðirnir fimm sem að mismiklu leyti hafa lent í fangi Bankasýslu ríkisins fengu ekki beint eiginfjárframlag frá ríkinu heldur var um að ræða afskriftir og umbreytingu á skuldum í hlutafé upp á rúma 1,8 milljarða króna. Ótalin eru víkjandi lán.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, segir óvíst hvað endurskipulagning sparisjóðakerfisins muni á endanum kosta ríkið. Það muni skýrast þegar endurskoðun á ársreikningi Spkef, stærsta sparisjóði landsins, lýkur. Hann er væntanlegur á næstu vikum. Rætt hefur verið um að ríkið gæti þurft að leggja Spkef til allt frá tólf til tuttugu milljarða króna. Rósa Björk vildi ekki staðfesta slíkar tölur og lagði áherslu á að á meðan ekkert lægi fyrir um stöðu sparisjóðsins gæti hún lítið sagt. „Við viljum ekkert gefa út fyrr en það liggur fyrir svart á hvítu,“segir hún.

**ALLT UNDIR Í ENDURSKIPULAGNINGUNNI**

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslunnar, vill ekkert spá fyrir um hversu mikinn kostnað ríkið gæti þurft að bera vegna Spkef. Hún telur hins vegar líklegt að sparisjóðurinn renni allur til ríkisins og verði hann lokahnykkurinn á endurfjármögnun sparisjóðakerfisins. Hún segir allt undir og útilokar ekki að tveir eða fleiri sparisjóðir verði settir saman í einn, útibúum lokað og leitað frekari leiða til að hagræða í rekstri þeirra.

„Ég tel að rekstrarleg endurskipulagning sparisjóðanna í kjölfarið sé ekki síður mikilvæg. Frá okkar bæjardyrum séð eru allir möguleikar til skoðunar, bæði þarf að skoða rekstrarlega hagræðingu innan hvers sparisjóðs, hvert útibú og kanna hvort það borgi sig; það verður að skoða hugsanlega sameiningu tveggja eða fleiri sparisjóða, sameiginlegan rekstur sparisjóðanna, upplýsingatæknifyrirtækið Teris og Samband íslenskra sparisjóða. Þetta eru hinir tveir miðlægu póstar sparisjóðakerfisins. Að okkar mati á ekkert að vera fyrirfram gefið að neitt sé útilokað,“ segir hún og bendir á að sparisjóðirnir hafi byggt upp kostnaðarsamt kerfi þegar þeir voru sem stærstir og hafi það lítið skroppið saman þótt ytri aðstæður hafi breyst.

Heildareignir sparisjóðanna eru í kringum 140 milljarðar króna sem er sambærilegt og fyrir árið 2001. Þar af reka sparisjóðirnir 33 prósent af öllum bankaútibúum í landinu. Á sama tíma eru þeir með innan við fimm prósenta markaðshlutdeild og fleira starfsfólk en stóru viðskiptabankarnir í hlutfalli við stærð efnahagsreikningsins. „Það gefur auga leið að töluvert mikið þarf að breytast. Allir innviðir og uppbyggingin tekur mið af gömlu kerfi. Það segir sig sjálft að það er dýrt,“ Elín segir ekki útilokað að einingar verði seldar út úr sparisjóðakerfinu. Á meðal eigna sparisjóðanna er upplýsingatæknifyrirtækið Teris, sem þjónustar fleiri fjármálafyrirtæki. Slíka þjónustu má útvista.

„Það er allt undir. Ég tel að það sé mjög mikilvægt þegar búið verður að setja peninga skattborgara í endurreisn fjármálafyrirtækja að tryggja að þau verði rekstrarhæf til lengri tíma litið. Það verður að skoða með opnum huga hvaða leiðir eru vænlegastar til að tryggja það,“ segir Elín en bætir við að gæta verði þess við hagræðinguna að horfa á í hverju verðmæti sparisjóðanna liggi. „Viðskiptamódelið gengur út á nálægð við viðskiptavinina. Þegar við skoðum erlenda banka og sparisjóði – eða minni banka sem vinna staðbundið í öðrum löndum – þá geta þeir sýnt fram á góða rekstrarniðurstöðu því þeir þekkja viðskiptavini sína og eru öruggir í lánveitingum sínum. En auðvitað verður að byggja á styrkleikum sparisjóðanna. Það má ekki eyðileggja það,“ segir hún.




**ENDURREISN SPARISJÓÐANNA** Fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna á að ljúka á næstu vikum. Nokkrir þeirra hafa fallið eftir hrunið en misjafnt er hvernig þeir hafa komist frá hruninu. SAMSETT MYND/KRISTINN

## ÞRÓUN HEILDAREIGNA SPARISJÓÐANNA






**2009 mars** *Sparisjóðabanki Íslands (áður Icebank) fer í þrot og SPRON sömu leið.*

- Innlán SPRON voru í kjölfarið flutt yfir í Nýja Kaupþing (nú Arion banka) en greiðslumiðlun sparisjóðakerfisins var síðar flutt yfir í Byr sparisjóð.
- Sparisjóðabankinn var mikilvægur hlekkur í sparisjóðakerfi landsins. Bæði var hann heildsölubanki þeirra og helsti kröfuhafi auk þess sem sparisjóðirnir áttu ríflega helmingshlut í honum.
- Við fall Sparisjóðabankans fluttust innstæður og kröfur á hendur sparisjóðunum yfir til Seðlabankans, sem varð helsti kröfuhafi sparisjóðanna.

# Furðuskrif Viðskiptaráðs um skatta

**ORÐ Í BELG**

**Indriði H. Þorláksson**
hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra



Viðskiptaráð Íslands (VÍ) hefur hrósað sér af því að stjórnvöld fyrir hrun hafi framkvæmt flestar tillögur þess. Það hjálpaði til við að skapa bóluhagkerfið sem sprakk með eftirminnilegum hætti haustið 2008. VÍ er á ný komið á fulla ferð með boðskap um afturhvarf til fyrri tíma og þeir stjórnmálaflokkar, sem á sínum tíma veittu VÍ brautargengi, dansa enn sem fyrr eftir tónlist VÍ.

Í grein í Markaði Fréttablaðsins 2. febrúar síðastliðinn reynir Viðskiptaráð að styðja endurteknar en órökstuddar fullyrðingar sínar um skattahækkanir talnalegum rökum. Greinin er prýdd súluritum sem eiga að sýna gífurlegar hækkanir skatta frá 2007 til 2010. Af þeim má lesa að skattar hafi frá 2007 til 2010 hækkað um 9% til 100% auk upptöku á nýjum skatti, auðlegðarskatti. Hækkunin á að vera frá 48% upp í 157% auk nýrra gjalda á heitt vatn og rafmagn og kolefnisgjald. Formaður Framsóknarflokksins endurómar talnafárið og boðskapinn í grein í Fréttablaðinu 11. febrúar og í Morgunblaðinu 14. febrúar síðastliðinn.

Það segir sig sjálft að þessar meintu hækkanir á sköttum ættu að koma fram í tekjum ríkissjóðs. Því er fróðlegt að líta á staðreyndir um þróun skatta síðustu ár.

**SKATTAHÆKKANIR**

Starfshópur fjármálaráðherra um endurskoðun á skattkerfinu skilaði áfangaskýrslu í september síðastliðnum.

Í henni er meðal annars að finna talnalegt yfirlit yfir þróun skatttekna ríkisins frá árinu 2005 til 2011. Uppfærslu á þeim tölum sem þar birtust, með tilliti til fjárlaga fyrir 2011 og að teknu tilliti til tilfærslu fjár til sveitarfélaga vegna breyttrar verkaskiptingar, má sjá í töflunni hér á eftir. Skattar eru þar sýndir sem hlutfall af VLF, sem er algengasti mælikvarði til að sýna þróun skatta og samanburð við aðrar hagstærðir.

Tafla 1 sýnir að skattar hafa lítið breyst á síðustu tveimur árum og eru nú í flestum tilvikum lægri sem hlutfall af landsframleiðslu en þeir voru á árunum fyrir hrun. Undantekningar eru fáar og eiga sér skýringar og rök. Eignaskattar hafa hækkað nokkuð vegna upptöku auðlegðarskatts en eru samt lægri nú en þeir voru á árunum fyrir 2008 þegar almenni eignarskatturinn var við lýði. Sá skattur var greiddur af mjög mörgum. Auðlegðarskatturinn er hins vegar nú greiddur af litlum hluta gjaldenda, sem er tekjuhæstur og á mestan hluta eigna í landinu, þar á meðal af þeim sem juku eignir sínar í bóluhagkerfinu og hruninu á meðan allur almenningur mátti þola eignarýrnun.

Ný gjöld, undir liðnum Önnur vörugjöld, eru umhverfisgjöld, sem flestir hagfræðingar og umhverfismeðvitaðir menn eru sammála um að séu skynsamlegir og hagkvæmir, sem og orkuskattar, sem fyrst og fremst eru greiddir af þeim erlendu aðilum sem nýta auðlindir landsins fyrir lítið fé. Vegna andstöðu talsmanna atvinnurekenda við þann skatt og að tillögu þeirra var tryggingagjaldið hækkað nokkuð í staðinn og má segja að það sé eina skatttegundin sem hækkað hefur afgerandi.

**LÆGRI SKATTAR OG LÆGRI HEILDARSKATTBYRÐI**

Súluritið sýnir heildarskatta á föstu verðlagi á hægri ásnum og sem hlutfall af VLF á vinstri ásnum.

Af súluritinu í töflu 2 má lesa í fyrsta lagi að skattar hafa ekki hækkað frá 2007 til 2010, heldur lækkað. Á föstu verðlagi hafa þeir lækkað um yfir 100 milljarða króna frá 2007 til 2010. Fullyrðing um að skattar hafi almennt hækkað á þessu árabili er því röng. Í öðru lagi sést að 2007 voru skattar sem hlutfall af landsframleiðslu 31,2 prósent en á árinu 2010 var þetta hlutfall 26,9 prósent, eða 4,3 prósentustigum lægra. Það sýnir að ríkið er nú að taka minna í sinn hlut en áður, þ.e. heimilin halda meiru eftir. Í þriðja lagi má sjá að skattbyrðin nú er mun lægri en hún var í þeirri gósentíð fyrir 2009 sem VÍ þráir. Á árunum 2005 til 2007 var skattbyrði af sköttum ríkisins að jafnaði um 32% af VLF en á árunum 2009 til 2011 verður hún um 27% af VLF eða um 5 prósentustigum lægri en áður. Sá munur samsvarar um 80 milljörðum króna.

**BREYTINGAR Á TEKJUSKATTI EINSTAKLINGA**

Nánari athugun sýnir að flestar fullyrðingar VÍ um hækkun á einstökum sköttum eru rangar eða villandi. Dæmi um það er meint hækkun á almennum tekjuskatti einstaklinga um 9 prósent og á fjármagnstekjuskatti um 100 prósent. Þegar litið er á efstu talnalínu töflu 1 sést að í reynd lækkuðu tekjuskattar einstaklinga milli 2007 og 2010 sem hlutdeild af VLF úr því að vera 8,75 prósent í 7,67 prósent, eða um rúmlega 1 prósentustig, sem þýðir að sem hlutfall af tekjum einstaklinga hefur lækkunin verið um 1,5 prósent. Hluti þessarar lækkunar er vegna samdráttar í fjármagnstekjustofninum en meginástæðan er lægra skatthlutfall á lágar tekjur í almennum tekjuskatti og að hækkun skatthlutfalls fjármagnstekna var ekki 100% þar sem lágar vaxtatekjur voru undanskildar hækkun 2009 og verða skattfrjálsar hjá yfir helmingi gjaldenda á árinu 2010. Hækkun verður hins vegar hjá þeim tiltölulega fáu sem safna á sínar hendur stórum hluta vaxtatekna, arðs og söluhagnaðar og hafa til þessa goldið af því lítinn skatt.

**BREYTT SKATTBYRÐI**

Eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan eru þær staðhæfingar að skattar hafi stórlega hækkað rangar. Það sem breyttist var hins vegar dreifing skattbyrðarinnar. Á árunum fyrir 2009 hafði skattbyrði aukist jafnt og þétt hjá öllum nema þeim sem höfðu allra bestu tekjurnar og þeim sem höfðu framfæri af atvinnurekstri, einkum fjármálavafstri og einkahlutafélagavafningum, svo og erlendum aðilum sem höfðu tekjur hér á landi. Hjá þeim lækkaði skattbyrðin. Með þeim breytingum á sköttum sem gerðar voru á árunum 2009 og 2010 er snúið af þessari braut, sem merkjanlegt er af tölum og hörðum viðbrögðum þeirra sem áður nutu sérstakrar vildar.

Línuritið í töflu 3 sýnir tekjuskatta og auðlegðarskatt við álagningu á árinu 2010 í samanburði við 2009 (tekjuárin 2008 og 2009) sem hlutfall af tekjum hjóna sem raðað hefur verið eftir tekjuhæð. Tekjuskattar, þar með talið útsvar og fjármagnstekjuskattur, og auðlegðarskattur er lægra hlutfall tekna hjá yfir 60 prósentum gjaldenda í neðri hluta tekjuskalans. Þar fyrir ofan er nokkur hækkun, einkum efst í honum, svo skatthlutfall þar verður ekki lengur undir meðaltali eins og áður var.

Hin stóra breyting í skattlagningu 2010 er að í fyrsta skipti koma nú fram breyttar áherslur í þá átt að beita sköttum markvisst í umhverfismálum og að því að endurheimta hluta af arði af auðlindum landsins, sem spilað hafði verið úr höndum þjóðarinnar á síðustu árum.

**RANGAR ÁLYKTANIR VÍ**

Súluleikfimi VÍ kann að einhverju leyti stafa af óvandaðri tölfræðivinnu en það dugar ekki til að skýra hana að fullu og afsakar ekki þær fullyrðingar sem byggðar eru á henni, svo sem þá að þvert ofan í þá staðreynd að skatttekjur ríkissjóðs voru um 1% umfram áætlanir á árinu 2010 er fullyrt að skattstofnar hafi dregist saman miðað við áætlanir. Aðrar ályktanir í grein VÍ eru sama marki brenndar.

**NIÐURSTAÐAN AF FRAMANGREINDU ER:**

- Skattahækkanir á árunum 2010 og 2011 hafa verið mjög hóflegar. Hrunið sem varð 2009 leiddi til lækkunar skatttekna um 6-7 prósent af VLF. Síðan hafa skattar hækkað um 1,6 prósent af VLF.
- Skattar eru nú sem nemur um 5 prósent af VLF lægri en þeir voru á árunum 2005–2007.
- Að því leyti sem tekjuskattar hafa hækkað hefur sú skattbyrði verið lögð á hin breiðu bök sem áður nutu skattalegra vildarkjara en hinum minna megandi verið hlíft.
- Tekjuskattar einstaklinga með miðlungstekjur og lægri hafa lækkað, en hækkað nokkuð á fólk með mjög háar tekjur.
- Nýir skattar til verndar umhverfi og til að tryggja þjóðinni aukinn arð af auðlindum hafa verið teknir upp þótt í takmörkuðum mæli sé.

Það er algengur kækur hagsmunasamtaka að láta sem þau tali fyrir hag allra þótt það sé sjaldan raunverulegur tilgangur þeirra. Það er ekki óeðlilegt að talsmenn ákveðinna þrýstihópa í samfélaginu kveði sér hljóðs og flytji mál umbjóðenda sinna en gera verður þær kröfur að fram komi í hverra þágu þeir tala og að þeir haldi sig við staðreyndir í málflutningi sínum.

*PS. Grein þessi var stytt nokkuð og línuritum fækkað að ósk Fréttablaðsins. Greinina óstytta má nálgast í vefriti mínu http://web.me.com/inhauth/Indriði_H._Þorláksson/Greinasafn.html*



**Í VERSLUNARFERÐ** Í grein sinni segir Indriði Þorláksson rangt að skattar hafi hækkað hér á landi á árunum 2007 til 2010, þvert á móti hafi þeir lækkað um yfir 100 milljarða króna á því árabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKATTAR RÍKISINS SEM % AF VLF 2005 TIL 2011 (TAFLA 1)**

| % af VLF | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tekjuskattur einstaklinga | 8,59% | 8,89% | 8,75% | 9,00% | 7,33% | 7,67% | 7,61% |
| Tekjuskattur lögaðila | 2,28% | 2,77% | 2,80% | 2,23% | 2,07% | 1,38% | 1,62% |
| Eignarskattar | 1,30% | 0,75% | 0,91% | 0,50% | 0,35% | 0,54% | 0,65% |
| Virðisaukaskattur | 11,12% | 11,31% | 10,52% | 9,08% | 8,08% | 8,16% | 8,10% |
| Vörugjöld af bensíni | 0,85% | 0,77% | 0,70% | 0,59% | 0,73% | 0,75% | 0,76% |
| Olíugjald | 0,17% | 0,48% | 0,48% | 0,40% | 0,41% | 0,41% | 0,42% |
| Áfengisgjald | 0,69% | 0,65% | 0,62% | 0,55% | 0,65% | 0,66% | 0,67% |
| Tóbaksgjald | 0,37% | 0,33% | 0,30% | 0,26% | 0,29% | 0,30% | 0,31% |
| Önnur vörugjöld | 1,66% | 1,52% | 1,42% | 0,93% | 0,58% | 0,95% | 0,98% |
| Aðrir óbeinir skattar | 1,22% | 0,86% | 0,86% | 0,77% | 0,75% | 0,77% | 0,81% |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 0,34% | 0,40% | 0,42% | 0,40% | 0,35% | 0,38% | 0,33% |
| Aðrir skattar | 0,87% | 0,27% | 0,43% | 0,48% | 0,89% | 0,80% | 0,75% |
| Tryggingagjöld | 3,19% | 3,29% | 3,03% | 2,82% | 3,06% | 4,13% | 4,09% |
| **Skatttekjur alls** | **32,7%** | **32,3%** | **31,2%** | **28,0%** | **25,5%** | **26,9%** | **27,1%** |

**SKATTAR ALLS (TAFLA 2)**




**SKATTAR Á TEKJUR OG AUÐLEGÐ (TAFLA 3)**

**- álagning tekjuskatts og auðlegðargjalds á hjón 2009 og 2010 - % af heildartekjum**



# ÞÚ2.0

## UPPFÆRÐU ÞIG Í 2.0

Á hverju ári eyða fyrirtæki og einstaklingar háum fjárhæðum í að uppfæra tölvubúnað til að halda í við tæknina. Þetta þykir sjálfsagt mál - og er það að sjálfsögðu. Sú hugsun að maður þurfi að hlúa að sjálfum sér, rækta og uppfæra er okkur ekki jafn töm. ***Það er hins vegar mjög mikilvægt að fólk og fyrirtæki fjárfesti í eigin hæfileikum og þrói þá áfram.***

77%

*þú*2.0

**Við hjá Dale Carnegie getum orðið að liði með áratuga reynslu í að hjálpa fólki að verða betra í því sem það gerir eða langar að gera.**

## ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMAR FYRIR EINSTAKLINGA

Hringdu í 555 7080 og taktu frá sæti.

16. feb. ***Reykjavík***
Ármúli 11, kl. 20.00
Í KVÖLD

22. feb. ***Akureyri***
Greifinn, kl. 18.00

22. feb. ***Dalvík***
Berg menningarhús, kl. 20.30

## ÓKEYPIS VINNUSTOFUR FYRIR STJÓRNENDUR

Hringdu í 555 7080 og taktu frá sæti.

REYKJAVÍK

17. feb. ***Tökum jákvætt á neikvæðri hegðun***
Vinnustofa fyrir stjórnendur
Reykjavík, Ármúli 11, kl. 8.30 til 10.00
Á MORGUN 17. FEB.

24. feb. ***Leiðtogastíll***
Vinnustofa fyrir stjórnendur
Reykjavík, Ármúli 11, kl. 8.30 til 10.00

AKUREYRI

23. feb. ***Leiðtogastíll - Akureyri***
Vinnustofa fyrir stjórnendur
Akureyri, Greifinn, kl. 8.30 til 10.00

## NÆSTU NÁMSKEIÐ:

**Reykjavík:**

**17. febrúar**
Áhrifaríkar kynningar

**2. mars**
Sölustjóranámskeið

**8. mars**
Stjórnendanámskeið fyrir verkstjóra
Árangursrík sala
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur

**9. mars**
8 vikna Dale Carnegie kvöldnámskeið

**10. mars**
12 vikna Dale Carnegie kvöldnámskeið

**17. mars**
12 vikna Dale Carnegie kvennanámskeið

**21. mars**
Þjónusta á heimsmælikvarða

**30. mars**
Stjórnun viðskiptatengsla

**7. apríl**
Þjálfun fyrir þjálfara

**Akureyri:**

**16. mars**
8 vikna Dale Carnegie morgunnámskeið
stjórnendaþjálfun

Dale Carnegie Þjálfun

Ármúla 11, 108 Reykjavík
Sími: 555 7080 I Fax 555 7081
www.dale.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**11** milljarða viðsnúningur til hins betra varð á rekstri Icelandic Group milli fjórða ársfjórðungs ársins 2009 og sama tímabils árið eftir.

**7%** verðfall hefur orðið á olíu eftir að Hosni Mubarak hrökklaðist úr embætti Egyptalandsforseta.

**433.000** krónur eru launin sem Jón Sigurðsson þáði dag hvern í fyrra fyrir að stýra stoðtækjafyrirtækinu Össuri.

**BANKAHÓLFIÐ**

## Og hvað á fyrirtækið að heita?

Einkahlutafélög hafa á stundum fengið allkostuleg nöfn, samanber félögin Afsprengi og Von. Annað dæmi umkostulegt nafn er útgerðarfélagið Redding, sem eigendur Eyrarodda á Flateyri eiga. Fyrirtækjaheitin geta svo orðið enn einkennilegri eins og sjá má á félagi sem leit dagsins ljós á Fyrirtækjaskrá á föstudaginn var. Það er einkahlutafélagið Ubezpieczenia, sem sérhæfir sig í vátryggingum og lífeyrissjóðum. Hver treystir sér annars til að segja það þrisvar upphátt?

## Vantrú eða timburmenn

Nýjustu mælingar sýna að kortavelta hefur dregist saman í upphafi ársins. Greining Íslandsbanka bendir á í umfjöllun sinni í gær að velta í janúar hafi, samkvæmt tölum Seðlabankans, dregist saman um nærri tvö prósent milli ára ef stuðst er við heildarnotkun á debetkortum einstaklinga innanlands. „Kveður hér við annan tón en í tölum undanfarinna mánaða þar sem nokkur aukning varð á veltunni,“ segir þar. Síðan verður hver og einn að gera upp við sig hvort aukið aðhald í kortanotkun sé til marks um vantrú fólks á batnandi efnahagsástandi eða hvort hér megi greina timburmenn jólahalds sem farið hefur úr böndum.



## Rafblaðið

Fyrirtæki ástralska fjölmiðlakóngsins Ruperts Murdoch gaf nýverið út fyrsta dagblaðið sem einvörðungu er mögulegt að lesa á iPad-spjaldtölvuna frá Apple. Margir fussuðu og sveiuðu og furðuðu sig á því að nokkur skyldi láta sér koma til hugar að betra sé að lesa dagblað af skjá fremur en á gamla mátann.

Breska vikublaðið Economist segir tímann væntanlega skera úr um örlög blaðsins, sem kostar tæpra hálfa milljón dala að gefa út í viku hverri, rúmar fimmtíu milljónir íslenskra króna. Economist hefur reyndar eftir sérfræðingi að blaðið muni líklega þrauka enda kosti hvert eintak svo lítið sem 99 sent, tæpar 114 krónur.







Omeprazol Actavis
- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði
20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazól sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritrómýcín hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavír. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfiðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert, ef þú færð niðurgang eða ef þú hefur fengið fylgikvilla (blæðingar eða sár í meltingarfærum) vegna bólgueyðandi verkjalyfja. Láta skal lækni/lyfjafræðing vita ef bólgueyðandi verkjalyf eru notuð. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga/brjóstagjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýruþolið hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýruþolnu hylkin með glasi af vökva. Sýruþolnu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýruþolnu hylkin. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu**. **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá**. Júlí 2010.

actavis
hagur í heilsu





# Ísland vantar eigin brjóstamjólkurbanka

**Innan við tíu ár eru síðan rannsóknir hófust fyrir alvöru á brjóstagjöf en áður hafði verið stuðst við 60 ára gamlar rannsóknir. Margt ber nýrra við og sífellt meira vitað um kosti þeirrar ofurfæðu sem brjóstamjólk er og mikilvægi brjóstagjafar fyrir ungbörn. Meðal annars er farið að nýta brjóstamjólk sem orkuskot og í meðferð krabbameinssjúkra ytra.**

„Ég fékk brennandi áhuga á brjóstagjöf þegar mér gekk illa að mjólka ofan í frumburð minn fyrir 23 árum,“ segir Arnheiður Sigurðardóttir, lýðheilsufræðingur og brjóstagjafaráðgjafi, sem nýlega útskrifaðist með meistaragráðu í kennslufræðum með áherslu á brjóstagjöf frá Háskólanum í Reykjavík.

„Hér vantaði tilfinnanlega hærra menntunarstig á sviði brjóstagjafar en markmið mitt er að koma upplýsingum til fólks, þótt ég fari einnig heim til nýbakaðra mæðra þegar þær óska eftir því,“ segir Arnheiður, sem ásamt fleirum rekur hina vinsælu heimasíðu brjostagjof.is.

„Heimasíðan var upphaflega hugsuð fyrir mæður en svo komst ég að því að heilbrigðisstarfsfólk þurfti mest á fræðslunni að halda þar sem hún geymir nýjustu rannsóknir á brjóstagjöf. Áður var stuðst við sextíu ára gamlar rannsóknir, en innan við tíu ár eru síðan rannsóknir á brjóstagjöf hófust af einhverju viti. Þannig eru bara sex ár síðan líffærafræði brjósta með tilliti til brjóstagjafar var skoðuð og eitt ár síðan fyrst var skoðað hvernig börn sjúga,“ segir Arnheiður, sem í námi sínu vann gæðakönnun á kvennadeild Landspítalans undir leiðsögn Geirs Gunnlaugssonar, núverandi landlæknis.

„Þar skoðaði ég hvort réttar leiðbeiningar, samkvæmt rannsóknum, væru viðhafðar á spítalanum og niðurstaðan var sú að þótt nýbakaðar mæður væru allar af vilja gerðar fengu þær misvísandi leiðbeiningar og misjafnan aðgang að mjaltavélum. Sökum þess þornuðu sumar hverjar upp. Mjólkurmyndun er lífeðlislegt ferli fyrstu dagana eftir fæðingu og ef ekki er gripið inn í með hjálp á þeim tíma missa mæðurnar einfaldlega af lestinni,“ segir Arnheiður og bætir við að ekki sé sjálfgefið að koma brjóstagjöf í gang með því einu að leggja barn á brjóst aftur og aftur.


Arnheiður Sigurðardóttir er lýðheilsufræðingur með áherslu á brjóstagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Alltaf skal vera vakandi fyrir því hvort barn vinni gagn, sé fært um að sjúga eða treystandi til þess, því illa nærður hvítvoðungur hefur ekki næga orku í sína vinnu, frekar en við í langhlaup á fastandi maga,“ segir Arnheiður og ítrekar að þótt brjóstagjöf sé erfiðisvinna í upphafi sé hún ávallt þess virði.

„Brjóstagjöf er svo miklu meira en bara næring. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) lét fyrir fjórum árum taka út allar rannsóknir um brjóstagjöf og sjúkdóma, og niðurstaðan var sláandi þar sem brjóstabörn voru miklum mun heilsuhraustari. Þá styður brjóstagjöf tengslamyndun og hreyfiþroska, og búið er að rannsaka kosti þess að móðir og barn sofi saman, en 68 prósent brjóstabarna sofa upp í hjá mömmu sem er það besta fyrir barnið,“ segir Arnheiður.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mælir með brjóstagjöf minnst fyrstu tvö æviár barna, en þá er ónæmiskerfi ungra barna enn afar óþroskað.

> „Ísland er eina landið á Norðurlöndum sem ekki er með mjólkurbanka þar sem hægt er að sækja brjóstamjólk í neyðartilfellum eins og handa fyrirburum og úr því þarf að bæta.“

„Einungis 13 prósent ársgamalla íslenskra barna eru enn á brjósti, samanborið við 40 prósent í Noregi. Þarna viljum við sjá aukningu, sem og vegsemd brjóstamjólkur. Ísland er eina landið á Norðurlöndum sem ekki er með mjólkurbanka þar sem hægt er að sækja brjóstamjólk í neyðartilfellum eins og handa fyrirburum og úr því þarf að bæta.

Viðhorf til brjóstamjólkur hefur breyst þar sem mjólkurbankar eru og ýtt undir skilning fólks á mikilvægi hennar, en nú er til dæmis farið að gefa hana krabbameinssjúklingum erlendis og íþróttamenn farnir að neyta hennar fyrir leiki orkunnar vegna,“ segir Arnheiður.

„Brjóstagjöf má ekki verða afgangsstærð í fræðslu til heilbrigðisstarfsfólks því með aðgangi að nýjustu rannsóknum og aukinni fræðslu eru okkur allir vegir færir. Nýbakaðar mæður verða líka að bera ábyrgð á hvernig þeim gengur að gefa brjóst og fara ekki heim af sænginni fyrr en þær hafa fengið kennslu í að leggja barn sitt á brjóst. Þær þurfa einnig að kynna sér brjóstagjöf þegar á meðgöngunni því bilið á milli væntinga og veruleika er stórt.“

*thordis@frettabladid.is*

**Kynning**

# Regenovex er náttúruleg og árangursrík verkjastilling

**Regenovex er einstök samsetning tveggja náttúrulegra efna sem mynda virkni sem dregur úr sársauka, viðheldur og byggir upp liði.**

Vandamál í liðum skapast með hversdagslegri áreynslu á liðina eða í íþróttum sem með tímanum geta skemmt liði og/eða brjósk og farið að valda óþægindum og sársauka. Hýalúrónsýra er meginefni í liðvökvanum sem umlykur beinin og brjóskið og höggverndar beinin í liðnum. Hýalúrónsýran virkar sem smurning og höggdeyfir á liðina og bætir liðleikann. Þegar við eldumst framleiðir líkaminn minna magn af hýalúrónsýru sem leiðir til þess að magn liðvökvans fer minnkandi og er í kjölfarið ekki eins áhrifaríkur í að hlífa liðum við minniháttar höggum og áreynslu sem leiðir til þess að flísast getur úr beinunum.

Regenovex er einstök samsetning tveggja náttúrulegra efna sem mynda virkni sem dregur úr sársauka, viðheldur og byggir upp liði. Virku efnin í Regenovex eru hýalúrónsýra og bionovex-olía. Hýalúrónsýra er lykilefni í brjóski og í liðvökvanum í liðamótum. Hýalúrónsýra er talin auka virkni liðvökvans sem virkar smyrjandi og höggdeyfandi á liðina. Með aldrinum gengur á hýalúrónsýruna og með því að taka inn Regenovex endurhlöðum við þessar birgðir líkamans.





Regenovex hentar fólki á öllum aldri.

Þegar liðvökvinn sem umlykur liðina minnkar geta beinin í liðnum farið að nuddast saman, mynda bólgur og valda sársauka. Bionovex-olían er unnin úr grænkræklingi og er því náttúruleg. Bionovex-olían inniheldur einstaka omega-3 olíu sem finnst aðeins í þessari tegund grænkræklings og hefur reynst hafa bólgueyðandi eiginleika.

Algengt er að fólk sem stundar mikla hreyfingu, svo sem hlaup, lyftingar og þess háttar, finni fyrir verkjum í hnjám, hrygg og á fleiri stöðum vegna mikillar áreynslu á liðamót. Regenovex er árangursrík og fljótleg leið til þess að vinna gegn eymslum og óþægindum vegna þessa. Gelið er sérstaklega hentugt til þess að hafa meðferðis á æfingum. Tilvalið er að nota gelið bæði fyrir og/eða eftir æfingar og árangur finnst samstundis.

Til viðbótar við gelið eru fáanlegir plástrar fyrir þá liði sem á að meðhöndla sérstaklega. Enn fremur eru fáanlegar perlur til inntöku, en perlurnar virka á alla liði líkamans. Um er að ræða náttúrulega verkjastillingu sem gefur góðan árangur án lyfja eða annarra lyfjatengdra efna.


Einar Már Aðalsteinsson gat farið aftur á fjöll eftir mánaðarnotkun á Regenovex.

# Fann mun á sér eftir einn mánuð

**Einar Már Aðalsteinsson er 44 ára fjallgöngumaður sem hóf að nota Regenovex-vörurnar við eymslum í hnjám og fann mun á sér eftir mánaðarnotkun.**

„Ég hef alltaf verið mikið í íþróttum og stundað fjallgöngur undanfarin ár. Um mitt síðasta sumar fór ég að finna fyrir miklum verkjum í hnjám og gat ekki stundað göngur eða íþróttir eftir það. Eftir nokkra mánuði þegar ég hafði náð litlum bata var mér bent á að prófa Regenovex-vörurnar. Eftir einungis um það bil mánaðarnotkun fór ég að finna mun á mér og gat farið að stunda hlaup og fjallgöngur á ný. Ég mæli með að allir þeir sem finna fyrir eymslum í hnjám eða öðrum liðum prófi Regenovex, það er vel þess virði að prófa ef það verður til þess að maður getur aftur byrjað að hreyfa sig.“

# tímamót

timamot@frettabladid.is



33 **VALA FLOSADÓTTIR** stangarstökkvari er 33 ára í dag.
*„Sá sem hefur trú á sjálfum sér getur tekið sínar eigin ákvarðanir og staðið fyrir sínu.“*



✝

*Ástkær eiginkona, systurdóttir og frænka*

**Erna Jóna Stefáns**

lést á heimili sínu í Oklahoma þann 6. febrúar. Útför hennar fer fram í Oklahoma þann 15. febrúar.

**Ken MacDonnell**
**Guðný Stefánsdóttir**
**Jón Eiríksson** **Erla Jónsdóttir**
**Stefán Eiríksson** **Ragnheiður Torfadóttir**
**Helga Eiríksdóttir** **Sigurður Smári Einarsson**
**Vera Björk Einarsdóttir** **Hjalti Kristjánsson**
**Íris Huld Einarsdóttir** **Kári G. Schram**
**og fjölskyldur.**



✝

*Okkar ástkæra*

**Guðrún Símonardóttir**
Hagamel 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 12. febrúar. Útförin verður í Neskirkju þriðjudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**Gerður Unndórsdóttir** **Vilhjálmur Einarsson**
**Albína Unndórsdóttir** **Sigurður Ágústsson**
**Þórdís Unndórsdóttir** **Jón S. Guðnason**
**Jón E. Unndórsson** **Elfa Sigvaldadóttir**
**Símon R. Unndórsson** **Lára I. Hallgrímsdóttir**
**barna- og barnabarnabörn.**



**ÁSLAUG BJÖRK INGÓLFSDÓTTIR** „Við förum í lítil þorp í Mewat-héraði í Haryana-fylki. Þar verður búið að safna saman börnum sem eru fimm ára og yngri,“ segir hún.

RÓTARY: ÚTRÝMIR LÖMUNARVEIKI

# Setja dropa í munna barna

Fjórtán Íslendingar eru staddir í Indlandi á vegum Rótary í þeim tilgangi að vinna að útrýmingu lömunarveiki. „Við höfum mikinn áhuga á þessu göfuga verkefni,“ sagði Áslaug Björk Ingólfsdóttir, einn ferðalanganna, er samband náðist við hana í gær. Hópurinn hélt utan 11. þessa mánaðar og flaug til Delhí með viðkomu í London og dagsstoppi í Katar. Um er að ræða þrettán ungmenni og eina ömmu. Í gær voru þau á skoðunarferðalagi um norðurhluta Indlands og í dag, miðvikudag, var stefnan sett á Agra og Taj Mahal, hvaðan verður haldið til Varanasi, helgrar borgar hindúa á bökkum Ganges. „Við áttum upphaflega að byrja á góðgerðaverkefninu og taka túristapakkann á eftir en bólusetningardeginum seinkaði um viku af einhverjum ástæðum. Hann passar samt inn í okkar ferð,“ sagði Áslaug.

Útrýming lömunarveiki úr heiminum hefur verið markmið Rótarý í fjöldamörg ár. Þegar hefur tekist að útrýma henni í 118 löndum að sögn Áslaugar. „Núna fyrirfinnst veikin bara í Indlandi, Pakistan, Afganistan og Nígeríu þannig að mikill árangur hefur náðst en Indland er stórt land og verkefnið er erfitt hér,“ segir hún. Hvernig ætla Íslendingarnir að leggja þessu málefni lið? „Við munum hitta hér Rótarýkrakka frá Frakklandi, Kanada, Bandaríkjunum og fleiri löndum og öll munum við vinna undir stjórn eins manns sem hingað hefur komið árlega í sama tilgangi síðasta áratuginn. Hann verður núna með 55-60 manns.“ útskýrir hún. „Við förum í lítil þorp í Mewat-héraði í Haryana-fylki. Þar verður búið að safna saman börnum sem eru fimm ára og yngri og okkar hlutverk verður að setja dropa í munninn á þeim. Daginn áður verða skrúðgöngur í þorpunum til að koma því til skila að lyfjagjöfin verði daginn eftir.“

Áslaug er í Rótarýklúbbnum Geysi, eins og þorri íslenska hópsins sem er á aldrinum 18-26 ára. Spurð hvort klúbburinn borgi ferðina svarar hún: „Okkar klúbbur er svo ungur, bara tveggja ára, að þar er ekki sterkur peningalegur grunnur en margir eldri Rótarýklúbbar á Íslandi og nokkur fyrirtæki hafa styrkt okkur og svo borgum við sjálf líka.“

gun@frettabladid.is



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpi, afi og langafi*

**Einar Grétar Björnsson**
Naustabryggju 5,

lést á líknardeild Landakotsspítala þann 10. febrúar síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju föstudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Angela Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**Fjóla Sigurðardóttir**
**Guðjón Vilhelm Sigurðsson** **Sylvía Færseth**
**Angela Guðbjörg Eggertsdóttir** **Viktor Örn Andrésson**
**Agnes Baldvinsdóttir**
**Sædís Ósk, Kamilla Birta, Benóný Einar, Fjóla Dís og Ásdís.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Jónsson**
bóndi
Borgarhóli, Blönduhlíð,

lést sunnudaginn 13. febrúar á krabbameinsdeild 11-E á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Soffía Jakobsdóttir.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Sigríður Valdís Rögnvaldsdóttir**
Álftahólum 4, Reykjavík,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans, miðvikudaginn 9. febrúar sl., verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 18. febrúar kl. 15.

**Helga Ámundadóttir** **Ari Ólafsson**
**Brynjar Ágústsson** **Steinunn Inga Óttarsdóttir**
**Heiðar Ingi Ágústsson** **Signe Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

**Einar Ólafur Gíslason**
fyrrverandi flugstjóri,
Giljaseli 2, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum þann 6. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram föstudaginn 18. febrúar kl. 13.00 frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

**Friðgerður Samúelsdóttir**
**Kolbeinn Einarsson** **Kristín Eva Þórhallsdóttir**
**Einar Einarsson** **Djurdja Kristjana Hrkalovic**
**Sandra Sif Morthens, Sigurður Magnús Sigurðsson**
**Hugi Kolbeinsson**
**Kolfinna Kolbeinsdóttir**
**Hermann Gísli Hrkalovic Einarsson**
**Alexander Hrkalovic Einarsson**
**Kristín Sædís Sigurðardóttir**
**Karítas Sigurðardóttir**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Ingibjörg Björnsdóttir**
frá Vík í Héðinsfirði,
Hólmgarði 4 Reykjavík,

lést á Hrafnistu Reykjavík laugardaginn 12. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 18. febrúar kl. 11.00.

**Unnur Júlíusdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Guðbjörg Ragna Colton** **Bruce Colton**
**Gylfi M. Guðmundsson** **Kristín Erla Þórólfsdóttir**
**Guðrún Júlíusdóttir** **Haraldur Karlsson**
**Björn Júlíusson** **Jóhanna M. Aðalsteinsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar og amma*

**Bjarney Ágústsdóttir**
frá Sæfelli, til heimilis á Sólvöllum Eyrarbakka,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 19. febrúar kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Már Ólafsson**
**Þórarinn Th. Ólafsson**
**Bjarney Ágústsdóttir**
**og fjölskyldur.**

LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

**50% afsláttur**
**af legsteinum**
**úr íslensku blágrýti**
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Rvk.
sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



Frestur til að senda tilnefningar er til miðnættis þann 21. febrúar

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2011

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt.
Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** loga, **6.** eftir hádegi, **8.** meðal, **9.** skammstöfun, **11.** tveir eins, **12.** kostur, **14.** ríki í Vestur-Afríku, **16.** drykkur, **17.** örn, **18.** tunnu, **20.** klaki, **21.** þraut.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-ameríku, **3.** á fæti, **4.** sumbl, **5.** kraftur, **7.** hertaka, **10.** hnappur, **13.** siða, **15.** tröll, **16.** lögg, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lifa, **6.** eh, **8.** lyf, **9.** rek, **11.** ll, **12.** úrval, **14.** níger, **16.** te, **17.** ari, **18.** ámu, **20.** ís, **21.** raun.

**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** hernema, **10.** kví, **13.** aga, **15.** risi, **16.** tár, **19.** uu.





HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ

# GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2011

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 **Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 **Frá kynslóð til kynslóðar**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 **Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 **Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 **Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ


# Siðlegt en löglaust

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur legið undir ámæli eftir að Hæstiréttur ógilti ákvörðun hennar um að neita að staðfesta aðalskipulag Flóahrepps. Viðbrögð Svandísar og samherja hennar hafa verið á þá leið að úrskurður Hæstaréttar sé engin frágangssök fyrir hana þar sem dómurinn lúti að „ágreiningi um túlkun laga“. Þarafleiðandi hafi hún ekki beint brotið lög, auk þess sem hún hafi látið „náttúruna njóta vafans“.

**HOFMÓÐURINN** í þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hæst létu í ræðustól á Alþingi í gær var vissulega brjóstumkennanlegur. Við vitum, vegna þess að við munum hvernig þetta fólk lét þegar það var stjórnarmegin í lífinu, að krafa þeirra um afsögn Svandísar er trauðla sprottin af lýðræðisást eða virðingu fyrir góðum stjórnsýsluháttum. Hann var liður í þeim pólitíska hráskinnaleik sem Hanna Birna Kristjánsdóttir lýsti svo vel í Vikulokunum á laugardaginn var: Íslensk stjórnmálamenning er átakamiðaður karlakúltúr sem gengur út á að annaðhvort ráðir þú öllu eða engu. Íslensk stjórnmálamenning er uppákomuleikur um að búa stöðugt til ágreining þótt hann sé ekki til staðar, því þannig komast stjórnmálamenn í fréttir.

**ÞESSI HUGSUN**, að gera andstæðingnum skráveifu, gegnsýrir ekki aðeins málflutning stjórnarandstöðunnar í þessu máli heldur líka viðbrögð ríkisstjórnarinnar, sem eru billeg. Ekki ætla ég að dæma um hvort Svandís eigi að segja af sér en það hlýtur að vera eðlileg krafa að hún játi á sig mistök og gangi jafnvel svo langt að biðjast afsökunar á þeim.

**ÞAÐ ERU EKKI RÖK** í málinu að umhverfisráðherra hafi góðan málstað að verja. Því þótt maður sé sammála Svandísi kemur nefnilega að því fyrr eða síðar að mennirnir með „vonda“ málstaðinn komast til valda. Hvernig ætlum við að fá þá til að axla ábyrgð ef þeir verða staðnir að því að fara sínu fram í trássi við lög? Verður viðkvæðið þá líka: Við erum bara í pólitík.

**LÖGLEGT** en siðlaust er eitt þekktasta hugtak íslenskrar stjórnmálasögu og lýsir ágætlega ástandinu á Íslandi árin fram að hruni, þegar lagaklækjum var beitt til gjörninga sem gengu jafnvel í berhögg við markmið laganna. Siðlegt en löglaust er hins vegar engu skárra leiðarljós. Sé þessari ríkisstjórn umhugað um að bæta hér pólitíska menningu, hlýtur hún að reyna að búa þannig um hnútana að lög og siðsemi fari saman í gjörðum hennar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# Óvæntur glaðningur

Tónlist ★★★★

**Finger Of God (Toes Of Paul McCartney)**
Sigurður Eyberg

Sigurður Eyberg er sennilega þekktastur fyrir að vera söngvari keflvísku rokkhljómsveitarinnar Deep Jimi and the Zep Creams, en hann er líka menntaður leikari. Finger Of God er fyrsta sólóplatan hans og hún kemur verulega á óvart. Sigurður lærði leiklist í Bretlandi sem er kannski að einhverju leyti ástæðan fyrir þessum enska hljómi sem einkennir plötuna. Hafi einhver verið að vonast eftir því að tónlistin á Finger Of God væri eitthvað í líkingu við sígilt hipparokk Deep Jimi þá verður sá hinn sami fyrir vonbrigðum. Hér er á ferð blanda af rafpoppi og rokki sem minnir mig í senn á Bowie, Beck, Egil Sæbjörnsson og enskar nýbylgjusveitir frá níunda áratugnum. Mörg laganna og textanna eru bráðskemmtileg og svo er þessi hrái hljómur plötunnar sérstaklega vel heppnaður. Lög og textar eru eftir Sigurð, en það er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson sem stjórnar upptökum og sér um hljóðfæraleik. Það kemur reyndar nokkuð á óvart þar sem maður er ekki vanur svona hráum og ferskum hljómi frá Þorvaldi, þó að hann hafi auðvitað gert marga og ólíka hluti á ferlinum.




Á heildina litið má segja að góðar lagaog textasmíðar, húmor (samanber nafn plötunnar!) og hrár og skemmtilegur hljómur leggist á eitt um að gera þessa fyrstu sólóplötu Sigurðar Eyberg að prýðilegri poppplötu.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Sigurður, söngvari Deep Jimi, kemur sterkur inn á sinni fyrstu sólóplötu.



**JENNIFER ANISTON** Er orðin þreytt á því að vera orðin að einhverri tölu.

# Stimpluð vegna aldurs

**Jennifer Aniston er undrandi á því hversu mikið fólk veltir sér upp úr aldri hennar. Leikkonan hélt upp á 42 ára afmælið sitt á veitingastað í New York í síðustu viku ásamt leikurunum Adam Sandler og Hugh Jackman.**

**„Skyndilega ertu stimpluð, þú breytist í einhverja tölu," sagði Aniston í viðtali við Rachel Ray. „Allt í einu er gefið í skyn að líf þitt sé fljótlega á enda. Það er mjög skrítið." Ef leiklistarferill hennar hefði ekki gengið upp hefði Aniston viljað skipuleggja veislur. „Mér finnst svo skemmtilegt að skipuleggja partí blanda saman ólíkum hópum."**






midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| JUST GO WITH IT | 8 og 10.20 |
| TRUE GRIT | 5.50, 8 og 10.20 |
| LONDON BOULEVARD | 8 og 10.10 |
| MÚMÍNÁLFARNIR 3D - ISL TAL | 6 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL | 6 |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
| --- | --- | --- |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SANCTUM-3D | kl. 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| --- | --- | --- |
| JÓGI BJÖRN | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT | kl. 8 | 16 |
| SANCTUM | kl. 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:40 | 14 |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 8 - 10:20 | 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
| --- | --- | --- |
| TRUE GRIT | kl. 5.20 - 8 og 10.30 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| SANCTUM-3D | kl. 5.30 - 8 og 10.30 | 14 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 og 10.30 | L |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 8 | 14 |
| GREEN HORNET-3D | kl. 10.20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
| --- | --- | --- |
| NIXON IN CHINA Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 10:30 | 10 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali Sýnd á morgun kl. 6 | | L |
| SANCTUM-3D | kl. 10:20 | 14 |
| HEREAFTER | kl. 5:30 | 12 |
| YOU AGAIN | kl. 8 | L |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:20 | 14 |

WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
| --- | --- | --- |
| JUST GO WIT IT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| JUST GO WIT IT LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| GREEN HORNET 3D | KL. 3.30 - 5.25 - 8 | 12 |
| THE TOURIST | KL. 10.30 | 12 |
| DILEMMA | KL. 8 - 10.30 | L |
| GULLIVER´S TRAVEL 3D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| ALFA OG OMEGA 3D | KL. 3.30 | L |
| MÚMÍNÁLFARNIR 3D | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
| --- | --- | --- |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| FIGHTER | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BURLESQUE | KL. 5.30 - 8 | L |
| LONDON BOULIVARD | KL. 10.30 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
| --- | --- | --- |
| JUST GO WITH IT | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE FIGHTER | KL. 8 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR 3D | KL. 6 | L |
| DEVIL | KL. 10.10 | 16 |
| VELKOMIN | KL. 6 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

# Úr ristuðu brauði með osti í ansi góða lagskipta tertu

**Daníel Ágúst sendir í byrjun mars frá sér aðra sólóplötu sína. Platan var í upphafi ristað brauð með osti, en varð að bragðmikilli tertu.**



**NÝ PLATA VÆNTANLEG** Daníel Ágúst sendir frá sér aðra sólóplötu sína í byrjun mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hún átti að vera kassagítarplata, en ég skipti um skoðun þegar ég var búinn að taka upp kassagítar og söng. Þá fannst mér vanta töfraprikið,“ segir tónlistarmaðurinn Daníel Ágúst Haraldsson.

Daníel hefur samið við útgáfu Valgeirs Magnússonar og Örlygs Smára, Hands Up Music, um útgáfu á annarri sólóplötu sinni í byrjun mars. Platan var meðal annars unnin í Island-hljóðverinu í Vestmannaeyjum, sem er í gamla Betelsafnaðarhúsinu þar í bæ. „Ég bjó þar í tæpa viku og eldaði egg og beikon ofan í mannskapinn,“ segir Daníel léttur um dvölina í Vestmannaeyjum.

*En um hvað fjallar platan, ástina og lífið?*

„Já, ástina og lífið eins og venjulega. Það er reyndar eitt lag sem fjallar um gleði bingóíþróttarinnar.“

*Var heimildavinnan unnin í Vinabæ?*

„Nei. Hún kom í þessu Betelsafnaðarhúsi. Það var safnaðarandi sem sveif yfir vötnum og mér fannst spennandi að beisla þann anda í bingói.“

Gítarleikararnir Gummi P. og Bjarni í Mínus léku undir á plötunni ásamt Óla Hólm og Stefáni Magnússyni. Addi 800 beislaði hljóminn og Jón Ólafsson, félagi Daníels í Nýdanskri, kláraði með honum plötuna. Saman sá hópurinn til þess að platan varð ekki kassagítarplata, eins og hún átti að vera í upphafi.

„Hún var frekar fátækleg af því að ég hef fengið að kynnast því hvað það er hægt að galdra mikið. Mig langaði að gera hljóðheiminn aðeins margslungnari,“ segir Daníel. „Kassagítarinn er grunnur laganna – stoðkerfið. Svo kemur allt utan á, með, undir og yfir, og býr til ansi góða lagskipta tertu. Mjög brögðótta marglaga köku sem mér finnst bragðast mjög vel. Þegar kassagítarplatan var tilbúin bragðaðist hún eins og ristað brauð með smjöri og osti, sem er ágætt. En ekki ef maður vill fá sér eitthvað gott á sex ára fresti, eins og í mínu tilfelli. Síðasta sólóplata kom út árið 2005.“

Daníel hyggst fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi hérlendis, en frekari landvinningar verða að koma í ljós, að hans sögn. „Það er nóg að gera. GusGus er að koma með plötu í lok apríl, byrjun maí.“

*Og Nýdanskir deyja aldrei?*

„Nei, við erum með sýningu í Borgarleikhúsinu sem gengur vel, þannig að ég er með mörg járn í eldinum.“

atlifannar@frettabladid.is

# Penn og Jean verða vinir

Bandaríski leikarinn Sean Penn og tónlistarmaðurinn Wyclef Jean hafa ákveðið að grafa stríðsöxina og snúa bökum saman til að hjálpa íbúum Haítí. Penn og Jean sinnaðist illilega í fjölmiðlum þegar leikarinn gagnrýndi rapparann harðlega fyrir forsetaframboð hans á Haítí en íbúar eyjunnar búa við mikinn skort á mat og öðrum nauðsynjavörum eftir að jarðskjálfti lagði landið nánast í rúst í fyrra. Jean svaraði þessum ásökunum og sagði Penn ekkert annað en gamlan dóphaus en bandaríski leikarinn hefur eytt öllum sínum frítíma á Haítí við hjálparstörf.

Félagarnir hittust fyrir tilviljun á tónleikum hljómsveitarinnar T-Vice í New York um helgina samkvæmt slúðurdálki New York Post. Að sögn sjónarvotta virtist andrúmsloftið vera rafmagnað þegar þeir komu auga hvor á annan en síðan báðu þeir starfsfólk sitt um að finna laust herbergi handa þeim. Þeir lokuðu að sér og ræddu saman í hálftíma. „Þetta voru engin öskur eða læti, þeir hreinsuðu bara loftið milli sín,“ hefur New York Post eftir heimildarmanni sínum.

Þessi stutti fundur virðist hafa dugað til því Penn og Jean stóðu skömmu seinna saman uppi á sviði og hvöttu fólk til að sýna íbúum Haítí stuðning. Dagskránni lauk síðan með því að þeir tveir föðmuðust innilega.



**VINALEGUR** Sean Penn og Wyclef Jean hafa ákveðið að grafa stríðöxina og berjast í sameiningu fyrir bættum hag íbúa Haítí.

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is




AVENA SATIVA
– betri svefn
Avena Sativa er þekkt af því að hafa nærandi, heilsubætandi og róandi áhrif á taugakerfið.
Er mjög gott gegn streitu og svefntruflunum.
Fyrir þig í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 53500 02/11

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
| --- | --- |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:50, 20:10, 22:30 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 20:00, 22:10 |
| MICMACS (SÍÐUSTU SÝNINGAR)(L) | 20:00, 22:00 |
| ARNARHREIÐRIÐ: SKAMMDEGI Q&A (L) | 20:00 |
| EDDA 2011: FUTURE OF HOPE Q&A (L) | 18:00 |
| EDDA 2011: THE GOOD HEART (L) | 18:00 |
| EDDA 2011: BRIM (L) | 18:00 |
| EDDA 2011: FEATHERED COCAINE (L) | 22:00 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# SKÍÐA- OG BRETTAFATNAÐUR
# 40% AFSLÁTTUR

Gildir til 28. febrúar



VERÐDÆMI: **23.990** (fullt verð 39.990)

**ALTITUDE WARWICK SOFTSHELL**
Skíðajakki úr teygjanlegu softshell-efni með 8.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Herrastærðir.



VERÐDÆMI: **11.990** (fullt verð 19.990)

**FIREFLY FLOYD M JACKET**
Snjóbrettajakki úr efni sem andar vel og hrindir frá snjó og léttu regni. Herrastærðir.



VERÐDÆMI: **13.790** (fullt verð 22.990)

**MCKINLEY BELU W SKI JACKET**
Skíðajakki úr exodus-efni með 5.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Dömustærðir.

# SKÍÐA- OG BRETTAPAKKAR
# 30% AFSLÁTTUR

Gildir til 28. febrúar

VERÐDÆMI:



**FIREFLY BRETTAPAKKI**
Firefly Rampage bretti, Firefly C20 bindingar og Firefly C2 brettaskór.

**44.780** (fullt verð 63.970)



**TECHNO PRO BARNASKÍÐAPAKKI**
Techno Pro XT team jr. skíði, Techno Pro TC45 jr. bindingar og Techno Pro T40 jr. skíðaskór.

**27.840** (fullt verð 39.770)



**TECHNO PRO / SALOMON SKÍÐAPAKKI**
Techno Pro Safine Candy dömuskíði og bindingar og Salomon Divine X4 skíðaskór.

**55.990** (fullt verð 79.980)



INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is







**sport**
sport@frettabladid.is



**DÓMSTÓLL HSÍ** mun skoða greinargerðir Fram og Vals um kæru Framara vegna undanúrslitaleiks bikarsins. Fram vill meina að Markús Máni Michaelsson hafi verið ólöglegur en því eru Valsmenn ósammála.

# Spurs í draumastöðu

**Tottenham Spurs fór í frægðarför á San Siro í gær er liðið lagði AC Milan í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Upp úr sauð í lok leiksins. Schalke náði jafntefli gegn Valencia þar sem Raúl skoraði sögulegt mark.**



**FÖGNUÐUR** Crouch og Lennon fagna markinu sem þeir bjuggu til saman.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Peter Crouch skoraði eina mark leiks AC Milan og Tottenham á San Siro í gær. Tottenham er því í dauðafæri að komast í átta liða úrslit keppninnar enda á liðið heimaleikinn eftir.

Leikur liðanna var nokkuð skemmtilegur en gestirnir frá London voru beittari framan af. Mörkin komu þó ekki í rigningunni á Ítalíu. Milan var nokkuð öflugt framan af síðari hálfleik en talsvert púður vantaði í sóknarleik liðsins.

Það var síðan tíu mínútum fyrir leikslok að Crouch skoraði með hnitmiðuðu skoti af stuttu færi eftir góðan undirbúning hjá Aaron Lennon. Nokkuð verðskuldað hjá Spurs sem væri örugglega til í að spila aftur á San Siro enda spilar liðið ítrekað vel þar.

Zlatan Ibrahimovic náði að koma boltanum inn fyrir línuna þegar nokkrar sekúndur voru eftir af uppbótartíma en markið var réttilega dæmt af þar sem Zlatan braut af sér.

Miðjumaður Milan, Gennaro Gattuso, var með allt á hornum sér í gær og hann missti algjörlega stjórn á skapi sínu eftir leikinn og var hann einnig óstýrilátur meðan á leik stóð. Gattuso reif sig úr að ofan eftir leik og gerði sér síðan lítið fyrir og skallaði Joe Jordan, aðstoðarþjálfara Tottenham. Í kjölfarið virtist hann síðan vilja lúberja hann en var dreginn í burtu af félögum sínum.

Gattuso fékk líka gult spjald í leiknum og verður því í leikbanni í síðari leiknum. Mótlætið fór afar illa með skapið hans í gær.

„Það var frábært að spila þennan leik og mér fannst við eiga sigurinn skilinn. Við vörðumst vel og sköpuðum svo færi. Þetta eru frábær úrslit fyrir okkur. Þetta er ekki búið en við mætum fullir sjálfstrausts í seinni leikinn enda líður okkur vel á heimavelli,“ sagði Crouch.

Spænski framherjinn Raúl skráði nafn sitt í sögubækurnar eina ferðina enn í gær þegar hann skoraði Evrópumark númer 71. Hann er þar með orðinn markahæsti leikmaður Evrópukeppna frá upphafi en hann var jafn Filippo Inzaghi, framherja Milan, fyrir leikinn í kvöld.

Mark Raúl í kvöld var afar mikilvægt enda útivallarmark hjá Schalke. Þetta var fyrsti leikur Raúl á Spáni síðan hann fór frá Real Madrid.

**henry@frettabladid.is**



**HART TEKIST Á** Fylkisstúlkur gáfu það sem þær áttu gegn Val en voru númeri of litlar fyrir Hlíðarendaliðið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undanúrslit í Eimskipsbikarkeppni kvenna í gær:

# Auðvelt hjá Valsstúlkum

**HANDBOLTI** Valsstúlkur sem eru núverandi Íslandsmeistarar tryggðu sér sæti í úrslitum Eimskipsbikarsins í gærkvöldi með öruggum 25-15 sigri á Fylki í Árbænum.

Þær höfðu öruggt tak á leiknum allan tímann og náðu Fylkisstúlkur aðeins að skora 4 mörk í fyrri hálfleik. Valsstúlkur töpuðu í úrslitum bikarsins í fyrra og ætla sér eflaust að gera betur í ár.

„Markmið dagsins var að komast í höllina og við erum mjög ánægð með það,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari Valsstúlkna, eftir leikinn.

„Við spiluðum leik við þær á laugardag og áttum þá auðveldan dag, við vissum að þær kæmu vitlausar í þennan leik til að bæta fyrir það. Það hafa margir verið að gagnrýna Fylki en það var ekkert vanmat í gangi hjá okkur. Við spiluðum einfaldlega frábæra vörn og erum sterkt lið, það kom okkur áfram í keppninni.

Núna tekur við úrslitaleikurinn sem verður mjög erfiður, hvort sem það er Fram eða HK. Ég myndi frekar vilja Fram enda leikir liðanna alltaf spennandi og þær unnu okkur í fyrra. Við færum ekki í hann til að hefna okkur, við viljum bara vinna alla leiki. Það væri frábært á afmælisári Vals ef bæði liðin myndu vinna bikar,“ sagði Stefán.

**- kpt**

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| AC Milan-Tottenham | 0-1 |
| 0-1 Peter Crouch (80.) | |
| Valencia-Schalke | 1-1 |
| 1-0 Roberto Soldado (17.), 1-1 Raul (64.) | |

*Evrópudeildin, 32-liða úrslit:*

| | |
|---|---|
| Aris Saloniki-Man. City | 0-0 |

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Birmingham-Newcastle | 0-2 |
| 0-1 Peter Lövenkrands (1.), 0-2 Leon Best (50.) | |

*Eimskipsbikar kvenna:*

| | |
|---|---|
| Fylkir-Valur | 15-25 (4-12) |

Mörk Fylkis: Sunna María Einarsdóttir 6, Nataly Sæunn Valencia 4, Unnur Ómarsdóttir 2, Áslaug Gunnarsdóttir 1, Anna María Guðmundsdóttir 1, Kristrún Steinþórsdóttir 1
Varin skot: Guðrún Ósk Maríasdóttir 11.
Hraðaupphlaup: 2 (Nataly Sæunn Valencia)
Mörk Vals: Kristín Guðmundsdóttir 6, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5, Anett Köbli 4/4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Karolína B. Gunnarsdóttir 2, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Arndís M. Erlingsdóttir 1
Varin skot: Guðný Jenna Ásmundadóttir 13/ , Sunneva Einarsdóttir 2.
Hraðaupphlaup: 1 (Rebekka Rut Skúladóttir)

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| Rhein-Neckar Löwen-Magdeburg | 38-30 |
| Ólafur Stefánsson skoraði 8 mörk fyrir Löwen og Róbert Gunnarsson eitt. | |
| Wetzlar-Gummersbach | 34-31 |
| Kári Kristjánsson skoraði 5 mörk fyrir Wetzlar. | |

*Sænski körfuboltinn:*

| | |
|---|---|
| Sundsvall-Solna | 96-82 |
| Hlynur Bæringsson skoraði 12 stig og tók 11 fráköst fyrir Sundsvall og Jakob Örn Sigurðarson skoraði 19 stig. Logi Gunnarsson skoraði 5 stig. fyrir Solna. | |
| Uppsala-Jamtland | 71-95 |
| Helgi Már Magnússon skoraði 9 stig fyrir Uppsala. | |




*Takk fyrir allar skemmtilegustu*

# TILNEFNINGARNAR

Yfirburðir Stöðvar 2 í innlendri dagskrárgerð sjást vel þegar tilnefningarnar til Edduverðlaunanna í ár eru skoðaðar. Stöð 2 er eina sjónvarpsstöðin sem fær tilnefningar í flokkunum Leikið sjónvarpsefni og Skemmtiþáttur ársins og það hvetur okkur til frekari dáða á 25. afmælisárinu sem nú er í fullum gangi!

Besta leikna sjónvarpsefni ársins, tilnefningar

**Mér er gamanmál** sýnt á Stöð 2
**Hlemmavídeó** sýnt á Stöð 2
**Réttur 2** sýnt á Stöð 2

Besti skemmtiþáttur ársins, tilnefningar

**Logi í beinni** sýnt á Stöð 2
**Spaugstofan** sýnt á Stöð 2
**Ameríski draumurinn** sýnt á Stöð 2

**Samtals fékk efni sem sýnt er á Stöð 2 14 tilnefningar í ár! Þar á meðal þessar:**
Frétta/viðtalsþáttur ársins: Sjálfstætt fólk, Barnaefni: Algjör Sveppi, Sjónvarpsmaður ársins: Sverrir Þór Sverrisson og Þorsteinn J., Leikkona ársins: Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Réttur 2, Leikari ársins: Pétur Jóhann Sigfússon, Hlemmavídeó, Leikari í aukahlutverki: Stefán Hallur Stefánsson, Réttur 2, Tónlist ársins: Úlfur Eldjárn, Hlemmavídeó

Stöð 2 þakkar þessu hæfileikaríka fólki og þeim sem að þessum verkum koma fyrir gott samstarf. Til hamingju með tilnefningarnar! Við erum jafnframt stolt af nýju innlendu efni sem er komið eða er væntanlegt á dagskrá: Mannasiðir Gillz, Pressa 2, Tvímælalaust, Hamingjan sanna, Steindinn okkar o.fl. o.fl. o.fl.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Sandra Bullock

„Frábær kvikmyndaleikur getur kveikt í mér, en ég læt mig samt ekki dreyma um manneskjuna í viku.“

***Sandra Bullock leikur konu í yfirmannsstöðu sem þvingar undirmann sinn til að giftast sér til að koma í veg fyrir að hún verði send frá Bandaríkjunum til föðurlands síns, Kanada, í kvikmyndinni The Proposal sem er á Stöð 2 Bíói kl. 16.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON RÝNIR Í KLISJUKENNDA EN SKEMMTILEGA MANNASIÐI

# *Styrkleikar og veikleikar kjötstykkis*

Mannasiðaþættir Gillz eru vel heppnaðir. Að hafa nýjan *rasshaus* til umfjöllunar í hverjum þætti var hárrétt ákvörðun og eykur fjölbreytnina. Þannig var athyglinni beint frá Agli sjálfum, sem er vel af sér vikið enda er erfitt að viðhalda ferskleika manns sem er jafn tíður gestur fjölmiðla og sá þykki.

Það sem gladdi mig fyrst var að sjá fordómaleysið í leikaravali, þó að hæfilegur skammtur af fordómum sé í rauninni rauði þráðurinn í gegnum þættina. Það er ekki síður gleðiefni að leikararnir, sem eru flestir í mjög háum gæðaflokki, voru ekki mótfallnir því að leika í þætti Egils. Enda virðist hann ekki deila meintu dálæti stéttarinnar á mjólkurblönduðum kaffidrykkjum og prjónuðum hlífðarfatnaði.

Ráðin sem Egill gefur eru flest almenns eðlis; hlutir sem fólk hlýtur að vita. Inni á milli eru svo klisjur sem eiga sér ekkert endilega stoð í raunveruleikanum, eins og til dæmis mýtan um vonda tengdapabbann. Það skiptir litlu máli því framsetningin er oftast stórskemmtileg og fyndin. Þá er grafík notuð á skemmtilegan hátt sem viðheldur athygli áhorfandans, sérstaklega ef efnið er ekkert stórkostlegt.



Veikleikar þáttarins felast í misheppnaðri leikstjórn á Agli sjálfum, þegar hann skýtur inn heilræðum og háðsglósum á milli atriða. Framburður hans er ekki nógu góður og hann einbeitir sér greinilega meira að því að vera töff á svipinn á meðan hann ráðleggur batnandi rasshausum í stað þess að koma hlutunum almennilega frá sér. Þetta hefði leikstjórinn, sem stendur sig að öðru leyti vel, auðveldlega getað komið í veg fyrir. Það er nefnilega hægt að leikstýra tilfinningalausa kjötstykkinu, sem sást berlega í vel útfærðu stefnumótaatriði með sjónvarpskokknum Rikku og gjörsamlega stórkostlegu atriði sem sýndi fólki hvernig framkvæma ætti mjög líkamlega krefjandi kynlífsstellingu.

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Tyrkjaránið** (3:3) (e)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (21:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (21:42)
**18.30 Gló magnaða** (21:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (42:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands** Verkefnið er samstarfsverkefni myndlistardúósins Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar og tónskáldsins Karólínu Eiríksdóttur. Libia og Ólafur fóru þess á leit við Karólínu að hún semdi tónverk þar sem allar greinar stjórnarskrárinnar, 81 að tölu, væru sungnar.
**23.00 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
**23.30 Kastljós**
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Proof**
**10.00 The Proposal**
**12.00 Mr. Bean**
**14.00 Proof**
**16.00 The Proposal**
**18.00 Mr. Bean**
**20.00 Definitely, Maybe**
**22.00 Surrogates**
**00.00 The Wind That Shakes the Barley**
**02.05 The U.S. vs. John Lennon**
**04.00 Surrogates**
**06.00 The Incredible Hulk**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (3:22)
**11.00 Cold Case** (5:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (16:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:12)
**13.25 Gossip Girl** (3:22)
**14.10 E.R.** (16:22)
**15.00 iCarly** (25:25)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (19:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (15:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (7:23)
**20.10 Gott að borða** Nýr matreiðsluþáttur þar sem Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff forsetafrú leitast við að vekja landsmenn til vitundar um mikilvægi heilnæms mataræðis. Í þessum fyrsta þætti kynna Solla og Dorrit sér lífræna ræktun og sjálfbærni.
**20.40 Pretty Little Liars** (14:22) Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**21.25 Grey's Anatomy** (13:22)
**22.10 Medium** (20:22)
**22.55 Nip/Tuck** (18:19)
**23.40 Sex and the City** (1:8)
**00.10 Mannasiðir Gillz**
**00.40 NCIS** (1:24)
**01.25 Fringe** (2:22)
**02.10 Life on Mars** (10:17)
**02.55 Kings of South Beach**
**04.40 Dracula 3: Legacy**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.00 Aris - Man. City** Útsending frá leik Aris Thessaloniki og Manchester City í Evrópudeild UEFA.
**16.45 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Barcelona** Bein útsending frá leik Arsenal og Barcelona í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri viðureign liðanna í 16-liða úrslitum.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**22.05 Meistaradeild Evrópu: Roma - Shakhtar Donetsk** Leikurinn er í beinni á Sport 3 kl. 19:30 í dag.
**23.55 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Barcelona**
**01.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Birmingham - Newcastle**
**16.30 Blackpool - Aston Villa** Útsending frá leik Blackpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Blackburn - Newcastle**.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**21.25 Rivellino** Í þessum mögnuðu þáttum eru fremstu knattspyrnumenn sögunnar kynntir til leiks og að þessu sinni er það hinn kynngimagnaði Rivellino sem verður í sviðsljósinu.
**21.55 Sunnudagsmessan**
**23.10 Fulham - Chelsea**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (114:175)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Dr. Phil** (115:175)
**18.10 Dyngjan** (1:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur. Þær munu loks afhjúpa hvað það er sem konur tala um í einrúmi, tengdamæður, karlmenn, barnauppeldi og framhjáhald svo eitthvað sé nefnt.
**19.00 Judging Amy** (11:22)
**19.45 Will & Grace** (17:22)
**20.10 Spjallið með Sölva - NÝTT** (1:16 .
**20.50 Blue Bloods** (3:22)
**21.40 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret - NÝTT** (1:6) Todd Margaret er send fyrir mistök á vegum stórfyrirtækis frá Bandaríkjunum til Bretlands til að selja orkudrykki.
**22.05 Rabbit Fall - NÝTT** (1:6)
**22.35 Jay Leno** (198:260)
**23.20 CSI. Miami** (19:24)
**00.00 Dyngjan** (1:12)
**00.10 The Cleaner** (1:13)
**01.00 Will & Grace** (17:22)
**01.20 Blue Bloods** (3:22)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**09.25 AT&T Pebble Beach** (2:4)
**13.15 Golfing World** (22:240)
**14.05 AT&T Pebble Beach** (2:4)
**17.05 The Open Championship Official Film 2010**
**18.00 Golfing World** (23:240)
**18.50 Inside the PGA Tour** (6:42)
**19.20 LPGA Highlights** (8:10)
**20.40 Champions Tour-Highlights**
**21.35 Inside the PGA Tour** (7:42)
**22.00 Golfing World** (23:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (6:45)
**23.45 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (22:240)
**00.50 Golfing World** (23:240)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (14:28)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (12:24)
**22.15 Chuck** (14:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**23.00 Burn Notice** (9:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda. Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.45 The Doctors**
**00.25 Falcon Crest** (14:28)
**01.15 Fréttir Stöðvar 2**
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Fróðleiksmolinn**
**18.45 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf. Stjórnendur: Hilda Jana Gísladóttir og Kristján Kristjánsson.
**Endursýnt á klukkustundar fresti til morguns**

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Lilja Alfreðsdóttir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.00 Íslands safari** Málamyndahjónabönd erlendra kvenna.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur láta sér fátt óviðkomandi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


Heilsusamleg húðhirðulína fyrir alla fjölskylduna

– engin óþörf aukaefni



ceridal®
Húðhirðulína

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Gott að borða

Nýr matreiðsluþáttur þar sem Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff forsetafrú leitast við að vekja landsmenn til vitundar um mikilvægi heilnæms mataræðis. Í fyrsta þættinum matreiða þær rétti úr grænmeti og heimsækja frumkvöðla í lífrænni framleiðslu og sjálfbærum búskap.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Ástir gömlu meistaranna: Franz Liszt **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Færeyjar út úr þokunni **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.50** EastEnders **11.20** Dalziel and Pascoe **12.10** Dalziel and Pascoe **13.00** Deal or No Deal **13.35** Whose Line Is It Anyway? **14.00** Whose Line Is It Anyway? **14.25** ‚Allo ‚Allo! **15.00** ‚Allo ‚Allo! **15.30** Doctor Who **16.20** Whose Line Is It Anyway? **16.45** Whose Line Is It Anyway? **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.25** ‚Allo ‚Allo! **19.00** ‚Allo ‚Allo! **19.30** Little Britain **20.00** Little Britain **20.30** Life on Mars **21.20** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.30** Grauballemanden **13.00** Vores Liv **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Skæg med bogstaver **15.53** Jeg er et dyr! **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Hævnens time **22.30** Onsdags Lotto **22.35** OBS **22.40** Lykke

## NRK 1

**09.00** Førkveld **09.40** VM alpint **10.50** VM alpint **12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Snøballkrigen **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** Skispor fra 1952 til 1982 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Våren med pappa **12.05** Att vara eller icke vara **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hallå Mumbai **15.30** Dansbanan i Täfteå **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Borgen **21.00** The Pacific **21.55** Simma lugnt, Larry! **22.25** Gynekologen i Askim **23.25** Minuten







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ef mig langar í sushi fer ég á Sushi Train. Svo finnst mér gott að fara á Saffran og fá mér pitsu með parmaskinku. Svo eru Gló og Fiskmarkaðurinn líka í uppáhaldi.“*

Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir textílhönnuður.

# Tilnefndar stjörnur fjarrverandi á Eddu

Edduverðlaunahátíðin fer fram í Gamla bíói á laugardaginn og verður eflaust mikið um dýrðir. Sá hængur hefur hins vegar vanalega verið á að leikarar eiga mjög erfitt með sækja hátíðina; þeir eru nefnilega oft staddir uppi á sviði leikhúsanna þegar verðlaunin eru kunngjörð. Það verður til að mynda ansi fámennt í flokknum leikkona ársins. Hreindís Ylva Garðarsdóttir, sem er tilnefnd fyrir leik sinn í Óróa, flýgur heim til Íslands frá Bretlandi þar sem hún er við nám en svo heppilega vildi til að vetrarfrí er í skólanum hennar um þessar mundir. Ólafía Hrönn ætti einnig að vera á svæðinu en hins vegar eru þær Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Nína Dögg Filippusdóttir uppteknar við að leika í Fjölskyldunni í Borgarleikhúsinu. Þá er allsendis óvíst um Lauren Hennessy sem er tilnefnd fyrir leik sinn í stuttmyndinni Clean.

Hið sama má segja um karlaflokkinn, þar eru ansi mikil forföll. Ólafur Egilsson, sem er tilnefndur fyrir Brim, og Ólafur Darri, sem tilnefndur er fyrir Rokland, geta ekki mætt og veitt sínum verðlaunum viðtöku ef svo fer að þeir bera sigur úr býtum. Þeir eru nefnilega uppteknir við leik í Íslandsklukkunni. Þá hefur ekkert heyrst um að Brian Cox hyggist sækja Edduverðlaunahátíðina heim en hann er tilnefndur fyrir The Good Heart. Þeir Atli Óskar Fjalarsson og Pétur Jóhann Sigfússon, sem eru tilnefndir í sama flokki, verða því hálf einmana í salnum.

Og það eru fleiri tilnefndir sem eru fjarverandi. Ingvar E. Sigurðsson getur ekki verið meðal gesta þótt hann sé tilnefndur fyrir leik sinn í Kóngavegi því hann er upptekinn við Íslandsklukkuna, sem og Edda Arnljótsdóttir.



**FJÖLSKYLDUMÁL** Nína Dögg Filippusdóttir kemst ekki á Edduna þar sem hún er að leika í Fjölskyldunni. Ingvar E. Sigurðsson verður einnig víðs fjarri.

# Syngur fyrir prins

Tónlistarkonan Ólöf Arnalds mun syngja fyrir Hákon, krónprins Noregs, áður en hann afhendir fyrstu Norrænu tónlistarverðlaunin á föstudaginn.

Athöfnin fer fram í menningarkirkjunni Jakob í Ósló og er hluti af tónlistarhátíðinni by:Larm sem hefst á morgun og lýkur á laugardag. Auk Ólafar munu Susanne Sundfør og Dungen flytja tónlist sína í kirkjunni. Allir þessir listamenn eru tilnefndir til tónlistarverðlaunanna. Alls eru tólf plötur tilnefndar þar á meðal verk Jónsa úr Sigur Rós og sænsku söngkonunnar Robyn.





**ÓLÖF ARNALDS** Ólöf syngur fyrir Hákon, krónprins Noregs, í Ósló á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alþjóðleg dómnefnd hefur lokaorðið varðandi valið á bestu norrænu plötunni. Áður höfðu blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen og fjórir norrænir kollegar hans tekið þátt í valinu með aðstoð tónlistarspekinga og verður Arnar Eggert einmitt viðstaddur athöfnina í Ósló.

## REBEKKA RAFNSDÓTTIR: MIKIL VINNA FRAM UNDAN

# Gerðu samning við Liberty

Verslunin Liberties í London hefur gert samning við hönnunarmerkið KALDA um sölu á nýrri línu þeirra. Liberty-verslunin var stofnuð árið 1875 og var valin besta verslunin í London árið 2010 af Time Out Magazine.

Systurnar Rebekka og Katrín Alda Rafnsdætur hanna saman undir heitinu KALDA og reka einnig verslunina Einveru á Laugavegi. Þær voru á meðal þeirra íslensku hönnuða sem tóku þátt í sölusýningunni CPH Vision sem haldin var í tengslum við tískuvikuna í Kaupmannahöfn í byrjun febrúar. Þó nokkrir kaupendur sýndu KALDA áhuga á sýningunni og í kjölfar hennar gerðu systurnar meðal annars samning við Liberty í London.

Rebekka segir það mikinn heiður að vera valin inn í verslunina enda sé hún þekkt fyrir að sérvelja aðeins hágæða tískufatnað til sölu. Á meðal þeirra merkja sem fást í versluninni eru Eto, Sonia Rykiel og Vivienne Westwood og bætist KALDA nú í þeirra hóp. „Það er mjög óalgengt að verslunin taki inn unga og óþekkta hönnuði og þetta er kannski sérstaklega skemmtilegt út af því. Það er auðvitað líka ótrúlega skemmtilegt að KALDA verði svo inni á milli allra þessa flottu hönnuða,“ segir Rebekka.

Hún segir samninginn skipta sköpum fyrir merkið og að hann verði vonandi til þess að styrkja það í framtíðinni. „Þetta breytir öllu fyrir okkur. Við verðum bæði sýnilegri auk þess sem þetta mun styrkja okkur sem fatamerki á allan hátt. Samningurinn sem við gerðum núna er um nýjustu línu okkar og svo er það í raun undir okkur komið að reyna að halda okkur þarna inni,“ útskýrir Rebekka.

Nýja línan ber heitið Rjúfland og lögðu systurnar mikla áherslu á fjölbreytileika og gæði við hönnun hennar og ber línan þess greinileg merki. Systurnar hyggja á frekari útrás og er Katrín Alda nú stödd í New York þar sem nýja línan verður sýnd á Rendez Vous-sölusýningunni um helgina. „Það er mikil vinna og spennandi tímar fram undan hjá okkur,“ segir Rebekka að lokum glaðlega. **- sm**





**KALDA**

Systurnar **Rebekka og Katrín Alda Rafnsdætur** eru á bak við fatamerkið KALDA. Þær reka einnig saman verslunina Einveru við Laugaveg og hafa nú fengið inni í versluninni Liberty. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN












# Bylgjan má ekki spila lögin

Tónlistarmaðurinn Jóhann G. Jóhannsson segir það ekki rétt hjá Pálma Guðmundssyni, framkvæmdastjóra dagskrársviðs 365 miðla, að Bylgjan geti spilað lögin hans þrátt fyrir að hann hafi bannað henni að gera það.

Pálmi sagði við Fréttablaðið í gær að Jóhann hefði leigt höfundarréttinn að sínum lögum til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (Stefs) og því gæti Bylgjan spilað lögin áfram. Jóhann segir þetta ekki rétt, hann hafi ekki leigt höfundarrétt sinn til Stefs. Fyrirtækið hafi eingöngu séð um innheimtu á Stef-greiðslum sínum. „Pálmi hefur greinilega ekki kynnt sér ákvæði varðandi sæmdarrétt höfundar,“ segir Jóhann. Þar á hann við að ef höfundur telur skaðlegt fyrir sig eða meiðandi að ákveðinn aðili noti hans efni getur hann komið því á framfæri við Stef og í framhaldinu er brugðist við því. Þetta segir í 2. málsgrein 4. greinar höfundarlaga: „Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.“

Jóhann segir að þrátt fyrir orð Pálma um að hlutfall íslenskrar tónlistar sé 40 prósent á degi hverjum á Bylgjunni sé gallinn sá að alltaf séu sömu lögin spiluð. Ofspilun sé stórt vandamál á stöðinni.

„Miðað við þau viðbrögð sem ég hef fengið við banninu, sem ég vona að Bylgjan virði, þá tel ég að bannið hafi verið tímabært,“ segir Jóhann og bætir við að yfir 1.600 manns hafi lýst yfir stuðningi við það á netinu. **- fb**



**JÓHANN G. JÓHANNSSON** Tónlistarmaðurinn vill ekki að Bylgjan spili lögin sín.



# Hvaða hópur hentar þér?

## Ný námskeið að hefjast

NÝTT!
### Árangur SEX
FYRIR KONUR
**Blanda af því nýjasta í þjálfun.**

Eftirbruni
Zamba
Activio/Zen-Kjarni
Þeytingur
HD Fitness
Mótun

NÝTT!
### TRX og Ketilbjölluþjálfun
**Hörkuþjálfun fyrir konur og karla.** Þjálfunarkerfi fyrir þá sem vilja komast upp á næsta stig í líkamsþjálfun.

### STS super átak FYRIR KONUR
**STS kerfið** (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur.

### FGF Fantagott form
**Æfingakerfi sem hefur slegið í gegn hjá okkur.** Hentar körlum og konum sem vilja áskoranir í líkamsrækt.

### Hot yoga
Æfingar sem styrkja og liðka allan líkamann og gerir þér kleift að komast dýpra í stöðurnar og ná auknum liðleika.

NÝTT!
### Árangur mömmur
**Fyrir mæður og börn allt að 9 mánaða.** Besta leiðin til að koma sér af stað aftur í þjálfun eftir barnsburð.

NÝTT!
### Body Control Pilates
Sameinar líkama og sál í áhrifaríkri þjálfun sem stuðlar að því að styrkja alla helstu vöðva líkamans án þess að stækka þá.

NÝTT!
### Meðgöngujóga
Áhrifaríkar æfingar sem hjálpa konum að halda sér í formi á meðgöngutímanum og ná sér fyrr eftir barnsburð.

### Hraðferð
Tækin sem koma þér í topp form! Meiri árangur á skemmri tíma en áður hefur þekkst.

### HD Fitness
Heitt djúpvöðva fitness - Rólegar, hnitmiðaðar æfingar í heitum sal með áherslu á styrkingu miðju líkamans. Aukin grunnbrennsla og vellíðan.

**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is**

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
Ókeypis lögfræðiráðgjöf á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00 í Háskólanum í Reykjavík
LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinsæl hamingja



Þættirnir Hamingjan sanna, sem eru byggðir á hugmynd **Ásdísar Olsen** og Karls Ágústs Úlfssonar, hefjast á Stöð 2 í mars. Þeir eru augljóslega margir sem vilja bæta líf sitt og finna hamingjuna þar sem á annað hundrað manns hafa sótt um að koma fram í þáttunum og fá þannig hjálp við leitina eilífu. Ásdís og félagar eru að vonum kát með viðbrögðin og vinna nú að því að fara yfir umsóknirnar, sem eru jafn misjafnar og þær eru margar. - afb

### Flytur og fer úr bæjarstjórn



**Hildur Dungal** mun láta af störfum sem bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi í apríl næstkomandi. Ástæðan er sú að hún er að flytja í Garðabæ en lögum samkvæmt verða sveitarstjórnarmenn að búa í sveitarfélögum sem þeir stýra.

„Þetta hefur ekkert með pólitíkina í Kópavogi að gera heldur eru þetta persónulegar ástæður," sagði Hildur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við erum að flytja í hús pabba míns sem vildi halda húsinu í fjölskyldunni, og það vill bara svo til að það er annars staðar en í Kópavogi. Þetta var tækifæri sem bauðst núna og við gátum ekki beðið þar til kjörtímabilinu lýkur," segir Hildur. - kh

### Mest lesið VISIR.IS

1. Hvatti Sigurjón til að senda lagið inn
2. „Hingað og ekki lengra"
3. Segjast hafa afhjúpað leyndarmál Coca-Cola
4. Bæta 200 milljónum við rekstur grunnskóla
5. Vigdís segir sig úr umhverfisnefnd – getur ekki unnið með Merði


Fréttablaðið er nú með 187% meiri lestur en Morgunblaðið.






Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.






**Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir:**

Í tilefni kínverska nýársins og 40 ára sambandsafmælis Íslands og Kína verður haldin einstök kung-fú sýning í Háskólabíói föstudaginn 18. febrúar kl. 19:00 í stóra salnum.

Bardagalistahópur frá Beijing Sport University og Chengdu Sport University sýna útfærslur ýmissa kínverskra bardagalista. Dr. Su Ge, sendiherra Kína á Íslandi, og Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, flytja ávarp.

Frábær skemmtun fyrir alla aldurshópa.

**Allir velkomnir og aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir.**

Upphitun fimmtudaginn 17. febrúar ...
nánar á www.konfusius.hi.is

CONFUCIUS INSTITUTE
北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

HEILSUDREKINN
Kínversk heilsulind

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
www.konfusius.hi.is | konfusius@hi.is